

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson skrifar um ofnæmi og meðferðir við því. 15



**MENNING** Magnús og Kristrún hjá Íslenska rokkbarnum leita að rokkaðasta húðflúri landsins. 34



**SPORT** Guðmundur Árni Ólafsson er genginn til liðs við Mors-Thy. Hornamaðurinn ætlar sér landsliðssæti. 28







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Priðjudagur**
28. maí 2013
123. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Kröfuhafar fái krónur

Á fundi um snjóhengjuvandann talaði Róbert Wessman, forstjóri Alvogen, fyrir því að setja þrotabú banka undir lög um gjaldþrotaskipti og taka þá úr slitameðferð. 12

**Hafna úrskurði** Forsvarsmenn hvalaskoðunarfyrirtækisins Gentle Giants ætla að kanna dómstólaleið vegna úrskurðar um fjölda farþega sem hafa má í slöngubáti. 2

**Íslendingur grunaður** Norskur útvarpsmaður var stunginn til bana með hnífi í veislutjaldi í Valle í Noregi þar sem fólk sat við drykkju. 6

**Deilt um veg** Enn er deilt um Álftanesveg og Gálgahraun. 8




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | | NA | 9 |
| Akureyri | 8° | | S | 8 |
| Egilsstaðir | 6° | | NA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 11° | | SA | 3 |
| Reykjavík | 10° | | SA | 4 |

**Rigning V-til** Víða fremur hægur vindur í dag. Úrkoma V-lands og N-til með morgninum en bjart SA-lands. Hiti 5-15 stig, hlýjast V-lands. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Bílar | Meindýravarnir | Fólk




# Kaupa allar eignir til baka á 1,9 milljarða

Vestmannaeyjar kaupa til baka allar eignir úr Eignarhaldsfélaginu Fasteign. Söluhagnaður vegna Hitaveitu Suðurnesja fjármagnar kaupin. Tap bæjarins er talsvert.

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Vestmannaeyjabær hefur ákveðið að kaupa til baka allar þær eignir sem bærinn leigir af Eignarhaldsfélaginu Fasteign (EFF). Áætlað kaupverð eignanna er um 1,9 milljarðar króna og verða kaupin fjármögnuð úr sjóði sem varð til með sölu bæjarins á sínum hlut í Hitaveitu Suðurnesja.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir þetta stærstu uppkaupin út úr EFF til þessa, en Vestmannaeyjar eru fyrsta sveitarfélagið sem fer út úr EFF með svo miklar eignir.

Með kaupunum verður gengið mikið á þann sjóð sem til varð eftir söluna á Hitaveitu Suðurnesja, en 3,6 milljarðar fengust fyrir tæplega sjö prósenta hlut bæjarins árið 2007. Eftir sem áður telur bæjarráð mikilvægt að losna út úr samningnum frá 2004, enda hafi þeir reynst bæjarfélaginu kostnaðarsamir. Þá keypti EFF átta fasteignir af Vestmannaeyjabæ, til dæmis félagsheimili, safnahús og skóla.

Elliði segir mjög dregið úr áhættu í rekstri bæjarins auk þess sem rekstrarkostnaður lækki, en ákvörðunin var tekin einróma í bæjarráði. „Niðurstaðan verður því sú að eftir að hafa greitt leigu fyrir 1.300 milljónir króna og afskrifað hlutafé okkar fyrir 181 milljón munum við þurfa að greiða um 1.900 milljónir til að losna út úr þessu. [...] Til langs tíma litið eru hagsmunir bæjarins hins vegar klárlega fólgnir í lægri skuldum og léttari rekstri," segir Elliði.

> **Sárt er að horfa á eftir megninu af sjóðum sem til urðu við sölu á Hitaveitu Suðurnesja og voru ætlaðir í samfélagsleg verkefni.**
>
> *Elliði Vignisson bæjarstjóri Í Vestmannaeyjum*

- shá / sjá síðu 4

Útskrifuð úr Juilliard:

## Strembið en skemmtilegt

**MENNING** **Ballettdansarinn Lilja Rúriksdóttir er fyrsti íslenski dansarinn til að útskrifast frá hinum virta listaskóla Juilliard í New York. Hún á að baki fjögur strembin en skemmtileg ár í skólanum og viðurkennir að miklar kröfur séu gerðar til nemenda í náminu.**



LILJA RÚRIKSDÓTTIR

**„Það var aldrei í boði að eiga slæman dag. Þeir vildu aðeins það besta frá okkur á hverjum degi. Álagið var extra mikið núna á lokaönninni og maður var eiginlega ekki viss hvort maður hefði þetta af," segir Lilja, sem ætlar að dansa í New York á næsta ári.**

- áp / sjá síðu 34



**SUMARBLÓMIN SETT NIÐUR** Það er yfirleitt í lok maí sem starfsfólk Skrúðgarða Reykjavíkur byrjar að setja niður sumarblómin í borginni. Ingibjörg og Einar Jakob mættu til vinnu í dag og dyttuðu að Hallargarðinum við Fríkirkjuveg 11. Sá verður örugglega blómlegur í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óvildarmaður fannst ekki:

## Telur að greitt sé fyrir rógburð

**STJÓRNMÁL** Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, telur einhvern hafa fjárhagslegan ávinning af því að rægja hana á netinu.



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Eftirgrennslan Vigdísar hjá Orkuveitu Reykjavíkur um hver Eiríkur Magnússon væri, sem segist vera verkfræðingur hjá OR og hefur látið hátt í athugasemdakerfum um Vigdísi, skilaði engu.

Vigdís telur að fyrst maðurinn finnst ekki sé um að ræða einhvern sem þiggi laun fyrir viðvikið, en hún telur að varla myndi nokkur annars leggja í þá vinnu að „elta stjórnmálamann" árum saman og skrifa um hann óhróður eins og í hennar tilfelli. - kk, shá






Iðnaðarráðherra fagnar stuðningi formanna stjórnarflokkanna við álver:

# Ráðherra vill álver í Helguvík

**STÓRIÐJA** Ragnheiður Elín Árnadóttir, nýr iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fagnar því mjög að forsætis- og fjármálaráðherra styðji uppbyggingu í Helguvík með afdráttarlausum hætti. Hún vill álver og kísilver á svæðið og segir fyrri ríkisstjórn hafa tafið fyrir málinu.

Í Helguvík er búið að smíða grind utan um álver en framkvæmdir liggja niðri, meðal annars vegna þess að ekki hafa náðst samningar milli orkufyrirtækja og Norðuráls um raforkukaup.

Í hádegisfréttum á Bylgjunni í gær sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra að skoðað yrði hvort Landsvirkjun gæti útvegað raforku til álversins í Helguvík, ef orkan fengist ekki annars staðar.

Hann segir mikilvægt að jákvæð viðhorf séu í garð þessara framkvæmda og um það sé samstaða milli stjórnarflokkanna. Málið sé afar mikilvægt fyrir Suðurnes og landið í heild.



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR

Nýr iðnaðar- og viðskiptaráðherra er frá Suðurnesjum og hefur lengi talað um mikilvægi uppbyggingar í Helguvík. Ragnheiður Elín hefur beðið starfsfólk ráðuneytisins um að kanna hvort hægt sé að gera sambærilegar ívilnanir í Helguvík og gerðar voru í samningum um álverið á Bakka. Einnig lætur hún skoða hvort mögulegt sé að starfrækja kísilver í Helguvík.

- kk




## SPURNING DAGSINS



Ásgeir, ertu kannski kominn í hring?

**„Nei, en ég er búinn að taka margar beygjur.“**

Ásgeir Jónsson hafði á sunnudag verið í fimm daga að ryðja veginn til Mjóafjarðar með snjóblásara og átti þá enn þriggja daga verk eftir. Ásgeir kveðst moka veginn eftir minni.

Nýtt aðalskipulag gerir ráð fyrir að flugvöllurinn hverfi úr Vatnsmýri:

# Flugvellinum lokað eftir áratug

**SKIPULAGSMÁL** Borgarstjórn Reykjavíkur ætlar að halda fast í áform um að tveimur af þremur flugbrautum Reykjavíkurflugvallar verði lokað á næstu þremur árum og vellinum síðan endanlega eftir áratug. Þetta kemur fram í nýju aðalskipulagi sem kynnt verður síðar í vikunni.

Vatnsmýri verður eitt af þremur svæðum sem gegna munu lykilhlutverki í þróun Reykjavíkur á næstu áratugum, segir í texta aðalskipulagsdraganna, en hin eru Elliðaárvogur og miðborgin og gamla höfnin.

Í skipulagsdrögunum er sýnt markmið um losun lands til uppbyggingar á næstu árum. Aðalflugbrautinni verður lokað árið 2016. Flugvallarstarfseminni verður endanlega hætt árið 2024.

Í sáttmála nýrrar ríkisstjórnar segir að framtíðarstaðsetning flugvallarins verði tryggð í nálægð við stjórnsýslu og aðra þjónustu. Ekki er þó tekin afstaða til skipulags Vatnsmýrar. **- kmu**



**BYGGINGARLAND** Samkvæmt aðalskipulagsdrögum á flugvöllurinn að vera farinn úr Vatnsmýri eftir áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verkefni í Finnlandi:

# Rækta skordýr til manneldis

**FINNLAND** Fjárfestar og matvælaiðnaðurinn í Finnlandi hafa mikinn áhuga á verkefni þar í landi um ræktun lirfa til manneldis. Lirfurnar eru prótínríkar og geta lifað á úrgangi sem annars yrði fleygt, að því er segir á fréttavef Svenska Dagbladet sem vitnar í finnska fjölmiðla.

Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna mælti með því fyrir nokkru að fleiri neyttu skordýra. Skordýr eru nú hluti af fæðu tveggja milljarða manna. **- ibs**



**STÆRSTI FÁNI Í HEIMI** Fáninn vegur fimm tonn og er 349 sinnum 227 metrar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stærsti fáni í heimi hefur verið saumaður og met staðfest:

# Rúmenar settu fánaheimsmet

**RÚMENÍA, AP Íbúar Clinceni í Rúmeníu breiddu úr stærsta fána í heimi í gær og settu um leið heimsmet. Dómari frá Heimsmetabók Guinness mældi og staðfesti heimsmetið.**

**Fáninn þekur 79.223 fermetra, svipað stórt landsvæði og ellefu fótboltavellir, og vegur heil fimm tonn. Íbúar bæjarins áttu í erfiðleikum með að halda fánanum við jörðina því vindhviður reyndu sífellt að feykja honum burt.**

**Líbanon átti heimsmetið áður en rúmenski fáninn, í bláu, gulu og rauðu, var saumaður.** **- bþh**

Samtök náttúruverndarfólks:

# Ósátt við ummæli ráðherra

**UMHVERFISMÁL** Landvernd ætlar að afhenda forsætisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra afrit af fjölmörgum umsögnum um rammaáætlun sem borist hafa Alþingi og ráðuneytum. Er þetta gert til að mótmæla nýlegum ummælum Sigmundar Davíðs um að fjöldi umsagna væri afleiðing betri upplýsingatækni og að megnið væri sama athugasemdin.

Formaður Landverndar segir ummælin hafa komið náttúruverndarsinnum í opna skjöldu. Því var boðað til afhendingarinnar við Stjórnarráðið klukkan 17 í dag. **- bþh**

Stjórn Ahmadinejads í Íran:

# Skerðir aðgengi að netsíðum

**ÍRAN, AP Stjórnvöld í Íran hafa takmarkað netumferð frá landinu í aðdraganda forsetakosninga 14. júní. Stjórn Mahmouds Ahmadinejad óttast áhrif samfélagsmiðla á skoðanir kjósenda.**

**Síðustu fjögur ár hefur netsamband Írana verið takmarkað og undanfarið hefur aðgengi að erlendum vefsíðum verið skert enn frekar. Í kjölfar forsetakjörs fyrir fjórum árum var netið öflugur miðill þeirra sem töldu ríkisstjórnina hafa svindlað í kosningunum. Síður Facebook, Twitter og Google sjást ekki í Íran.** **- bþh**

# Hafna úrskurði um farþega í slöngubáti

Innanríkisráðuneytið staðfesti ákvörðun Siglingastofnunar um að synja hvalaskoðunarfyrirtækinu Gentle Giants um fjölgun farþega slöngubáts um þriðjung og minni kröfur um flotbúninga. Þó er lagt fyrir stofnunina að breyta reglum sínum.

**ÖRYGGISMÁL** „Við munum að sjálfsögðu kanna dómstólaleiðina,“ segir Stefán Guðmundsson, framkvæmdastjóri hvalaskoðunarfyrirtækisins Gentle Giants sem fær ekki að fjölga farþegum á slöngubát sínum úr tólf í sextán.

Stefán segir Gentle Giants hafa notað RIB-bátinn Ömmu Siggu í tvö ár við hvalaskoðun á Húsavík. Viðlíka bátar eru í notkun í Vestmannaeyjum, Stykkishólmi og Ísafirði. Gentle Giants kærði ákvörðun Siglingastofnunar um að heimila ekki sextán farþega um borð í stað tólf og að mæla fyrir um að farþegar væru í einangrandi flotbúningum þegar sjór væri kaldastur, það er utan sumartímabilsins 1. júní til 30. september. Gentle Giants vildi að miðað yrði við tímabilið 15. apríl til og með 31. október í staðinn.

Siglingastofnun sagði það ekki geta talist vera „yfirdrifn krafa“ að farþegarnir klæddust einangrandi flotbúningum utan fyrrnefnds tímabils.

„Líkt og fram kemur í ákvörðun Siglingastofnunar er ástæðan fyrir þessari kröfu meðal annars sú að umræddir RIB-bátar nái miklum hraða og því sé mikil vindkæling, farþegar sitji í opnu rými undir berum himni, fríborð sé mjög lágt og meiri hætta á að farþegar geti fallið fyrir borð,“ segir í úrskurði innanríkisráðuneytisins.

„Við teljum að við höfum unnið sigur í þessu máli vegna þess að með bréfi frá ráðuneytinu til Siglingastofnunar eru skýr fyrirmæli um að stofnunin endurskoði sínar vinnureglur varðandi þessa báta,“ segir Stefán Guðmundsson. „Það er eins og ráðuneytið hafi viljað leyfa stofnuninni að halda andlitinu í kærumálinu sjálfu en sé að segja um leið að reglurnar virki ekki og fyrirskipi að endurskoða þær án tafar.“

Að sögn Stefáns er um úrslitaatriði að ræða fyrir þá sem reka RIB-bátana að fá umbeðnar tilslakanir. „Það er sjálfhætt fyrir okkur ef þetta verður endanleg niðurstaða,“ segir hann um áhrif takmarkananna sem settar voru á í byrjun mars. Notkun einangrandi flotbúninga sé gríðarleg kvöð vegna umstangs sem þeim fylgi.

„Það má líkja þessu við að farþegar í flugvélum þyrftu að spenna á sig fallhlíf um leið og þeir kæmu í vélina og prófa hana einu sinni í ferðinni og svo þyrfti flugfélagið að sjá um að henni væri pakkað saman og hún gerð klár í næstu ferð,“ segir Stefán, sem kveður framhald málsins algjörlega fara eftir viðbrögðum Siglingastofnunar á næstu dögum. **gar@frettabladid.is**

> **Það er eins og ráðuneytið hafi viljað leyfa stofnuninni að halda andlitinu í kærumálinu sjálfu.**
>
> *Stefán Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gentle Giants.*



**AMMA SIGGA** Hvalaskoðunarbátur Gentle Giants tekur 24 farþega, segir framkvæmdastjórinn, en farþegarnir mega aðeins vera tólf samkvæmt reglum Siglingastofnunar. MYND/GENTLE GIANTS




Ágreiningur á milli tveggja ráðuneyta um framtíðarskipan varnarmála:

# Staðan hamlar hagræðingu

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun hvetur forsætisráðuneytið til að finna lausn á ágreiningi milli utanríkisráðuneytis og innanríkisráðuneytis um stjórnsýslulegt forræði á verkefnum sem Varnarmálastofnun sinnti áður. Þetta kemur fram í frétt á vef Ríkisendurskoðunar. Þar kemur jafnframt fram að verkefni Varnarmálastofnunar hafi verið færð yfir til Landhelgisgæslunnar og ríkislögreglustjóra árið 2011 þegar Varnarmálastofnun var lögð niður.

Varnarmálastofnun heyrði undir utanríkisráðuneytið en stofnanirnar sem tóku við verkefnum hennar heyra undir innanríkisráðuneytið. Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að ætlunin hafi verið að flytja einnig stjórnsýslulegt forræði á verkefnunum til innanríkisráðuneytisins. Það hefur ekki enn verið gert og mun ástæðan meðal annars vera ágreiningur milli ráðuneytanna um framtíðarskipan varnarmála og að ekki eru í gildi formlegir samningar um verkefnin. Í skýrslunni kemur fram að þessi staða hamli því að sú hagræðing náist sem að var stefnt með niðurlagningu Varnarmálastofnunar. **- hó**




**RÁÐUNEYTIÐ** Innanríkisráðuneyti og utanríkisráðuneyti deila um stjórnsýslulegt forræði yfir verkefnum sem Varnarmálastofa sinnti áður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# GÓÐIR ÁRGANGAR Á GÓÐUM KJÖRUM

**Mikið úrval af gæðabílum á skynsamlegu verði.**



**MM Pajero** 3,2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 27.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:
**9.390.000,-**



**Skoda Superb** Combi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 130.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.290.000,-**



**VW Tiguan** Track&Sport
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 7.200 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**6.200.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4 AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 30.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.690.000,-**



**VW Passat** Highl Eco
Árgerð 2011, bensín/metan
Ekinn 146.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.390.000,-**



**MM Pajero** 3,2 Intense
Árgerð 2009, dísil
Ekinn 102.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.890.000,-**



**Audi Q7** 3,0TDi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 48.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**10.950.000,-**



**MM Outlander** 2,4 AT
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 133.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.450.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 29.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.450.000,-**



**VW Passat** Trendl
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 124.000 km,
Ásett verð:
**990.000,-**



**Porsche** Cayenne Turbo
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 71.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**8.500.000,-**



**Chevrolet Captiva**
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**6.390.000,-**



**Toyota** Avensisn Sol Wagon
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 61.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.590.000,-**



**Volvo S60** 2000 Turbo
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 122.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**1.790.000,-**



**Toyota RAV4** 2,0 GX
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 65.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.990.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 90
Árgerð 2001, bensín
Ekinn 157.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**1.380.000,-**



**Honda CR-V** Lifestyle
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 35.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.990.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

**GENGIÐ**
27.05.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,53 | 124,11 |
| Sterlingspund | 186,9 | 187,8 |
| Evra | 159,83 | 160,73 |
| Dönsk króna | 21,442 | 21,568 |
| Norsk króna | 21,181 | 21,305 |
| Sænsk króna | 18,592 | 18,7 |
| Japanskt jen | 1,2232 | 1,2304 |
| SDR | 184,61 | 185,71 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
218,0836

Minnihluti bæjarstjórnar Vestmannaeyja varaði sterklega við að gerast aðili að Fasteign hf. árið 2004:

# Endurkaupsverð lækkaði um 810 milljónir

**VESTMANNAEYJAR** „Oftast nær er gaman að hafa á réttu að standa en ég fullyrði að mér þykir það mjög miður að hafa haft á réttu að standa hvað Fasteign hf. varðar. Því miður þá fór sem fór,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar. Bærinn hefur ákveðið að kaupa til baka allar eignir sem runnu inn í Eignarhaldsfélagið Fasteign árið 2004 fyrir um 1,9 milljarða króna. Málið var umdeilt í bæjarstjórn þess tíma. Þáverandi meirihluti V-lista og Framsóknarflokks taldi hins vegar að leiðin í gegnum Fasteign hf. væri sú farsælasta fyrir Vestmannaeyjabæ.


ELLIÐI VIGNISSON

Í greinargerð meirihlutans frá árinu 2004 sagði að hagsmunum bæjarins væri betur komið með þátttöku í stórri rekstrareiningu en að standa sjálfur í fasteignarekstri. Fjárhagsleg staða bæjarins var þá slæm og breyttar forsendur með hruninu ófyrirséðar. Minnihlutinn vildi hins vegar fara aðra leið og varaði meðal annars við gengisáhættu.

Vestmannaeyjabær gerðist hluthafi í Fasteign, seldi eignir sínar og gerði leigusamning um þær. Það lætur nærri að á núverandi verðgildi hafi verið greiddir allt að 1.4 milljarðar í leigu. Nú er hlutaféð tapað og endurkaupin munu kosta 1,9 milljarða.

Fjárhagslegri endurskipulagningu á EFF lauk um áramótin. Leiga lækkaði verulega hjá sveitarfélögum við nýja leigusamninga, en þó mismikið eftir sveitarfélögum. Hjá Vestmannaeyjabæ fóru leigugreiðslur úr rúmum 300 milljónum niður í rúmar 115 milljónir. Með nýjum samningum náðist einnig veruleg breyting á endurkaupréttarákvæði á fasteignum sveitarfélaganna. Hjá Vestmannaeyjabæ lækkaði endurkaupsverðið úr rúmum 2.600 milljónum niður í tæpar 1.790 milljónir, eða um 810 milljónir. **- shá**

## Kristján Davíðsson látinn

Kristján Davíðsson listmálari er látinn á 96. aldursári.

Kristján fæddist á Patreksfirði 28. júlí 1917. Hann lærði við skóla myndlistarmannanna Finns Jónssonar og Jóhanns Briem og hélt svo utan til náms við Barnesstofnunina í Fíladelfíu í Bandaríkjunum á fimmta áratug síðustu aldar. Eftir heimkomu tók hann þátt í svokölluðum Septembersýningum í Reykjavík.



Kristján var einn virtasti listamaður þjóðarinnar um áratuga skeið. Hann var meðal annars fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum á níunda áratugnum og var sæmdur riddarakrossi fyrir framlag sitt til myndlistar árið 1998. Hann var elsti starfandi myndlistarmaður landsins þegar hann lést.

Kristján var kvæntur Svanhildi Mörtu Björnsdóttur og samtals áttu þau fjögur börn.

Hitaveitulögn á Akureyri lak:

## Lokað fyrir heita vatnið

**AKUREYRI** Taka þurfti heita vatnið af hluta miðbæjar Akureyrar og Innbæjar vegna óvæntra atvika við framkvæmdir á hitaveitubrunnum í gær en ekki í dag eins og til stóð.

Lögn gaf sig með þeim afleiðingum að sjóðheitt vatn fór að renna um vinnusvæðið og því ekki um annað að ræða en loka fyrir vatnið að því er kemur fram í tilkynningu frá Norðurorku.

Búist var við að heita vatnið kæmi á með kvöldinu. **- hó**

# Vopnaðir menn skutu 26 ára fréttakonu til bana í Sýrlandi

Setið var fyrir bifreið fréttateymis í Sýrlandi í gær. Fréttakona lést í árásinni og tveir aðstoðarmenn hennar særðust. Fréttafólk er í meiri hættu að mati mannréttindasamtaka. Stjórnarher Assads sækir í sig veðrið.

**SÝRLAND, AP** 26 ára gömul sýrlensk fréttakona lést og tveir starfsbræður hennar særðust í skotárás í Sýrlandi í gær. Fréttakonan var að fjalla um átökin í heimalandi sínu þegar þau urðu fyrir árásinni. Hún starfaði fyrir sýrlenska sjónvarpsstöð í ríkiseigu en stjórnvöld þar í landi segja uppreisnarmenn hafa staðið að árásinni.


YARA ABBAS

Fréttakonan Yara Abbas var að fjalla um árás sýrlenska stjórnarhersins og líbanskra Hezbolla-liða á Qusayr, hernaðarlega mikilvægan bæ við landamæri Sýrlands og Líbanon, þegar ráðist var á fréttateymið. Fréttir ríkisrekinnar sjónvarpsstöðvar herma að setið hafi verið fyrir þeim þegar þau óku inn á svæðið. Orrusta um þetta svæði í norðurhluta landsins hefur staðið í rúma viku og hefur stjórnarliðum orðið nokkuð ágengt gegn uppreisnarmönnum sem hafa ráðið yfir svæðinu.

Síðan styrjöldin hófst í Sýrlandi í mars 2011 hafa tugir frétta- og blaðafólks fallið. Alls hafa meira en 70.000 manns fallið í styrjöldinni, samkvæmt heimildum Sameinuðu þjóðanna. Þá virðist fréttafólk vera í síaukinni hættu á að vera rænt í Sýrlandi. Mannréttindasamtökin Amnesty International hafa jafnvel sagt að sérstaklega mikil hætta steðji að blaðamönnum frá báðum aðilum átakanna.

Í ágúst í fyrra var hópi sjónvarpsmanna rænt af uppreisnarmönnum og þeir síðar frelsaðir af stjórnarliðum. Í desember var bandarískur sjónvarpsmaður í haldi stjórnarliða en slapp eftir skotbardaga við ræningja sína. Þá hefur James Foley, bandarísks blaðamannsins á vegum franskrar fréttastofu, verið saknað síðan í haust, en síðast sást til hans í Sýrlandi.

birgirh@frettabladid.is


**STRÍÐSFANGAR** Stjórnarhermenn handjárnuðu og bundu fyrir augu þessara stríðsfanga í Qusayr í Sýrlandi.
NORDICPHOTOS/AFP

## Ósammála um framhald þvingana

Ríki Evrópusambandsins eiga erfitt með að komast að niðurstöðu um hvort slaka eigi á viðskiptaþvingunum gegn Sýrlandi svo að auðveldara verði fyrir uppreisnarmenn þar að útvega sér vopn. Bretar eru helstu talsmenn slökunar en hafa mætt harðri andstöðu annarra Evrópuþjóða, t.d. Austurríkis, sem segja aukið aðgengi að vopnum aðeins leiða til fleiri manndrápa. Þá hafa ríkin áhyggjur af orðspori Evrópusambandsins sem svo í friðarumleitunum verði slakað á þvingunum.

Sameiginlegt bann Evrópuríkja á sölu vopna til Sýrlands rennur út á föstudaginn. Utanríkisráðherrar ríkjanna hittust því í gær til að reyna að ná samkomulagi um áframhald bannsins, ella verður einstaka Evrópuríkjum frjálst að hegða sér að vild gagnvart Sýrlandi. Ekki sér fyrir endann á umræðunum og segir Guido Westerwelle, fulltrúi Þýskalands á fundinum í Brussel, að himinn og haf sé á milli andstæðra póla.


GUIDO WESTERWELLE




Við léttum þér lífið

Fastus ehf. býður upp á mikið úrval af stuðningshlífum frá Sporlastic. Sérhæft fagfólk á sviði endurhæfingar, hjúkrunar og hjálpartækja leggur metnað sinn í að finna lausnir og aðstoða við valið á réttu spelkunni fyrir þig.

SPORLASTIC ORTHOPAEDICS
FASTUS

Komið í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**NOKKUÐ MILT** Úrkomusamt um V-vert landið næstu daga. Nokkuð bjart SA-til í dag og á morgun en rigning á fimmtudag. Fremur hægur vindur að mestu og milt veður, hiti 5-15 stig. Hlýjast V-til í dag en NA-til á morgun.




**Á morgun**
Fremur hægur vindur.




**Fimmtudagur**
Að 13 m/s SV-til, annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 24° | Billund | 17° | Gautaborg | 19° | London | 13° | Orlando | 30° | San Francisco | 16° |
| Basel | 20° | Frankfurt | 20° | Kaupmannahöfn | 19° | Mallorca | 24° | Ósló | 21° | Stokkhólmur | 20° |
| Berlín | 15° | Friedrichshafen | 22° | Las Palmas | 22° | New York | 21° | París | 15° | | |

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Erum með mikið úrval af gæða flísum og parketi. Fagleg og persónuleg þjónusta.

GALLERY GÓLF

PARKET & FLÍSAR

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 www.gallerygolf.is. Opið alla virka daga 10 -18.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða vinsæla íslenska hljómsveit mun spila á Þjóðhátíð í Eyjum í fyrsta skipti í sumar?
**2.** Á topp hvaða fjalls komst Vilborg Arna Gissurardóttir síðasta laugardag?
**3.** Hvar á á landinu voru fimm metra háir snjóskaflar í síðastliðinni viku?

**SVÖR**
1. GusGus 2. Denali sem er einnig þekkt sem McKinley-fjall 3. Á Austfjörðum

Slitasjórn Kaupþings krefst 534 milljóna króna endurgreiðslu frá Kristjáni Arasyni:

# Fékk arðgreiðslu daginn fyrir eignatilfærslu

**DÓMSMÁL** Kristján Arason fékk greiddar 34 milljónir í arð vegna hlutabréfa í Kaupþingi daginn áður en samþykkt var að færa allar skuldir hans og hlutabréf yfir á eignarhaldsfélagið 7 Hægri.

Þetta er meðal þess sem kom fram í málflutningi lögmanns slitastjórnar Kaupþings fyrir Héraðsdómi Reykjaness í gær. Stjórnin stefndi Kristjáni og krefst þess að hann endurgreiði 534 milljónir króna sem hann fékk til hlutabréfakaupa. Þessu hafnar Kristján alfarið.

Kristján óskaði eftir því árið 2007 við Ingólf Helgason, þáverandi forstjóra Kaupþings, að færa bæði skuldir sínar og hlutabréf, tæplega 100 þúsund hluti í Kaupþingi, yfir á einkahlutafélagið. Dráttur varð á yfirfærslunni og að lokum leitaði Kristján til Hreiðars Más, sem þá var forstjóri bankans. Hann féllst á gjörninginn í janúar 2008.

Alls hagnaðist Kristján um 100 milljónir króna á hlutabréfunum eftir að hann hafði fært þau yfir á einkahlutafélagið, samkvæmt málflutningi slitastjórnarinnar.

Sjálfur sagði Kristján að hann hefði viljað færa skuldina og bréfin yfir á einkahlutafélagið vegna þess að hann vildi aðskilja verðbréfaviðskipti sín og heimilisbókhaldið. Einkahlutafélag Kristjáns fór í þrot árið 2010 en gerðar voru árangurslausar kröfur í félagið fyrir um tvo milljarða króna.

Lögmaður Kristjáns hafnaði því svo alfarið að Kristján hefði hagnast með ólögmætum hætti á verðbréfaeigninni. Hann hefði hagnast gífurlega hefði hann selt bréfin mánuði síðar. - vg




**KRISTJÁN ARASON** Vísar því á bug að hafa hagnast með ólögmætum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**OFURHUGI** Leifur Örn með Everest, hæsta fjall heims, í bakgrunni. AÐSEND MYND/LEIFUR ÖRN

Leifur Örn í búðum:

## Á undan áætlun niður fjallið

**FÓLK** Leifur Örn Svavarsson er á undan áætlun niður hlíðar Everestfjalls. Hann hefur þegar náð niður að neðri grunnbúðum. Samstarfsmenn hans hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum búast við því að Leifur verði kominn heim undir lok þessarar viku.

Leifur stóð á hæsta tindi veraldar þann 23. maí síðastliðinn við sólarupprás. Hann er fyrstur Íslendinga til þess að klífa norðurhlíð fjallsins, sem hefur almennt verið talin tæknilega erfiðari. - ósk

**visir.is**

Myndband af ferð Leifs upp fjallið má nálgast á visir.is.

Senda vélar og mannskap:

## ÍSOR starfar í Karíbahafi

**TÆKNI Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) skrifuðu nýlega undir samning um jarðhitaverkefni í Karíbahafi. Um er að ræða mælingar á vinnsluholum á Guadeloupe, sem er hluti af Litlu-Antillaeyjum. Til stendur að senda mælitæki, borholumælingabíl og sérfræðinga til eyjarinnar í byrjun sumars.** - shá




**AF FRÉTTAVEF VG** Veislutjaldið þar sem menn sátu að sumbli. Útvarpsmaðurinn Helge Dahle, sem lést af sárum sínum, er á myndinni til hægri.

# Íslendingur grunaður um morð í Noregi

Norskur útvarpsmaður lést eftir að hafa verið stunginn með hnífi í veislutjaldi í Valle þar sem gestir sátu að drykkju. Íslendingur var úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald. Aðalvitnið er norskur milljarðamæringur. Atburðarásin er enn óljós.

**NOREGUR** Íslendingurinn sem grunaður er um morð á norska útvarpsmanninum Helge Dahle í Sandnes í Valle í Noregi aðfaranótt sunnudags var í gær úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald. Verjandi Íslendingsins, Stein Kjetil Stallemo, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið í gær. Stallemo vildi ekki tjá sig um það hvort Íslendingurinn hefði játað að hafa stungið Dahle með hníf.

Á fréttavef Agderposten var í gær haft eftir stjórnanda rannsóknarinnar, Dag Hovden, að atburðarásin væri enn óljós. Menn hefðu setið að drykkju og reist veislutjald en ekki væri vitað hvort einhverjir hefðu séð þegar Dahle var stunginn. Hann lést á sjúkrahúsi snemma á sunnudagsmorgun.

Aðalvitnið í málinu er fjárfestirinn og milljarðamæringurinn Knut Axel Ugland. Hann segir í viðtali á fréttavef Agderposten að menn hafi skemmt sér vel á laugardagskvöld og að það hafi hinn myrti og hinn grunaði einnig gert.

Ugland segir að þegar „dramað“ hafi byrjað hafi hann hlaupið út. Þegar hann hafi komið inn hafi Dahle, sem var með meðvitund, legið á jörðinni í blóði sínu. Ugland kveðst hafa veitt hinum særða skyndihjálp.

Haft er eftir stjórnanda rannsóknarinnar að öngþveiti hafi verið á staðnum þegar lögreglan kom. Vegna þess hversu drukknir veislugestir voru hafi þeir átt erfitt með að greina frá því sem gerðist. Svo virðist sem þrír hafi deilt.

Samkvæmt frásögn á fréttavef Verdens Gang var Dahle stunginn þrisvar sinnum í bakið og einu sinni í brjóstið. Verdens Gang kveðst hafa heimildir fyrir því að




frásögn hins grunaða af atburðarásinni og vitnis beri ekki saman. Verdens Gang segir lögregluna ekki hafa viljað staðfesta þær upplýsingar.

Sýnilegir áverkar voru á hinum grunaða, sem Dag Hovden sagði í gær vera farinn að gera sér grein fyrir alvarleika málsins.

ibs@frettabladid.is

Rannsóknir í yfir 60 ár:

## Vorleiðangur Hafró hafinn

**NÁTTÚRA** Skip Hafrannsóknastofnunar, Bjarni Sæmundsson, er nú í árlegum vorleiðangri þar sem fylgst er með ástandi sjávar, næringarefnabúskap og gangi plöntu- og dýrasvifs umhverfis landið.

Mælingar á þessum þáttum að vori hafa verið gerðar árlega í yfir 60 ár og safnast hafa gríðarlega verðmætar tímaraðir af breytingum á vistfræði sjávar á þeim tíma.

Sýni eru tekin fyrir vöktun á geislavirkni í sjó umhverfis landið. Þá eru sett út rekdufl fyrir straumrannsóknaverkefni í samvinnu við Norðmenn, auk þess sem dýrasvifssýnum er safnað fyrir alþjóðlegt rannsóknaverkefni sem snýr að mælingu dýrasvifs á Norður Atlantshafi. - shá

Sést ekki á Íslandi:

## Drómasýki og bóluefni tengd

**HEILBRIGÐISMÁL Drómasýki hjá fullorðnum einstaklingum tengist bólusetningu með bóluefninu pandemrix í Finnlandi, segir í tilkynningu finnsku lýðheilsustöðvarinnar (THL). Í tilkynningu frá sóttvarnalækni segir að nýleg rannsókn þar í landi leiði í ljós rúmlega þrefalda hættu á drómasýki hjá einstaklingum á aldrinum 20-65 ára sem bólusettir voru með pandemrix á árunum 2009-2010.**

**Á Íslandi hafa ekki sést markverð tengsl á milli drómasýki og bólusetningar með bóluefninu pandemrix.**

**Áður höfðu borist óljósar fréttir um að hætta á drómasýki hefði aukist lítillega í fullorðnum eftir pandemrix-bólusetningu á sumum svæðum í Svíþjóð og Frakklandi en ekki öðrum Evrópulöndum.** - shá






MIÐASALA FER FRAM Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800
PÓSLISTAFORSALA SENU HEFST KL. 10 Í DAG. NÁNAR Á WWW.SENA.IS/FRANK

sena



ÞAÐ ÞARF FÓLK TIL AÐ VÍSA VEGINN

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

STAÐNÁM – FJARNÁM

UMSÓKNARFRESTUR TIL 3. JÚNÍ

Nánari upplýsingar: sími 525 4444 endurmenntun.is


## MÁLIÐ Í HNOTSKURN: VEGUR UM GÁLGAHRAUN

### SLYSATÍÐNI




Slysatíðni er skilgreind sem fjöldi slysa á milljón ekinna kílómetra.










### UMFERÐ UM ÁLFTANESVEG

Bílar á sólahring

# Deilt um Álftanesveg og Gálgahraun

**Fyrirhugaðar framkvæmdir við lagningu nýs Álftanesvegar, sem liggur að hluta í gegnum Gálgahraun, hafa valdið titringi. Íbúar vilja nýjan veg vegna slysahættu en andstæðingar vegarins gagnrýna framkvæmdina vegna náttúrusjónarmiða.**



**María Lilja Þrastardóttir**
maria@frettabladid.is

Miklar deilur standa nú yfir vegna fyrirhugaðra framkvæmda við lagningu nýs Álftanesvegar. Þar takast á náttúruverndarsjónarmið og hagur íbúa, meðal annars við Prýðahverfi. Helst standa deilurnar um þann hluta vegarins sem liggur um Gálgahraun.

Gálgahraunið á sér mikla og merkilega sögu auk þess sem þar eru fallegar hraunmyndanir. Hraunið er friðað að stórum hluta en óttast er að það tapi mikilvægu hlutverki sínu sem útivistarsvæði með lagningu hraðbrautarinnar þar í gegn.

Í dag eru um 950 íbúðir í nágrenni fyrirhugaðs vegar með um 2.800 íbúum. Garðabær hyggur hins vegar á mikla uppbyggingu á svæðinu á komandi árum. Í úttekt Garðabæjar og Vegagerðarinnar kemur fram að reiknað sé með að þegar fullbyggt verði á umferðarsviði Álftanesvegar verði þar á bilinu 3.000-5.000 íbúðir og íbúafjöldinn 8.000-13.000. Með þessu móti gæti umferð á Álftanesvegi orðið um 16.000-26.000 bílar á sólarhring. Ein forsenda nýja vegarins er að auðvelda umferð bíla frá Garðaholti, sem er svæðið sunnanmegin frá Álftanesi að Hafnarfirði.

Íbúar á svæðinu telja að óbreyttur sé vegurinn hættulegur. Mikið sé um slys á gamla veginum og því ekki óhætt fyrir börnin í Prýðahverfi að leika sér úti eftirlitslaust vegna umferðarinnar.

Andri Snær Magnason rithöfundur hefur bent á að til að slíkt gangi eftir þurfi að byggja annan veg, þvert á þann sem um ræðir. Slíkt hafi þó ekki verið kynnt. Vegurinn sem nú sé rætt um sé því aðeins upphafið að mun stærri framkvæmd yfirvalda í Garðabæ. Einnig hafa aðrir andstæðingar framkvæmdanna bent á að lítið hafi gengið eftir í áformum Garðabæjar við stækkun byggðarinnar. Uppbygging hafi ekki tekist sem skyldi og markmiðið um þéttleika byggðarinnar þyki ekki í neinum takti við raunverulegar þarfir sveitarfélagsins. Óraunhæft sé að leggja fjármuni í svo viðamikla framkvæmd þegar óljóst sé hvort stækkun byggðarinnar gangi eftir.

## Vegurinn verið til í umræðu frá 1985

**1972-1973** Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur skrifaði grein þar sem hann leggur áherslu á friðun hraunsins og að því verði ekki raskað með mannvirkjum.
**1975** Búrfellsgígur og Búrfellsgjá verða hluti af Reykjanesfólkvangi, fólkvangar eru friðlýstir.

**1985** Í aðalskipulagi er Álftanesvegur sýndur í legu sem er nálægt núverandi mynd.

**1995** Álftanesvegur í Garðahrauni fer í aðalskipulag Garðabæjar.
**1996** Gálgahraun sett á náttúruminjaskrá.
**1997** Í greinargerð er gert ráð fyrir að umferð á Álftanesvegi verði um 17.000 bílar á sólarhring á komandi árum. Spáin hefur ekki gengið eftir.

**2002** Nýtt umhverfismat unnið. Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir vegna framkvæmdanna.

**2004-2005** Nýtt aðalskipulag kynnt fyrir Garðabæ og Álftanes. Þau eru enn í gildi. Lóðum var fjölgað sunnan vegar og nýtt hverfi skipulagt norðan við. Fjölgun íbúða í fullbyggðu hverfi úr 30 í 88 þótti styðja flutning vegarins.

**2007** Skoðunarferð Hraunavina vegna fyrirhugaðra lóðaúthlutana. Dúktætlur og málningardósir Jóhannesar S. Kjarval frá því hann málaði Gálgaklett fundust.

**2009** Útboð Vegagerðarinnar við gerð nýs Álftanesvegar hefst. Landvernd leggst gegn hugmyndum Loftorku við framkvæmdina.

**2012** Kosið um sameiningu Álftaness og Garðabæjar. Mótmæli Hraunavina og annarra hefjast aftur.
**2013** Fyrirhugað er að framkvæmdir hefjist á þessu ári, innan fárra vikna. Ögmundur Jónasson, þáverandi innanríkisráðherra, sendi fulltrúum Garðabæjar og Vegagerðarinnar bréf og þrýsti á að framkvæmdin yrði gerð í samvinnu við Hraunavini og unnin út frá náttúrusjónarmiðum. Bréfinu var svarað og þótti ekki tilefni til að fara í nýtt umhverfismat.

1970 | 1980 | 1990 | 2000 | 2010










# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á garðyrkjubýlinu Brún hafa hjónin Birgir og Margrét ræktað kirsuberjatómata síðan árið 1999. Kirsuberjatómatar eru smærri en venjulegir tómatar en bragðsterkari. Hjónin hafa komist að því að skemmtileg leið til að njóta þeirra er að steikja með þeim fræ og valhnetur.

**- Kirsuberjatómatar Birgis og Margrétar með steiktum fræjum og valhnetum -**

// 400 g (2 box) kirsuberjatómatar // 2 msk. steinselja // 50 g sólblómafræ // 50 g graskersfræ // 50 g valhnetur // 1 msk. tamarisósa

Skerið tómata til helminga, saxið steinselju. Setjið sólblómafræ, graskersfræ og valhnetur í skál og blandið tamarissósu við. Hitið ofninn i 180°C. Gott er að setja smjörpappír á plötu og fræblönduna þar á. Bakið uns blandan fer að brúnast. Kælið og hrærið saman við tómata og steinselju. Ferskt, einfalt og svaka gott .



Finndu sumarjeppann á góðu verði

NOTAÐIR jeppar á sumarsölu í dag



**Ford Kuga Trend** (MHG15)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfsk.
Skráður 5/'11. Ek. 55.000 km.
Verð: 4.460.000 kr.
Afsláttur: 570.000 kr.
**Sumartilboð: 3.890.000 kr.**



**Ford Expl. XLT Sport** (ZGK29)
4,0i 214 hö bensín sjálfsk. 4x4
Skráður 11/'07. Ek. 76.000 km.
Verð: 3.280.000 kr.
Afsláttur: 590.000 kr.
**Sumartilboð: 2.690.000 kr.**



**Nissan X-Trail LE** (ANM99)
2,0Di 149 hö dísil sjálfsk.
Skráður 9/'07. Ek. 80.000 km.
Verð: 3.590.000 kr.
Afsláttur: 400.000 kr.
**Sumartilboð: 3.190.000 kr.**



**Volvo XC90 Sum. D5** (TJL91)
2,4D5 200 hö dísil sjálfsk.
Skráður 6/'12. Ek. 28.000 km.
Verð: 10.490.000 kr.
Afsláttur: 500.000 kr.
**Sumartilboð: 9.990.000 kr.**



**Suzuki Grand Vitara Lux** (UOS60)
2,7i 187 hö bensín sjálfsk.
Skráður 11/'07. Ek. 61.000 km.
Verð: 2.790.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.
**Sumartilboð: 2.490.000 kr.**



**Ford Escape Ltd. AWD** (JLJ27)
3,0i 200 hö bensín sjálfsk.
Skráður 3/'08. Ek. 90.000 km.
Verð: 2.990.000 kr.
Afsláttur: 500.000 kr.
**Sumartilboð: 2.490.000 kr.**

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
FINNDU SUMARBÍLINN ÞINN

notadir.brimborg.is

Söludeildir Brimborgar eru opnar virka daga frá kl. 9-17 og frá kl. 12-16 á laugardögum

LYKILL
Býður allt að 75% fjármögnun
www.lykill.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050


## Vilja bjarga menningarverðmætum




**MÓTMÆLT Í TYRKLANDI** Í brýnu sló milli óeirðalögreglu og mótmælenda í Istanbúl í Tyrklandi í gær. Þar héldu áfram mótmæli vegna fyrirætlana um að rífa sögufrægt kvikmyndahús, Emek-bíóið. Áætlanir um að reisa afþreyingar- og verslunarmiðstöð þar sem bíóið stendur nú hafa mætt verulegri andstöðu ytra. NORDICPHOTOS/AFP

Landspítali tekur þátt í alþjóðlegri rannsókn er varðar lyfjagjöf eldra fólks:

# Þróa og prófa nýjan hugbúnað

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn tekur þátt í umfangsmikilli alþjóðlegri rannsókn sem felur í sér þróun og prófun á nýjum hugbúnaði sem hefur fengið heitið SENATOR. Hugbúnaðurinn metur og gefur ráðleggingar um lyfjameðferð og aðrar meðferðarleiðir hjá eldra fólki, til dæmis hvort hægt sé að draga úr aukaverkunum lyfjameðferða.

Vísindastyrkur frá 7. rammaáætlun Evrópusambandsins er bakhjarl verkefnisins. Styrkupphæðin er jafnvirði tæplega eins milljarðs íslenskra króna.

Gagnsemi SENATOR-hugbúnaðarkerfisins verður metin í sex löndum í Evrópu. Í heild verða 1.800 sjúklingar þátttakendur í rannsókninni. Á þriggja ára tímabili verða 300 sjúklingar á Landspítala valdir til þátttöku. Áætlað er að verkefnið í heild taki fimm ár.

Auk Landspítala eru þátttakendur í SENATOR-rannsókninni háskólasjúkrahús í Cork, Madríd, Aberdeen, Ghent og Ancona. Meðal annarra samstarfsaðila er Háskóli Íslands. Aðalsteinn Guðmundsson öldrunarlæknir er aðalrannsakandi SENATOR á Landspítala. - shá



**Á FERÐINNI** Rannsóknin lýtur að því að bæta lyfjameðferð hjá eldra fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




VILTU BREYTA MATARÆÐINU
TIL BATNAÐAR Á EINFALDAN OG ÖFGALAUSAN HÁTT?

ÞRIÐJUDAGINN 4. JÚNÍ

INGA KRISTJÁNSDÓTTIR
næringarþerapisti D.E.T. kynnir hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið. Inga hefur haldið fjölda fyrirlestra um mataræði. Nálgunin er einföld, skýr og hentar öllum sem hafa áhuga á breyttum lífsháttum.

ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ!
Inga hefur haldið yfir 40 fyrirlestra um mataræði. Nálgunin er einföld, skýr og hentar öllum sem hafa áhuga á breyttum lífsháttum.

Hverju er hægt að skipta út, hvað kemur í staðinn
Munur á hollri og skaðlegri fitu
Hvernig skal losna við sykurþörf og þreytuköst

Nánari upplýsingar og skráning í síma 899 5020 eða á inga@inga.is

4.900,- KR. Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik
HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 18:30 – 21:00



Heilsuhúsið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-1279



# ERT ÞÚ AÐ KAUPA
## EÐA ENDURFJÁRMAGNA?

Arion banki býður nú tvær nýjar tegundir óverðtryggðra íbúðalána til fasteignakaupa eða endurfjármögnunar, til viðbótar við aðra kosti sem bjóðast hjá bankanum.

- Óverðtryggt íbúðalán með stýrivöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu álagi bankans.
- Óverðtryggt íbúðalán með föstum vöxtum til þriggja ára.

Óverðtryggð lán henta þeim sem vilja hraðari eignamyndun og hafa rýmri greiðslugetu.

Hafðu samband við fjármálaráðgjafa í næsta útibúi Arion banka eða á arionbanki.is til að fá nánari upplýsingar og aðstoð við að meta hvaða leið hentar þér best.

Arion banki

BRUGÐIST VIÐ SNJÓHENGJUVANDANUM




**SNJÓHENGJAN TIL UMRÆÐU** Már Guðmundsson, Róbert Wessman og Katrín Júlíusdóttir voru með framsögu á morgunfundi sem Vefpressan stóð fyrir í gær. Björn Ingi Hrafnsson stýrði fundinum. 365 FRÉTTIR/BÖDDI

## Bankar mega ekki fara í gjaldþrot

Slitameðferð fjármálafyrirtækja, sem bæði Kaupþing og Glitnir hafa sætt, er lýst í 101. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í 1. mgr. 101. gr. laganna segir: „Bú fjármálafyrirtækis verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.“ Í 2. mgr. segir: „Fjármálafyrirtæki skal tekið til slita.“ Ef breyta þyrfti lögum, sem er umdeilt meðal lögfræðinga, þyrfti að setja inn sérákvæði sem heimilaði hefðbundna gjaldþrotameðferð slíkra fyrirtækja. Í lögum um gjaldþrotaskipti kemur fram að skiptastjóri gæti hagsmuni kröfuhafa, en þeir eru réttir eigendur þrotabús. Þetta ákvæði ætti hins vegar ekki að standa í vegi fyrir því að kröfuhafar fengju kröfur sínar greiddar út í íslenskum krónum.









# Hagsmunir varðir með lagabreytingu

Koma mætti í veg fyrir að fjármálastöðugleika væri ógnað ef uppgjör þrotabúa Kaupþings banka og Glitnis færu fram í krónum.



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@365.is

Einföld breyting á lögum um fjármálafyrirtæki annars vegar og lögum um gjaldþrotaskipti hins vegar dygði til að knýja uppgjör þrotabúa Kaupþings banka og Glitnis í krónum. Með það fyrir augum væri hægt að verja fjármálastöðugleika í landinu.

Þetta kom fram á málstofu um snjóhengjuvandann svokallaða sem Vefpressan, útgáfufélag Eyjunnar, stóð fyrir í gær. „Íslenskt samfélag getur ekki sætt sig við að vera í hættu. (...) Við munum ganga eins langt og þarf,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, en hann var meðal framsögumanna. Vegna stöðu sinnar gat forsætisráðherra ekki lýst neinum beinum aðferðum við að ná þessum markmiðum og tók raunar fram í upphafi erindis síns að hann gæti í raun lítið gefið út. Meðal þeirra hugmynda sem voru reifaðar var að setja tímamörk á nauðasamninga föllnu bankanna, Kaupþings og Glitnis, þannig að ef ekki tækist að ljúka þeim í tæka tíð, t.d fyrir næstu áramót, yrði lögum breytt þannig að þrotabú þeirra færu í hefðbundið gjaldþrot og þau yrðu gerð upp í íslenskum krónum. Drög að nauðasamningum þessara banka lágu fyrir í nóvember sl. og óskuðu slitastjórnir þeirra eftir undanþágu frá Seðlabankanum. Hún fékkst ekki og því hefur uppgjör þeirra verið í pattstöðu í tæplega hálft ár.

### Neikvæður gjaldeyrisjöfnuður

Vandamálið sem íslenskt hagkerfi stendur frammi fyrir um þessar mundir er neikvæður gjaldeyrisjöfnuður. Það þýðir að Ísland framleiðir ekki nægan gjaldeyri til að standa undir afborgunum erlendra lána í bráð og lengd. Þetta kristallast best í aðfaraorðum seðlabankastjóra í nýrri skýrslu um fjármálastöðugleika þar sem hann segir: „Í sem stystu máli felst vandinn í því að miðað við óbreytt gengi nægir fyrirsjáanlegur undirliggjandi viðskiptaafgangur næstu ára ekki til að fjármagna samningsbundnar afborganir erlendra lána.“

Með því að setja þrotabú bankanna undir lög um gjaldþrotaskipti og úr slitameðferð þyrfti að gera þau upp í krónum, sem þýddi að skipta þyrfti erlendum gjaldeyri þeirra í krónur. Erlendur gjaldeyrir færi til Seðlabankans. Kröfuhafar búanna, erlendir vogunarsjóðir sem eignuðust kröfur sínar á hrakvirði, fengju því greitt í krónum. Þannig yrði gjaldeyrir eftir á Íslandi og íslenskir hagsmunir ofan á.

Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, segir að það hljómi ekki vel í sín eyru að setja lög eftir á um uppgjör á þessum búum. „Í fyrsta lagi er það þannig að það stingur mjög í augun ef löggjafarvaldið þarf að fara að skipta sér af framgangsmáta við skipti eða slit á þrotabúi. Það er mjög undarlegt ef það þarf að setja lög eftir á. Auðvitað á framgangsmátinn að fara eftir þeim lagaákvæðum sem eru í gildi. Það hljómar mjög tortryggilega ef það þarf að setja reglur afturvirkt. Ég tek hins vegar fram að ég hef ekki skoðað nákvæmlega hvaða hagsmunum verið væri að hreyfa við,“ segir Jón Steinar.

## ➜ Áhyggjur af meintri bótaskyldu

Í tveimur nýlegum stórum málum sem vörðuðu þjóðarhagsmuni var gert mikið úr meintri orðsporsáhættu annars vegar og hugsanlegri bótaskyldu ríkisins hins vegar. Hér er um að ræða áhrif neyðarlaganna haustið 2008, en bótaskylda vegna þeirra reyndist engin, og hugsanlega bótaskyldu íslenska ríkisins vegna Icesave. Engin slík bótaskylda var til staðar, þar sem íslenska ríkið bar enga ábyrgð vegna tilskipunar um innistæðutryggingar og mál vegna tilskipunar 94/19 vannst fyrir EFTA-dómstólnum, eins og frægt er orðið. Ef löggjafinn myndi grípa til þess ráðs að færa þrotabú föllnu bankanna undir hefðbundin gjaldþrotaskipti og greiða þeim kröfur út í krónum myndu hugsanlega vakna álitaefni um bótaskyldu. Þá þyrfti m.a að svara eftirfarandi spurningum:

**1.** Hvert væri tjón vogunarsjóðanna ef þeir keyptu kröfur sínar á afslætti?
**2.** Hvaða hafa þeir gert til að afstýra tjóni sínu?
**3.** Eru orsakatengsl á milli uppgjörs þrotabúa föllnu bankanna og tjóns þeirra? Svarið við öllum þremur spurningunum er óljóst. Hins vegar liggur fyrir að kröfuhafarnir þyrftu að sanna tjón sitt og orsakatengslin. Þá má velta fyrir sér hvort slíkt tjón myndi ekki raungerast fyrr en talsvert síðar, jafnvel nokkrum árum seinna, þ.e. þangað til eftir að vogunarsjóðirnir hafa fengið krónur afhentar fyrir erlendar eignir sínar og haldið þeim í einhvern tíma.



JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON



HELGI JÓHANNESSON

### Öllum eignum skipt í krónur

Helgi Jóhannesson hrl., sem hefur áratuga reynslu af skiptastjórn í þrotabúum, segist fljótt á litið telja að ekki sé endilega þörf á lagabreytingu. „Ef þetta færi í þrot, þá gæti skiptastjóri gert tvennt. Hann gæti tekið allar eignir þrotabúsins, breytt þeim í íslenskar krónur og úthlutað þannig. Eða hann getur gert frumvarp um úthlutun þar sem hann deilir eignunum eins og þær liggja núna á milli kröfuhafanna,“ segir Helgi. Hann segir að ef síðarnefndi kosturinn væri valinn þá blasi í raun við sama ástand og nú, kröfuhafarnir sitji fastir með eignir sínar í erlendri mynt inni í höftum. Fyrrnefndi kosturinn þýddi að kröfuhafarnir fengju íslenskar krónur sem þeir þyrftu að fjárfesta fyrir hér innanlands, eða eftir atvikum selja. Rætt hefur verið um réttmætar væntingar kröfuhafanna. Þessar réttmætu væntingar birtist í því að þeir þurfi ekki að sæta því eftir á að eignir þeirra í erlendri mynt séu greiddar út í krónum. Stærstur hluti kröfuhafanna eru hins vegar bandarískir vogunarsjóðir sem keyptu kröfurnar á hrakvirði, eða fyrir brot af nafnvirði.

# Vertu klár í sjósportið



Gul Shadow þurrgalli. Öndunargalli eins og þeir gerast bestir.
**64.900 kr.**





Blautgallar, hettur, hanskar, buxur og skór.

Barna- og unglingastærðir
**9.900 kr.**

Fullorðinsstærðir
**17.900 kr.**



Tvískiptur vinnuflotgalli
**49.900 kr.**



Freedive galli ásamt góðu úrvali fylgihluta

freedive Iceland

Kynnið ykkur allt um freeköfun á: www.freedive.is





Úrval björgunarvesta... einnig fyrir hundinn



Lífbátar fyrir skemmtibáta í tösku eða hylki, verð frá
**179.900 kr.**



Blöðrur, bretti og skíði, gott úrval



Vatnshelt hulstur og heyrnatól fyrir snjallsíma.



Valley Club sjókajak
**285.000 kr.**

**Minnum einnig á vörur fyrir göngugarpa og áhugafólk um fjalla- og klifursport**

# Islander

*Sit-On-Top*

**Kajakinn sem allir eru að tala um**
**219.900 kr.**







GG-Sjósport

Súðarvogi 42, 104 Reykjavík • sími: 571 1020 • www.ggsjosport.is

Framganga forsætisráðherra vekur hörð viðbrögð.

# Sigmundur og sundurlyndið

Önnur málsgrein í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar nýju hljóðar svo: „Ríkisstjórnin mun leitast við að virkja samtakamátt þjóðarinnar og vinna gegn því sundurlyndi og tortryggni sem einkennt hefur íslensk stjórnmál og umræðu í samfélaginu um nokkurt skeið.“ Hvað þetta þýðir í framkvæmd er frekar erfitt að ráða í en ekki er hægt að segja að forsætisráðherrann hafi farið á undan með góðu fordæmi þá fimm daga sem hann hefur verið í embætti.



Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is

Þykja yfirlýsingar hans um umhverfismál bera vott um fádæma hroka og lítilsvirðingu á sjónarmiðum umhverfisverndarsinna, og strax í dag verður efnt til mótmæla við Stjórnarráðið þar sem fulltrúar Landverndar munu afhenda forsætisráðherra og umhverfisráðherra umsagnir um rammaáætlun sem almenningur, stofnanir, sveitarfélög, samtök og félög hafa sent Alþingi og ráðuneytum. Þessi gjörningur er andsvar við þeim ummælum forsætisráðherra að umsagnir um rammaáætlun séu byggðar á fjöldapósti frá umhverfissinnum og því ekki marktækar. Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, segir í samtali við Vísi í gær augljóst að forsætisráðherra hafi kynnt sér málið illa og að ummæli hans séu mikill misskilningur. Hann voni þó að um byrjendamistök sé að ræða.

Umhverfisverndarsinnar eru ekki þeir einu sem Sigmundi Davíð hefur tekist að strjúka andhæris á þessari tæpu viku. Kvenréttindasinnar hafa gagnrýnt skort á konum á ráðherrastólum og þykir það svar ráðherrans að hæfileikar en ekki kyn hafi ráðið vali ráðherra heldur karlrembulegt. Það yfirklór hans að þegar tala ráðherra sé oddatala hljóti að halla á annað kynið vakti ekki sérstaka lukku heldur, enda eru framsóknarráðherrarnir fjórir sem var ekki oddatala, síðast þegar vitað var. Sigmundur Davíð virðist hins vegar ekki telja sjálfan sig með í ráðherrahópnum, sem vekur þá spurningu hvar hann telji sig þá standa. Forsætisráðherra er vissulega höfuð ríkisstjórnar en höfuð sem ekki er áfast búknum kemur væntanlega litlu í framkvæmd.

Femínistar hafa líka áhyggjur af fyrirhuguðum breytingum á stefnu í jafnréttismálum og óttast að með hinni almennt orðuðu klausu í stefnuyfirlýsingunni sé verið að boða niðurfellingu á kynjakvótanum sem þeir hafa lengi barist fyrir að yrði bundinn í lög. Öryrkjar eru ósáttir við það sem þeir telja svikin kosningaloforð um að allar skerðingar á lífeyri yrðu bættar upp. Skuldarar eru ekki ánægðir með hversu langan tíma á að taka að leiðrétta skuldir og svona mætti áfram telja. Það er því augljóst að hin boðaða vinna gegn sundurlyndi og tortryggni hefur ekki farið vel af stað, svo vægt sé til orða tekið. Sjálfsagt er að gefa ríkisstjórninni svigrúm til að koma sér fyrir í ráðuneytunum áður en farið verður að berja búsáhöld en þessi byrjun á ferli hennar gefur ekki sérstaka ástæðu til bjartsýni á framhaldið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MARKÞJÁLFUN

VILJI, VIT OG VISSA

Fyrir einstaklinga sem og metnaðarfulla stjórnendur!



JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Miðstýringarmaður

Bjarni Benediktsson fer með málefni Landsvirkjunar sem fjármálaráðherra. Hann sagði í gær að ef orkusölusamningar næðust ekki við aðra yrði skoðað hvort Landsvirkjun gæti útvegað orku til álversins í Helguvík. Bjarni tekur það reyndar sérstaklega fram að hann ætli ekki að stíga út fyrir þann faglega ramma sem Landsvirkjun er settur. Undanfarin ár hefur nefnilega verið unnið sérstaklega að því að tryggja sjálfstæði fyrirtækisins gagnvart stjórnvöldum. Þar eigi fjárhagsleg sjónarmið að ráða för en ekki pólitísk stefna. Bjarni veit vel að þótt hann skipi stjórninni ekki beint fyrir eru skilaboð af þessu tagi tilraun til stýringar. Miðstýringar.

### Hámarka hagnað

Stefna Landsvirkjunar er nefnilega býsna skýr. Fyrirtækið ætlar að bjóða samkeppnishæf kjör á raforku og það þýðir engan afslátt. Hún birtist skýrt í orðum Magnúsar Þórs Gylfasonar, upplýsingafulltrúa fyrirtækisins og fyrrum aðstoðarmanns Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra, í Fréttablaðinu: „Það er hlutverk fyrirtækisins að hámarka afraksturinn af þeim orkuauðlindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir.“ Það er því markaðurinn sem á að ráða, ekki vilji stjórnvalda. Nokkuð sem maður hefði haldið að rímaði vel við pólitík Bjarna Benediktssonar.



### Kvik orðainneign

Þjóðfélagsumræðan er oft þannig að við festumst í frösum, oft án þess að vita nákvæmlega hvað þeir þýða. Þannig höfum við öll ábyggilega rætt um snjóhengjuna alræmdu, en vitum ekki endilega fyrir hvað orðið stendur – jú, þetta tengist eitthvað peningum. Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur enda upplýst að þetta sé ekki rétta hugtakið, heldur eigi að kalla þetta „kvika peningaeign“. Þjált og kýrskýrt. Takk fyrir það, Már.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Orðsending til borgarstjórnar

SAMFÉLAG



**Auður Guðjónsdóttir**
stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands

Borgarstjórn til upprifjunar birti ég hér hluta fyrstu greinar reglugerðar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík:

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks er ætluð til afnota fyrir þá íbúa Reykjavíkur sem uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða: a) Hjólastólanotendur b) Blindir og geta eigi notað önnur farartæki c) Ófærir um að nota almenningsvagnaþjónustu vegna annarra langvarandi fötlunar og hafa ekki aðgang að eigin farartæki.

Þeir sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til ferðaþjónustu samkvæmt reglum þessum.

**➜ Að takmarka svo alvarlega aðgang fatlaðs fólks að sambærilegri opinberri þjónustu og ófatlaðir hafa óheftan aðgang að er óboðlegt og samrýmist ekki hugmyndum okkar Íslendinga um jafnrétti.**

### Fötluðum stillt upp við vegg

Það vekur furðu mína að samkvæmt lögum og reglugerðum skuli fatlað fólk í Reykjavík ekki hafa jafnan aðgang og ófatlað að almannasamgöngum. Þrátt fyrir að úrræðið sé til staðar, þ.e. ferðaþjónusta fatlaðra, er fötluðu fólki meinaður aðgangur að þjónustunni samkvæmt ofangreindum reglum ef það nýtur tólf þúsund króna bensínstyrks á mánuði og styrks til bifreiðakaupa á einhverra ára fresti. Undantekningar eru gerðar tímabundið ef fólk getur sannað með læknisvottorði og öðrum rökstuðningi að það þurfi nauðsynlega á þjónustunni að halda. Margt ófatlað fólk nýtir Strætó í fastar ferðir, s.s. í og úr vinnu eða í skóla, en notar einkabifreið sína í öðrum erindagjörðum. Slíkt val hefur fatlað fólk ekki. Annaðhvort þiggur það bensínstyrkinn og fær ekki aðgang að ferðaþjónustunni nema í undantekningartilfellum eða afþakkar styrkinn og fær þá úthlutað vissum ferðum í mánuði.

Að takmarka svo alvarlega aðgang fatlaðs fólks að sambærilegri opinberri þjónustu og ófatlaðir hafa óheftan aðgang að er óboðlegt og samrýmist ekki hugmyndum okkar Íslendinga um jafnrétti. Ég fer því vinsamlegast fram á það við borgarstjórn að hún nemi málsgreinina sem vitnað er í hér að ofan á brott úr reglugerð um ferðaþjónustu fatlaðra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Að bíða í ofnæmi



HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

Ég heyrði þennan frasa og stafarugl fyrst hjá vini mínum fyrir mörgum árum og er ákveðin kímni í honum, en þegar maður horfir til ofnæmis og þeirra einkenna sem einstaklingar glíma við er manni enginn hlátur í huga. Það að vera með ofnæmi, hvaða tegund sem það kann að vera, getur verið allt frá því að finna til minniháttar óþæginda við ákveðnar kringumstæður yfir í að glíma við lífshættulegan sjúkdóm.

Þegar við erum að ræða þessi atriði er ágætt að skilgreina á milli þess sem í daglegu tali kallast ofnæmi, eða á ensku allergy, og þess sem mætti kalla ofurnæmi eða hypersensitivity. Munurinn hér á milli er mikilvægur því ofurnæmi svokallað er flokkað í fjóra hópa, en ofnæmi tilheyrir þeim fyrsta. Undir hina flokkana falla ýmsir ónæmissjúkdómar eins og til dæmis liðagigt, skjaldkirtilssjúkdómar, taugasjúkdómar, húðsjúkdómar og þannig mætti lengi telja. Þessu liggja til grundvallar mismunandi viðbrögð, svörun og framleiðsla á mótefnum í ónæmiskerfinu. Flókið samspil margra þátta sem við meðal annars nýtum okkur við meðhöndlun sjúkdóma og í fyrirbyggjandi hætti eins og við bólusetningar.

**Bólguviðbragð og útbrot**

Ofnæmi byggir á því að ónæmiskerfi okkar bregst harkalega við áreiti sem er alla jafna meinlaust, eins og til dæmis frjókorn eða dýrahár. Þegar þessir svokölluðu ofnæmisvakar hitta fyrir einstakling sem er með ofnæmi ræsa þeir hratt upp sjálfkrafa minnisviðbragð í ákveðnum frumum í líkama viðkomandi sem losar úr læðingi efni sem kallast histamín auk annarra efna.

Þessi losun hefur í för með sér bólguviðbragð sem getur verið staðbundið í slímhúð í augum, nefi og lungum, sem eru algengustu staðirnir, en einnig er mögulegt að slíkt geti dreift sér um allan líkamann eins og t.d. við útbrot. Í svokölluðu bráðaofnæmi verður algert yfirskot af boðefnum sem valda lífshættulegum einkennum sem verður að bregðast við með hraði því viðkomandi getur látist fái hann ekki rétta meðferð.

Margvíslegir aðrir þættir geta valdið ofnæmi og keimlíkum einkennum eins og lýst er hér að ofan. Þar má nefna matartegundir eins og hnetur, fræ, egg, mjólk, fisk, kjöt, ávexti, grænmeti og margt fleira. Þá er vel þekkt að ryk, rykmaurar, sveppagró og ýmsir umhverfisþættir geta valdið ofnæmisviðbrögðum. Algengustu orsakirnar fyrir ofnæmi byggja þó líklega á frjókornum og dýrahárum.

**Margir möguleikar**

Greining á ofnæmi getur verið bæði einföld og flókin, þarna skilur dálítið á milli tegunda þeirra ofnæmisvaka sem valda einkennum einstaklinga. Í þessu skyni getur verið tiltölulega einfalt að greina frjókornaofnæmi þar sem einkenni eru ítrekuð, afmörkuð við ákveðinn árstíma og yfirleitt keimlík á milli einstaklinga þannig að oftast er þetta svokölluð „klínísk“ greining, sem þýðir að viðkomandi er ekki settur í nein sértæk próf eða rannsóknir. Hins vegar getur verið býsna flókið að finna orsakir sem eru ekki eins augljósar, og getur þurft yfirlegu yfir slíku og fleiri en eitt próf til þess að staðfesta greininguna. Þekkt er að húðpróf eru talin næmari en blóðrannsóknir, en mikil þróun hefur átt sér stað á þessu sviði undanfarin ár. Gott er að vita hvaða ofnæmisvalda er við að glíma því þannig er hægt að forðast þá eða draga úr einkennum markvisst og bæta líðan.

Í flestum tilvikum er um að ræða einkenni sem hægt er með góðu móti að meðhöndla, fyrirbyggja og þannig koma í veg fyrir að ræsingin verði jafn sterk og raun ber vitni. Þar eru einfaldari ofnæmislyf auðvitað til í mörgum gerðum og yfirleitt fáanleg án lyfseðils í öllum apótekum í formi taflna, mixtúru, augndropa eða nefúða. Þegar við aftur á móti eigum við alvarlegri form getur verið nauðsynlegt að nota ónæmisbælandi meðferðir eins og steralyf, púst, adrenalín og sértæk lyf. Í dag er einnig notast við svokallaða afnæmingarmeðferð, sem getur verið lífsbjargandi, t.d. vegna býflugna- eða geitungaofnæmis. Í slíkri meðferð, sem tekur að jafnaði mörg ár, er verið að gefa ofnæmisvaldinn í litlum skömmtum og venja líkamann við áreitið í þeim tilgangi að hann venjist eða bregðist ekki eins harkalega við. Möguleikarnir eru því býsna margir og þarf jafnan að greiningu og meðferð, en mottóið hlýtur að vera; Ekki bíða í ofnæmi! Láttu skoða þig.

> Margvíslegir aðrir þættir geta valdið ofnæmi og keimlíkum einkennum eins og lýst er hér að ofan. Þar má nefna matartegundir eins og hnetur, fræ, egg, mjólk, fisk, kjöt, ávexti, grænmeti og margt fleira. Þá er vel þekkt að ryk, rykmaurar, sveppagró og ýmsir umhverfisþættir geta valdið ofnæmisviðbrögðum. Algengustu orsakirnar fyrir ofnæmi byggja þó líklega á frjókornum og dýrahárum.

## AF NETINU

### Orka til álversins í Helguvík

Í hádegisfréttum kom fram að fjármálaráðherra telur koma til greina að fá Landsvirkjun til að selja álverinu í Helguvík orku.

Það virðist því eiga að beita ríkisfyrirtæki handafli þar sem álverið kemst ekki í gang nema raforka fáist á spottprís. Raforkuverðið sem álverið setur upp er svo lágt að óhugsandi er að nokkurt orkufyrirtæki gangi frjálst til slíkra samninga.

Fjármálaráðherra hefur áttað sig á þessu. Þá er bara að beita pólitískum þrýstingi á ríkisfyrirtæki, arður til almennings skiptir þar engu máli.

Nema Landsvirkjun verði seld með góðum afslætti til þeirra sem vilja gefa álverinu í Helguvík orku.

http://blog.pressan.is
*Inga Sigrún Atladóttir*

### Vér einir vitum

Þetta voru orð einvaldskonunganna forðum tíð þegar þeir tóku ákvarðanir. Þeir töldu sig hafa fengið völd sín frá Guði almáttugum og áttu land og þjóð. „Ríkið, það er ég“ sagði Frakkakonungur.

Hér á landi hljóma svipuð ummæli hjá landeigendum og þeirra fólki. „Landið, það er ég.“ „Öll rök hníga að því sem ég segi.“ Engin mótrök eru til. „Vér einir vitum“.

http://omarragnarsson.blog.is
*Ómar Ragnarsson*

Nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík til ársins 2030



Ljósmynd: Ragnar Th Sigurðsson

Haldinn verður kynningarfundur um tillögu að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarsal kl. 17.15-19.00 næstkomandi fimmtudag 30. maí. Um er að ræða lögboðinn kynningarfund.*

Á fundinum verða meginmarkmið tillögunnar kynnt, ásamt forsendum og umhverfismati.

Kynning þessi fer fram áður er tillagan verður tekin til afgreiðslu hjá borgaryfirvöldum.

Sjá nánari kynningargögn á adalskipulag.is og á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is

* Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. einnig 7. gr. laga nr. 105 um umhverfismat áætlana

Reykjavíkurborg
www.skipbygg.is

# Sama fyrirhyggjuleysi í umhverfismálum og í bankamálum?

UMHVERFISMÁL



**Orri Vigfússon**
formaður Verndarsjóðs villtra laxastofna í Norður-Atlantshafi, NASF

Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með fréttum af stjórnarmyndun og glæsilegu ungu fólki sem nú tekur við stjórnartaumunum. Vonandi tekst því betur til en síðustu samstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem var í reynd ófagleg, sinnti ekki eftirliti í banka- og peningamálum og kom efnahag þjóðarinnar á kaldan klaka.

Ég varð þó órólegur við nýjustu fréttir um hvernig stýra ætti umhverfismálum. Í þeim efnum er boðað sama fagleysi og eftirlitsleysi og áður ríkti í bankakerfinu. Sagt er að endurskoða skuli Rammaáætlun, sem samþykkt var á Alþingi í vetur, og að fylgja skuli hinni ópólitísku og faglegu niðurstöðu verkefnanefndar. Virkjanirnar í Neðri-Þjórsá eru þar fyrstar nefndar til sögunnar. Gallinn er sá að það er ekki rétt að verkefnanefnd hafi viljað virkja í Neðri-Þjórsá.

**Blákaldar staðreyndir**

Hið rétta er að hin faglega niðurstaða nefndarinnar var sú að áður en nokkuð yrði aðhafst í Neðri-Þjórsá þyrfti að sýna fram á að mannvirkin myndu ekki skaða fiskstofna í ánni. Fyrsta niðurstaða sérfræðinga frá þeim svæðum í Norður-Ameríku sem Landsvirkjun vísaði til var að framkvæmd samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar myndi skaða fiskstofnana um 81-89%. Því var það ákvörðun Alþingis að bíða niðurstöðu heildarrannsóknar sem yrði framkvæmd af óháðum aðilum. Að baki þeirri ákvörðun lágu meðal annars gögn sem lögð voru fram í hinu lögboðna athugasemdaferli frumvarps um Rammaáætlun. Ákvörðun þingsins byggist því ekki á pólitísku mati heldur á blákö ldum staðreyndum frá færustu sérfræðingum sem völ er á í áhrifum virkjana á göngustofna villtra fiska.

Auk náttúruverndarsjónarmiða ætti það að vera sérstakt áhyggjuefni stjórnmálamanna sem bera

**➜ Ég varð þó órólegur við nýjustu fréttir um hvernig stýra ætti umhverfismálum.**

virðingu fyrir eignaréttinum að fjöldi landeigenda á lögvarin einkaeignarréttindi í Þjórsá og vill alls ekki að virkjað sé í Neðri-Þjórsá. Það væri því bæði siðlaust og lagalega rangt að þjóðnýta eignarjarðir án þess að ræða við landeigendur. Ég skil þó vel að Landsvirkjun óttist óháða sérfræðinga og vilji bjóða einhliða bætur í samræmi við það sem varð raunin fyrir austan. En hagsmunir fyrirtækisins mega ekki ráða för þegar um þjóðarhag er að tefla.

Nýr forsætisráðherra hefur látið hafa eftir sér að Ísland eigi að vera í fararbroddi í umhverfisvernd á heimsvísu. Sú forysta fer fyrir lítið ef það verður fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar að brjóta öll grunngildi í umhverfismálum. Það er tæpast hægt að leggja á sama manninn að gera upp á milli, annars vegar hagsmuna landbúnaðar og sjávarútvegs og hins vegar hagsmuna umhverfismála.

# Sorglegt Evrópumet samkvæmt afleitu skipulagi

SKIPULAG



**Áshildur Haraldsdóttir**
flautuleikari

Hvergi í 46 löndum Evrópu er að finna hótel svo nálægt alþingishúsi eins og stefnt er að í Reykjavík, nái skipulag sem borgin hefur nú í kynningu fram að ganga.

Þar er farið fram á að hinu sögufræga Sjálfstæðishúsi (Nasa) verði fórnað til að rýma fyrir stóru og miklu hóteli sem mun teygja sig frá Ingólfstorgi að Kirkjustræti.

Hótel Borg stendur þegar óvenju nálægt þinghúsinu, í um 70 m fjarlægð í sátt og samlyndi. Hætt er við að það jafnvægi raskist með tilkomu nýja hótelsins en það mun þrengja að Alþingishúsi Íslendinga, og standa nær því (um 50 m) en dæmi eru til annars staðar í Evrópu samkvæmt Google Maps.

Það sem gerir þetta verra er að hótelið verður einnig afar nálægt Dómkirkjunni og mun skyggja á

**➜ Hótel Borg stendur þegar óvenju nálægt þinghúsinu, í um 70 m fjarlægð í sátt og samlyndi. Hætt er við að það jafnvægi raskist með tilkomu nýja hótelsins.**

vinsælasta samkomustað þjóðarinnar, hinn forna Austurvöll.

Þetta skipulagsslys mun skerða lífsgæði Reykvíkinga en einnig verða til ama fyrir markhópinn; ferðamenn sem sækja Reykjavík heim til að kynnast séríslenskri miðborgarstemningu en fyrirfinna í staðinn bragðlítinn ferðamannaiðnað og risahótel.

Ég skora á alla að senda mótmæli við þessari tillögu að deiliskipulagi á skipulag@reykjavik.is fyrir 30. maí.

## Fjarlægð frá alþingishúsi til nálægasta hótels- Evrópa




# Nýtt kennaranám

MENNTUN



**Anna Kristín Sigurðardóttir**
deildarforseti Kennaradeildar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Í Fréttablaðinu þann 24. maí sl. birtist pistill eftir Pawel Bartoszek um lengingu kennaranáms þar sem hann leggur til að það verði stytt aftur, m.a. til að auka aðsókn í námið.

Tillögur um lengingu kennaranáms hafa verið lengi í umræðu hér á landi, m.a. vegna þess að námið hefur verið styttra hér en víðast hvar í Evrópu. Sterk rök renna stoðum undir þá ákvörðun stjórnvalda að lengja grunnmenntun kennara sem lið í því að bæta íslenskt menntakerfi, einungis fáein eru dregin fram hér. Í fyrsta lagi hafa fjölmargar rannsóknarniðurstöður leitt í ljós að þekking og hæfni kennara er sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif á gæði skólastarfs. Í öðru lagi er lenging kennaranámsins nauðsynleg í ljósi þess hve flókið kennarastarfið er og samfélagslega mikilvægt. Krafa um aukinn árangur og betri menntun fyrir alla er eðlileg og verður áleitnari eftir því sem þekking vex á því hvað hefur áhrif á nám og hvað má gera til að stuðla að betri menntun. Auk þess að takast á við flókin og ögrandi viðfangsefni á hverjum degi eru kennarar leiðtogar; þeim er ætlað að þróa skólastarfið áfram, hver á sínu sviði. Í þriðja lagi má nefna samanburð við önnur lönd sem við lítum til sem fyrirmynda. Þar er kennaranám fjögur til fimm ár. Í Finnlandi er til að mynda krafist meistaragráðu og hefur verið svo í áratugi. Alkunna er hversu framarlega finnska menntakerfið stendur í alþjóðlegum samanburði.

**Áhrif á aðsóknina**

Aðsókn í kennaranám við Menntavísindasvið hefur hægt og sígandi dregist saman síðasta áratug og því langsótt að tengja það beint við lagabreytingar 2008. Minnkandi aðsókn hefur verið áhyggjuefni annars staðar á Norðurlöndunum ekki síður en hér, nema í Finnlandi þar sem kennaranám er ein af eftirsóttustu námsleiðunum.

Laun kennara eru lág hér á landi, á því leikur enginn vafi. Hins vegar er óljóst hversu mikil áhrif væntingar um laun að loknu námi hafa á starfsval. Þau eru án efa eitt af mörgum atriðum sem hafa áhrif ásamt viðfangsefnum, starfsumhverfinu og virðingu fyrir starfinu. Hér á landi velja sér fjölmargir nám, bæði grunn- og meistaranám, sem ekki gefur endilega fyrirheit um há laun og jafnvel alls ekki tryggingu fyrir starfi. Fyrsti hópurinn útskrifast úr nýju kennaranámi vorið 2014 og því er of snemmt að segja til um áhrif á laun.

Áður fyrr var algengt að fólk færi í kennaranám án þess að hafa

**➜ Það væri fráleitt að víkja frá þeirri stefnu að lengja kennaranámið.**

ætlað sér að verða kennarar. Kennaranámið hafði, og hefur enn, faglega breidd og fólk með þetta nám að baki hefur átt auðvelt með að fá vinnu við önnur störf en kennslu. Margir af brautskráðum kennurum hverfa til annarra starfa strax að loknu námi og auk þess leitar stór hópur kennara annars starfsvettvangs eftir eitt til tvö ár í kennslustarfi. Niðurstöður (TALIS) könnunar 2009 gáfu til kynna að þetta gæti verið allt að helmingur kennara. Nú eru margar námsleiðir í boði sem bjóða upp á sömu breidd. Þeir sem nú velja kennaranám eru ákveðnari en fyrri nemendahópar í að starfa við kennslu og munu því að öllum líkindum skila sér betur til starfa í skólum landsins.

Það væri fráleitt að víkja frá þeirri stefnu að lengja kennaranámið. Hún mun til lengri tíma litið efla og bæta íslenskt menntakerfi. Reynslan gefur ástæðu til að ætla að dvínandi aðsókn sé tímabundin, auk þess sem sterkari nemendur innritast í námið eftir lengingu þess, gagnstætt því sem haldið hefur verið fram. Kennarar eru sérfræðingar sem sinna einni af mikilvægustu grunnstoðum samfélagsins. Þar þarf að vera valinn maður í hverju rúmi.





# VERKIN TALA

## í tækni- og verkfræðideild HR

## 29. maí – 6. júní

**HÁDEGISKYNNINGAR Á RANNSÓKNARVERKEFNUM KENNARA 29. MAÍ – 6. JÚNÍ KL. 12:15 – 12:45 Í STOFU V102.**

Miðvikudaginn 29. maí
**Siðfræði í verkfræðivísindum**:
**Project Ethics Tool (PEM)**
HAUKUR INGI JÓNASSON

Fimmtudaginn 30. maí
**Raförvun á vöðvum þverlamaðra einstaklinga**
ÞÓRÐUR HELGASON

Föstudaginn 31. maí
**Er hætta á ferðum?**
**Áhættustjórnun og áreiðanleiki kerfa**
ÞORGEIR PÁLSSON og UNNUR ÞÓRLEIFSDÓTTIR

Mánudaginn 3. júní
**Brotið og bramlað – Rannsóknir á þoli byggingarefna**
EYÞÓR R. ÞÓRHALLSSON

Þriðjudaginn 4. júní
**Lofttóms-rafeindatækni – Eitt best geymda leyndarmál rafmagnsverkfræðinnar**
ÁGÚST VALFELLS

Miðvikudaginn 5. júní
**Umhverfisörvun og hröðun í íslenskum háhýsum**
JÓNAS ÞÓR SNÆBJÖRNSSON

**OPNAR MEISTARAVARNIR 6. JÚNÍ KL. 10–17:**

KL. 10:00

**Risk management in *Almenni* collective pension fund**
BIRGIR RAFN GUNNARSSON
MSc í fjármálaverkfræði
Leiðbeinendur: Haraldur Óskar Haraldsson og Svana Helen Björnsdóttir
Stofa: M208

**Performance Metrics in Air Traffic Management Systems**
HULDA ÁSTÞÓRSDÓTTIR
MSc í rekstrarfræði
Leiðbeinandi: Þorgeir Pálsson
Stofa: V102

**Y-balance test: Lower extremity kinematics and muscle recruitment pattern during the test among Icelandic elite football players**
THELMA DÖGG RAGNARSDÓTTIR
MSc í íþróttavísindum og þjálfun
Leiðbeinandi: Pétur Sigurðsson
Stofa: M209

KL. 11:00

**Göngugötur í miðbæjum. Laugavegur – Bankastræti – Skólavörðustígur.**
EVA ÞRASTARDÓTTIR
MSc í skipulagsfræði og samgöngum
Leiðbeinendur: Ásdís Hlökk Theodórsdóttir og Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Stofa: M105

**LNG as a ship fuel in Iceland**
GUÐRÚN JÓNA JÓNSDÓTTIR
MSc í framkvæmdastjórnun
Leiðbeinendur: Páll Jensson og Indriði S. Ríkharðsson
Stofa: V102

KL. 11:00

**Ending hálkusalts á vegum**
KRISTJÁN ÖRN SIGURÐARSON
MSc í byggingarverkfræði/umferð og skipulag
Leiðbeinendur: Skúli Þórðarson og Haraldur Sigþórsson
Stofa: M103

**Afleiðing meiðsla á líf knattspyrnumanna**
RAGNAR MAR SIGRÚNARSON
MSc í íþróttavísindum og þjálfun
Leiðbeinendur: Ásrún Matthíasdóttir og Hafrún Kristjánsdóttir
Stofa: M209

**Raw material selection and furnace operation for optimal energy efficiency and silicon yield in Ferro Silicon production**
HREFNA HALLGRÍMSDÓTTIR
MSc í vélaverkfræði
Leiðbeinandi: Guðrún A. Sævarsdóttir
Stofa: M208

KL. 13:00

***Áhrif þungatakmarkana á vegum – Kostnaðargreining helstu flutningaleiða***
ÁRNI SNÆR KRISTJÁNSSON
MSc í byggingarverkfræði/umferð og skipulag
Leiðbeinendur: Einar Pálsson og Haraldur Sigþórsson
Stofa: M103

**Real Options in Corporate Finance**
ELLEN BJARNADÓTTIR
MSc í fjármálaverkfræði
Leiðbeinandi: Sverrir Ólafsson
Stofa: M208

**The Impact of Demographics on Future Blood Supply and Demand in Iceland**
GUÐLAUG JÖKULSDÓTTIR
MSc í rekstrarverkfræði
Leiðbeinendur: Páll Jensson og Ólafur Eysteinn Sigurjónsson
Stofa: V102

KL. 13:00

**How Pitch Size and Coach´s Demands affect the Intensity in Small-Sided Games for Youth Football Players**
MILOS MILOJEVIC
MSc í íþróttavísindum og þjálfun
Leiðbeinandi: Pétur Sigurðsson
Stofa: M209

**Byggingargallar í nýbyggingum á Íslandi, könnun á tíðni og umfangi**
SIGURÐUR RÚNAR BIRGISSON
MSc í byggingarverkfræði/framkvæmdastjórnun
Leiðbeinendur: Björn Marteinsson og Jónas Þór Snæbjörnsson
Stofa: M105

KL. 14:00

**Borgarbúskapur í fjölbýlishúsagörðum**
ARNÞÓR TRYGGVASON
MSc í skipulagsfræði og samgöngum
Leiðbeinandi: Salvör Jónsdóttir
Stofa: M208

**Using Simulation to Predict Performance of Salmon Portioning Line**
JÓN KOLBEINN GUÐJÓNSSON
MSc í rekstrarverkfræði
Leiðbeinandi: Páll Jensson
Stofa: V102

KL. 15:00

**Frávik í skráningu og mati fasteigna, könnun á umfangi og áhrifum á fasteignaskatt**
ÁGÚST ÞÓR GUNNARSSON
MSc í framkvæmdastjórnun
Leiðbeinendur: Jónas Þór Snæbjörnsson og Þórður Ólafur Búason
Stofa: M208

KL. 15:00

**Stuðla svæðisáætlanir að minni urðun og aukinni endurnýtingu sveitarfélaga?**
ESTER ANNA ÁRMANNSDÓTTIR
MSc í skipulagsfræði og samgöngum
Leiðbeinandi: Ásdís Hlökk Theodórsdóttir
Stofa: M105

**Áhrif nýja Landspítala háskólasjúkrahússins á ferðamyndun og bílastæðamál**
KRISTINN JÓN EYSTEINSSON
MSc í skipulagsfræði og samgöngum
Leiðbeinandi: Haraldur Sigþórsson
Stofa: M103

**Effects of Exercise on Depression and Anxiety, a Comparison to Transdiagnostic Cognitive Behavioral Therapy**
KRISTÍN BIRNA ÓLAFSDÓTTIR
MSc í íþróttavísindum og þjálfun
Leiðbeinandi: Hafrún Kristjánsdóttir
Stofa: M209

KL. 16:00

**Landsskipulagsstefna, ferli og mótun**
EVA DÍS ÞÓRÐARDÓTTIR
MSc í skipulagsfræði og samgöngum
Leiðbeinandi: Salvör Jónsdóttir
Stofa: V102

**Translation of Controlling Coach Behavior Scale (CCBS) from English to Icelandic and Evaluation of Psychometric Properties of the Icelandic Version**
RAKEL LOGADÓTTIR
MSc í íþróttavísindum og þjálfun
Leiðbeinendur: Hafrún Kristjánsdóttir og Þórdís Gísladóttir
Stofa: M209

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

**ALLIR VELKOMNIR!**

hr.is

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**INGIRÍÐUR VILHJÁLMSDÓTTIR**



lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk laugardaginn 18. maí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 28. maí nk. kl. 13.00.

**Ásthildur Salbergsdóttir** **Friðrik F. Söebech**
**Vilhelmína Þ. Salbergsdóttir** **Jóhann G. Hálfdanarson**
**Karólína Árnadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

†

Okkar ástkæri

**GUNNAR PETERSEN**
**Mánatúni 6, Reykjavík,**



er lést 17. maí, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 29. maí klukkan 13.00. Þeim sem vilja minnast Gunnars er bent á líknarfélög.

**Dóra Scheving Petersen**
**Jóna Rún Gunnarsdóttir**
**Rut Petersen**
**Hannes Petersen**



†



Okkar yndislegu, ástkæru foreldrar, tengdaforeldrar, afi og amma,

**Alexander G. Þórsson**
**og Edda Sigurjónsdóttir**

verða jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 30. maí klukkan 13.00.

**Þórunn Alexandersdóttir** **Hjörleifur Harðarson**
**Hafdís Alexandersdóttir** **John Patrick Toohey**
**Sigurjón Alexandersson** **Signý Traustadóttir**
**og barnabörn.**

†

**JÓHANNES G. JÓHANNESSON**
**Nönnugötu 6,**



sem andaðist á heimili sínu 14. maí, verður jarðsunginn frá Áskirkju miðvikudaginn 29. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Kristniboðið eða Áskirkju.

**Petrína Kristín Steindórsdóttir**
**Sigþrúður Jóhannesdóttir** **Ólafur Bragason**
**Kristín Jóhannesdóttir** **Preben Hansen**
**Rósa Jóhannesdóttir** **Helgi Zimsen**
**Árni Andersen** **Sigríður M. Jónsdóttir**
**Rut Andersen** **Þorsteinn Gunnarsson**
**Steindór Andersen** **Hrefna Ársælsdóttir**
**Hólmfríður Jóhannesdóttir** **Stefán Eggertsson**
**Magnús Heimir Jóhannesson** **Margrét Baldursdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

†

Ástkær dóttir okkar, systir og barnabarn,

**HRAFNHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Birkigrund 40, Selfossi,**



lést á líknardeild LHS Kópavogi, sunnudaginn 19. maí. Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 30. maí kl. 15.00. Þeir sem vilja minnast hennar er bent á styrktarreikning 586-26-180392, kt. 030172-5669.

**Kristín Björk Jóhannsdóttir** **Guðmundur Björgvin Gylfason**
**Jóhann Gylfi Guðmundsson**
**Ragnheiður Björk Guðmundsdóttir**
**Viktoría Kristín Guðmundsdóttir**
**Jóhann V. Helgason** **Ragnheiður Jónsdóttir**
**Gylfi Sigurðsson** **Hrafnhildur Guðmundsdóttir**

*Fjölbreytt úrval legsteina*
*Frí áletrun og uppsetning*

Sjá nánar á granitholln.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Graníthöllin
Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði
www.granitholln.is
Sími 555 38 88

# Ættgarður Ásgeirs Trausta í Neskirkju

Steingrímur Þórhallsson, organisti í Neskirkju, hefur safnað saman bróður sínum og frændum til að koma fram á tónleikum í kirkjunni á fimmtudagskvöld.

„Hann er að minnsta kosti misfrægur,“ segir Steingrímur Þórhallsson, organisti í Neskirkju, sem stendur fyrir bræðra- og frændatónleikum í vesturbæjarkirkjunni á fimmtudagskvöldið næsta klukkan 20 um ættgarðinn sinn. Þeir sem fram koma eru náskyldir, Ásgeir Trausti og Þorsteinn Einarsson úr reggísveitinni Hjálmum, sem eru bræður eins og sjálfur organistinn og raftónlistarmaðurinn Einar Indra. Þessir fjórir eru bræðrasynir en einnig stígur á stokk tónlistarmaðurinn Þórir Georg sem er af næstu kynslóð. „Þetta er nánast eins og í laginu „Ég er afi minn“ með Ladda,“ grínast organistinn.

Á tónleikunum í Neskirkju verða meðal annars fluttar nýjar útgáfur af lögum fimmmenninganna sem Steingrímur hefur útsett sérstaklega, sum hver með kór og stúlknakór kirkjunnar. „Mig hefur lengi langað til að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd og við erum mjög ánægðir með að það hefur tekist,“ segir Steingrímur og viðurkennir að ekki hafi reynst sérstaklega auðvelt að finna hentugan tíma með Ásgeiri Trausta, sem nýtur mikilla vinsælda um þessar mundir og er meðal annars önnum kafinn við spilamennsku erlendis, til að láta tónleikana verða að veruleika. „En hann Ásgeir er ljúfur drengur og langar auðvitað til að kynnast ættingjum sínum eins vel og kostur er. Meðlimirnir í þessari fjölskyldu þekkjast ekkert allt of vel en eru að reyna að kynnast betur. Við ætlum í raun að skemmta sjálfum okkur og vonandi öðrum í leiðinni.“

Organistinn stóð fyrir svipuðum tónleikum með tónlistarmanninum KK fyrir tveimur árum og segir þá hafa tekist með afbrigðum vel. Aðspurður segir hann Gunnar Þórðarson vera næstan á óskalistanum. „Er ekki bara næst á dagskrá að hefja samningaviðræður við hann?“

kjartan@frettabladid.is



**STEINGRÍMUR ÞÓRHALLSSON** Organistinn í Neskirkju segir tónleikana öðrum þræði lið í að þjappa frændgarði sínum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu, dóttur og systur,

**GUÐRÚNAR KRISTJÁNSDÓTTUR**
**hjúkrunarfræðings.**



Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu í Reykjavík fyrir hlýju og umönnun á liðnum árum.

**Eggert Sigfússon**
**Sigríður Anna Eggertsdóttir** **Eirik Rönning-Andersen og börn**
**Karítas Eggertsdóttir** **Heiðar Einarsson og börn**
**Kristján Eggertsson** **Theresa Himmer**
**Emma Guðmundsdóttir**
**Karítas Kristjánsdóttir**
**Gunnar Kristjánsson**
**María Vigdís Kristjánsdóttir**

†

Elskulegur faðir minn, bróðir okkar, mágur og frændi,

**SKÚLI SKÚLASON**
**verkfræðingur**



lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 23. maí. Útförin fer fram frá Neskirkju í Reykjavík föstudaginn 31. maí kl. 13.00.

**Kristinn Pétur Skúlason**
**Jón Skúlason** **Hildigunnur Ólafsdóttir**
**Baldur Skúlason** **Kristín Jónasdóttir**
**Anna Skúladóttir** **Brynjólfur Mogensen**
**Sigurgísli Skúlason** **Kristín R. Úlfljótsdóttir**
**Arna Skúladóttir**
**Hrefna M. Skúladóttir** **Erik Fjelsted**
**K. Freyja Skúladóttir**
**og frændsystkini**

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR ÖRN GUÐMUNDSSON**
**lyfjafræðingur,**



sem andaðist 18. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju 28. maí kl. 13.00.

**Auður Inga Einarsdóttir**
**Árni Kristján Guðmundsson**
**Einar Örn Guðmundsson**
**Lilja Björk Guðmundsdóttir** **Brynjólfur Guðmundsson**
**og barnabörn.**

†

Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,

**HALLVEIG HANNESDÓTTIR**
**Kvisthaga 3, Reykjavík,**



lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni 24. maí. Útförin fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 30. maí kl. 13.

**Magnús Guðmundsson**
**Guðrún Magnúsdóttir**
**Gylfi Magnússon**
**Gauti Magnússon**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**PÁLÍNA ÞORVALDSDÓTTIR**
**Kjarrhólma 18, Kópavogi,**



lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt föstudagsins 24. maí.

**Rúnar Sigurbjörnsson**
**Guðbjörg Valdís Rasmussen** **Frank Rasmussen**
**Jónas Guðmundsson**
**Erla Guðmundsdóttir**
**Jóhanna Poulsen** **Heimir Brynjarsson**
**Hlífar S. Rúnarsson** **Halla Magnúsdóttir**
**Hlynur Svan Rúnarsson** **Guðbjörg Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Elskuleg móðir okkar, dóttir, systir, mágkona og frænka,

**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR HAMMER**
**Suðurhópi 10, Grindavík**



lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, miðvikudaginn 22. maí. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 31. maí kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á styrktarreikning barna hennar. Banki 0143-05-60656 kt. 150952-2209.

**Teitur Níelsson**
**Fríða Níelsdóttir**
**Jóna Níelsdóttir**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Sigurður Jónsson** **Arna Ýr Sæþórsdóttir**
**og börn.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## ÓDÝR SÓLGLERAUGU LÍKA GÓÐ

**Samkvæmt nýrri sænskri rannsókn verja ódýr sólgleraugu augun jafn vel gegn sólargeislum og þau dýru. Það er þess vegna í lagi að kaupa ódýr gleraugu á bensínstöð fyrir 1.000 kall í stað dýrra merkja sem kosta tugi þúsunda. Norskar rannsóknir hafa sýnt það sama, að því er NRK greinir frá.**

# LÍFRÆNAR SNYRTIVÖRUR SLÁ Í GEGN

**GENGUR VEL KYNNIR** *Fyrir rúmum mánuði komu á markað þýsku Benecos-snyrtivörurnar og margir kaupendur hafa endurnýjað í snyrtibuddunni þar sem verð er hagstætt, vörurnar lífrænt vottaðar og síðast en ekki síst góðar.*

Fólk er farið að átta sig á skaðlegum efnum í snyrtivörum og kýs hreinleikann. Húðin er stærsta líffærið okkar og allt sem fer á hana fer inn í blóðrásina og hefur áhrif á líkamsstarfsemina," segir Ásta Kjartansdóttir, sölufulltrúi Benecos hjá Gengur vel ehf. „Benecos snyrtivörurnar eru án allra parabena, paraffin, silíkons, peg og óæskilegra litar- og ilmefna. Naglalökkin eru eins hrein og hægt er, án þess að það komi niður á gæðunum. Þau eru án efnanna formaldehyd, toluen, camphor, phathalates og colophony en hægt er að fletta öllum þessum nöfnum upp á veraldarvefnum og lesa hversu óæskileg þessi efni eru fyrir líkamann."

**OFNÆMI OG ÓÞOL FYRIR SNYRTIVÖRUM ALGENGT**

„Margir fá alls kyns útbrot og húðvandamál við það að nota snyrtivörur og orsökin getur verið ýmis aukaefni, t.d mineral-olía, paraffin og petrolatum. Efni í petroleum myndar húð sem er lík plasti og stíflar eðlilega virkni húðarinnar. Í stað þess að hreinsa eiturefni úr húðinni safnast þau upp og geta valdið húðvandamálum og hægt á eðlilegri framleiðslu húðfrumanna. Ef olía fer í sjóinn er rokið upp til handa og fóta til að hreinsa hana til að koma í veg fyrir umhverfisslys. Af hverju ætti maður að bera slíkt efni á húðina?"

**SPENNANDI OG SMART!**

„Benecos-snyrtivörurnar bjóða upp á fjölbreytt úrval af förðunarvörum, ásamt húðvörum og sjampói, en hægt er að kíkja inn á www.gengurvel.is og skoða úrvalið. Ánægður viðskiptavinur sagði: „Það er ekki á hverjum degi sem maður finnur svona flotta vöru og kaupir sér naglakk, varalit og maskara og borgar fyrir þetta innan við 5 þúsund krónur. Maskarinn er frábær, heldur vel og veldur mér ekki augnpirringi."

Ásta segir að Benecos muni fyrst um sinn aðeins fást í Heilsuhúsunum sem eru á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi, Reykjanesbæ og Akureyri og verslunum Lifandi markaðar í Borgartúni, Faxafeni og Hæðarsmára. Svo er um að gera að setja „like„ á síðuna „Benecos-náttúruleg fegurð" á facebook, því getur fylgt heppni," segir Ásta.






**OFNÆMI** Margir fá alls kyns útbrot og húðvandamál af notkun snyrtivara.




Stærsta föndurverslun landsins
NÝ SENDING AF VIÐARPERLUM
Lengjur 395 kr. - 695 kr.
STÆRSTI PERLUBAR LANDSINS
NÝTT - ÓDÝRAR EN GLÆSILEGAR GLERPERLUR
VERÐ Á LENGJU FRÁ KR 295.-!!
Föndurlist
Holtagörðum, s. 553-1800
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-15
www.facebook.com/fondurlist



Er rakastigið of hátt?
Þurrktæki
Stjórnaðu rakastiginu,
dragðu úr líkum á myglusvepp
íshúsið
www.ishusid.is
S: 566 6000



praxis
... þegar þú vilt þægindi
Hafið samband og fáið sendan nýjan vörulista Praxis
Vatteraðir jakkar - 14.900 kr.
Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu
Einnig til á herrana.
Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is
Bonito ehf. • Praxis • Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • www.friendtex.is
Opið mán. – fös. kl. 11-17 • Lokað á laugardaginn



NÝTT
VERÐ FRÁ kr. 9.975.-
NÝTT
Heldur heitu í 4 tíma
GLÖS 18 teg.
iittala
Brúðkaupsgjafir
Tilvonandi brúðhjón verið velkomin að skrá óskalistann hjá okkur.
Öll brúðhjón fá gjöf og lenda í brúðhjónapotti.
Persónuleg og góð þjónusta
Tékk KRISTALL
www.tk.is
VERÐ FRÁ kr. 24.990.-
Fyrir 12 manns
14. tegundir
HITAFÖT
STELL 20 teg.
iittala
SKÁLAR, GLÖS & DISKAR
NÝTT
Laugavegi 178 • Sími: 568 9955 • Opið, virka daga 12 -18 & laugardaga 12 -16

-10% 60% -20% -10%

RÝMINGARSALA
VEGNA FLUTNINGA

-50% -90% -30


1 STK
Tungusófi verð 70.000 áður 196.900

Sýningareintök og útlitsgallaðar vörur
með allt að 90% afslætti
fyrstir koma fyrstir fá


1 STK
Sófasett 311 verð 139.000 áður 436.400

Fjarstýringa vasar verð 2.500 áður 5.200
Hornborð verð 15.970 áður 19.900
Speglar verð 5.000 áður 47.900
Heilsukoddar verð 2.900 áður 6.000
Baststólar verð frá 5.000 áður 25.000
Sjónvarpsskápar verð frá 23.640 áður 59.900

OPNUM KL.9

Opnum á nýjum stað í júní

Patti HÚSGÖGN

Verslun okkar er opin:
Virka daga kl.9-18
Laugardaga kl.11-16
Sunnudaga lokað

Patti verslun | Dugguvogi 2 | Sími: 557 9510 | vefsíða www.patti.is


# LÍKAMSRÆKTIN EYKUR LÍFSLÍKUR

***GÓÐ HREYFING** Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins verður á fimmtudag, en það er haldið til að minna fólk á mikilvægi hreyfingar. Rannsóknir sýna að hreyfing minnkar áhættuna á að fá krabbamein.*

Lára G. Sigurðardóttir, læknir hjá Krabbameinsfélagi Íslands, segir það meira en hundrað rannsóknir á tengslum milli líkamsræktar og ákveðinna tegunda krabbameina, flestar á brjóstakrabbameini, sýni að þeir sem stunda líkamsrækt séu í minni hættu á því að greinast en þeir sem hreyfa sig ekki. Hún hefur tekið saman nokkra áhugaverða punkta um hreyfingu og krabbamein.

Rannsókn frá Dana Farber-krabbameinsstofnuninni í Boston sýnir að líkamsrækt jók lífslíkur kvenna sem greindar voru með ristilkrabbamein á stigi I-III. Það sem var athyglisvert við rannsóknina er að ef konurnar byrjuðu að stunda líkamsrækt eftir að þær greindust með krabbein voru þær líklegri til að lifa lengur. Það skipti ekki máli hversu mikla líkamsrækt þær stunduðu áður. Það staðfestir að það er aldrei of seint að byrja að stunda líkamsrækt. Sterkar vísbendingar eru um að líkamsrækt sé verndandi fyrir krabbamein í ristli, brjóstum og þó nokkrar rannsóknir hafa einnig sýnt að líkamsrækt minnkar áhættuna á krabbameini í legi, lungum og blöðruhálskirtli.

Öll hreyfing kemur jafnvægi á hormónakerfið, minnkar bólguviðbrögð í líkamanum og örvar ónæmiskerfið. Hreyfingin örvar frumurnar í líkamanum til að verjast sjúkdómum, þar með talið krabbameinum. Tilraunarannsóknir sýna að endorfín virkjar drápsfrumur, en það eru frumur sem verja líkamann gegn krabbameinsmyndun. Endorfín er hormón sem veldur vellíðan og eykst við líkamsrækt.

### HREYFING OG HEILBRIGÐI

**Líkamsrækt:**

- Viðheldur heilbrigðum beinum, vöðvum og liðamótum.
- Minnkar áhættuna á háum blóðþrýstingi og sykursýki.
- Veldur vellíðan.
- Minnkar áhættuna á að látast úr hjartasjúkdómum.
- Lengir líf - fólk sem stundar líkamsrækt lifir að meðaltali lengur.

### HVE MIKIL LÍKAMSRÆKT?

Því meiri hreyfing, þeim mun meiri er



verndin, hvort sem ættarsaga er til staðar eða ekki.

Helst 20-30 mínútur, fimm daga vikunnar.

Alþjóðakrabbameinsstofnunin skiptir líkamsrækt í léttari og erfiðari æfingar. Dæmi:

**a)** Léttari æfingar í 30 mínútur að minnsta kosti 5 sinnum í viku, til dæmis göngutúr eða hjólatúr á jafnsléttu, jóga, heimaleikfimi, leika við börnin utandyra, garðvinna, tennis, golf, þvo og bóna bílinn.

**b)** Erfiðari æfingar í 20 mínútur að minnsta kosti 3 sinnum í viku, skokk eða hlaup, fjallganga, klifur, hjóla meira en 16km/klst, spinning, þrekstigi, fótbolti.

### RÁÐ WHO TIL AÐ AUKA LÍFSLÍKUR OG LÍFSGÆÐI

**1.** Vertu í eðlilegri þyngd BMI <25.
**2.** Stundaðu líkamsrækt á hverjum degi, 20-30 mín á dag.
**3.** Forðastu sykraða drykki og orkuríkt fæði.
**4.** Borðaðu nóg af grænmeti og ávöxtum, heilkorni og baunum.
**5.** Borðaðu lítið af rauðu kjöti og forðastu unnar kjötvörur.
**6.** Drekktu áfengi í hófi, helst ekkert.
**7.** Ekki reykja eða neyta tóbaks.
**8.** Saltaðu matinn lítið og forðastu myglað brauð og myglaðar baunir.
**9.** Reyndu að fá næringarþörfina úr fæðunni, ekki vítamíntöflum.

**elin@365.is**

**HEILSUHLAUP**
Krabbameinsfélag Íslands stendur fyrir heilsuhlaupi á fimmtudag kl. 19 og hefst það við hús félagsins í Skógarhlíð 8.

**HEILSAN**
Því meiri hreyfing, þeim mun meiri er verndin gegn því að fá krabbamein, hvort sem ættarsaga er til staðar eða ekki.


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



HÓTEL- OG MATVÆLA SKÓLINN

MATSVEINANÁM

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Hvað er í matinn?



Matsveinanám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa á fiski- og flutningaskipum og litlum mötuneytum

**Innritun stendur til 31. maí**

WWW.MK.IS
Nánari upplýsingar á www.cesarritz.is
og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

# MEINDÝRAVARNIR

ÞRIÐJUDAGUR **28. MAÍ 2013**

## Trygg og góð þjónusta

**Meindýravarnir MVE á Akureyri hafa sérhæft sig í þjónustu við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög.** **SÍÐA 2**

## Í fremstu röð

**Meindýravarnir Suðurlands reka verslun á Selfossi og sinna fjölbreyttri þjónustu á sviði meindýravarna fyrir heimili og fyrirtæki.** **SÍÐA 3**

## Heimilispöddurnar

**Híbýli fólks eru húsaskjól fyrir fleiri en mennina. Farið er yfir nokkra íbúa sem gera sig heimakomna í veggjum og skúmaskotum.** **SÍÐA 2**





Pöddur og smádýr gera sig gjarnan heimakomin í mannabústöðum.
NORDIC PHOTOS/GETTY

# HEIMILISPÖDDURNAR

**Híbýli fólks eru húsaskjól fyrir fleiri en mennina. Alls kyns smádýr gera sig heimakomin í skúmaskotum, veggjum og búrhillum. Á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna myndir og fróðleik um pöddur í húsum.**

## Blökkumaur – Lasius niger



Blökkumaur hefur fundist á Íslandi síðan árið 1994 en árlega síðan 2002. Hans hefur helst orðið vart á suðvestanverðu landinu. Hann er meðalstór maur, svartur að lit og gerir sig heimakominn í híbýlum fólks. Hann er algengasti maurinn í Evrópu og bú hans eru í veggjum, húsgrunnum og holum trjábolum. Mökunartími blökkumaura er síðsumars og þá eru þeir á ferli í miklum fjölda. Í hverju búi geta verið allt frá nokkur hundruð einstaklingum til um tíu þúsund. Blökkumaurinn er sólginn í saur blaðlúsa.

## Fatamölur – Tineola bisselliella



Fatamölur heldur sig í skúmaskotum, en hann er ljósfælinn og lætur lítið fyrir sér fara. Mölurinn verpir í dýrahár, skinn og gærur og drepst kvendýrið þegar öllum eggjaforða þess, allt að 100 eggjum, hefur verið verpt. Eggin klekjast út á viku við 25 gráðu hita en lægra hitastig hægir á klaktíma. Lirfan étur dýrahár en lætur gerviefni og bómull eiga sig. Hún gerir um sig hjúp og skríður svo úr púpunni eftir um það bil tvær vikur. Allt að fimm kynslóðir geta þroskast yfir árið við bestu skilyrði. Fatamölur er hinn mesti skaðvaldur á ullarflíkum, skinnum, pelsum, bólstruðum húsgögnum, vegg- og gólfteppum og getur gert stór göt ef hann fær frið til þess.

## Hrísrani – Sitophilus oryzae



Hrísrani lifir á hrísgrjónum, maís og annarri harðri kornvöru og finnst allt árið í híbýlum fólks. Kvendýrin naga holur í hrísgrjón og verpa eggjum þar. Lirfurnar éta grjónin innan frá og púpa sig svo inni í þeim. Þroskatíminn er um fimm vikur við 30 gráðu hita og á suðlægum slóðum er hrísrani mikill skaðvaldur í kornvöru. Bjöllurnar framleiða milli 300 til 400 egg á æviskeiðinu sem er um átta mánuðir. Hrísrani berst hingað til lands með sýktum kornvörupakkningum. Bjöllurnar eru fleygar og fljótar að dreifast frá sýktum pakkningum um matarbúr og eldhússkápa í leit að fæðu. Þó er tiltölulega auðvelt að uppræta hrísrana vegna þess hve sérhæfður hann er í matarvali.

*Heimild: www.ni.is*

## GREINING OG RÁÐGJÖF

**Hægt er að koma með pöddur og smádýr** til greiningar á Náttúrufræðistofnun Íslands en þar er haldið úti ráðgjafaþjónustu fyrir almenning og meindýraeyða vegna meindýra í húsum.

Koma má með sýni í afgreiðslu stofnunarinnar við Urriðastræti 6-8 í Garðabæ. Sérfræðingar greina hvað er á ferðinni og senda viðkomandi síðan niðurstöður með upplýsingum um lifnaðarhætti og skaðsemi dýranna og leiðbeiningar um aðgerðir sé þeirra þörf. Þjónustan kostar 2.000 krónur. Sjá www.ni.is

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigurður Helgi Grímsson, 512 5464, sigurdurhg@365.is
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Góð þjónusta í 20 ár

**Meindýravarnir MVE** á Akureyri hafa sérhæft sig í þjónustu við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. Þó að meginstarfsemin fari fram í Eyjafirði teygir þjónusta MVE sig um allt land.

Við veitum almenna meindýravarnarþjónustu en höfum lagt áherslu á fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. Þannig gerum við samning við þessa aðila og komum til þeirra með vissu millibili. Þá förum við yfir allan búnað og athugum hvort allt sé með felldu,“ segir Árni Sveinbjörnsson eigandi Meindýravarna MVE, en það er stytting á heitinu Meindýravarnir Eyjafjarðar. Sem dæmi um fyrirtæki sem MVE þjónustar má nefna flutninga- og fiskvinnslufyrirtæki, ferðaþjónustufyrirtæki, verslanir og önnur matvælafyrirtæki. „Við þjónustum mörg fyrirtæki sem hafa strangar reglur varðandi meindýravarnir en einnig erum við með önnur sem ekki þurfa að standast kröfur en vilja einfaldlega vera með sitt á hreinu,“ segir Árni og nefnir þar vélsmiðjur og skrifstofur.



Árni Sveinbjörnsson meindýraeyðir sinnir fyrirtækjum um land allt. MYND/AUÐUNN.COM

MVE gerir út frá Akureyri en Árni ferðast einnig mánaðarlega til Reykjavíkur, í Húnavatnssýslur og austur á land, en þar er hann með fyrirtæki í reglubundinni þjónustu. „Þá er ég einnig með menn í öðrum landshlutum sem geta gripið í verkefni þegar þau koma upp,“ segir hann.

Þjónusta við einstaklinga er einnig stór hluti af starfsemi MVE. Árni segir vandamálin fjölbreytt og breytast eftir árstíðum. „Algengustu vandamálin tengjast silfurskottum, hambjöllum og músum. Á þessum tíma árs er fólk að láta úða við flugum og köngulóm,“ upplýsir hann. En hvað er erfiðast að eiga við? „Mér finnst veggjalýsnar alltaf leiðinlegar. Erfiðast er að horfa upp á fólk lenda í þessu,“ segir Árni og bendir á að misjafnlega erfitt sé að eiga við meindýrin eftir ástandi húsnæðisins.

Árni hefur starfað sem meindýraeyðir í tuttugu ár og er því hlaðinn reynslu. Hann hefur sótt öll þau námskeið sem eru í boði og þannig viðað að sér vitneskju um málefnið. „Þá förum við einnig reglulega á sýningar erlendis til að bæta við þekkinguna,“ segir hann.

MVE selur einnig allan búnað til meindýravarna, sérstaklega flugnabana og perur í flugnabana, sem og búnað til nagdýravarna.

Þeir sem vilja komast í samband við Árna er bent á netfangið arni@mve.is og símanúmerin 462-4444 eða 899-1244.



# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 28. MAÍ 2013

**Reynsluakstur** Kia Carens
**Nýr Peugeot 308** á að keppa við Golf
**Stærði sig** af níðingsverki



FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/bilar

# MÝTUNNI UM RAFMAGNSBÍLA HNEKKT

**Þegar tvinn- og rafmagnsbílar komu fyrst á markað fóru úrtöluraddirnar um öll þau ætluðu vandamál sem þeim fylgdu af stað. Staðreyndin er aftur á móti sú að bílaframleiðendurnir hafa hnekkt þeim öllum síðan þá.**

Ein mýtan var sú að rafgeymar rafmagnsbílanna yrðu svo mengandi og slæmir fyrir náttúruna að þeir myndu slá við dekkjafjöllunum sem víða finnast. Bílaframleiðendurnir, með Toytota og Honda í fararbroddi, hafa hins vegar endurunnið alla þá rafgeyma sem hefur verið fargað og hafa sett upp fullkomnar verksmiðjur til þess arna í þeim heimsálfum sem bílarnir seljast í.

**85%**

**rafmagnsbíla sem Toyota framleiddi 2001-2003 eru enn í notkun og nær allir með sömu rafhlöðurnar.**

### Ótti um endingu

Önnur mýtan, og raunar sú útbreiddasta, var sú að rafhlöðurnar hefðu mjög lítinn endingartíma og ógnardýrt yrði að skipta þeim út fyrir nýjar. Staðreyndin er sú að yfir 85 prósent þeirra rafmagnsbíla sem Toyota framleiddi á árunum 2001 til 2003 og Honda frá 2000 til 2006 eru enn í notkun og nær allir með sömu rafhlöðurnar. Ef menn vilja skipta þeim út kostar það 2.000-2.500 dollara og uppgerð á þeim gömlu 1.400-1.875 dollara. Að auki ábyrgðist Honda sínar rafhlöður í átta ár, eða að 130.000 km akstri, og Toyota í átta ár, þ.e. að 160.000 km akstri. Síðar framlengdi Toyota ábyrgðina á Prius-bílnum í tíu ár og 240.000 km akstur.

### Hráefnaskortur og hátt verð

Það hefur komið bæði Toyota og Honda á óvart hversu löng endingin er á rafgeymunum sem voru framleiddir fyrir meira en áratug síðan og ekki hafa þeir versnað síðan þá. Margir Toyota Prius-bílar eru nú eknir 400.000 kílómetra á sömu rafhlöðunum og einn þeirra 600.000 km. Því má segja að þeirri mýtu hafi svo sannarlega verið hnekkt. Þriðja mýtan var sú að þegar litíum-jónarafhlöðurnar komu á markað árið 2009 myndu NiMH (Nickel-Metal-Hybrid)-rafhlöðurnar renna sitt skeið og ekki væri til nægt hráefni til hraðvaxandi framleiðslu litíum-jónarafhlaða. Það reyndist rangt. Litíum-jónarafhlöður eru 25% dýrari í framleiðslu en hefðbundnar NiMH-rafhlöður og framleiðsla á þeim er enn í miklum blóma og verður svo um hríð.

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast


**HONDA Civic 5dr sport.**
Árgerð 2012, ekinn 18 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 3.990 þ.**
Rnr. **125139**


**HÚSBÍLL !! MERCEDES-BENZ Lmc liberty a7405g**
Árgerð 2007, , ekinn 18 Þ.KM, dísel sjálfskiptur.
**Verð 16.490 þ.**
Rnr. **123233**


**TOYOTA Land cruiser 120VX.**
Árg 2008, ekinn 144 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur - ný tímareim - Webasto
**Verð 6.390 þ.**
Rnr. **220078**


**JEEP Grand CHEROKEE LAREDO 4x4.**
Árg 2008, ekinn 78 Þ.KM, bensín - sjálfskiptur - leður- lúga.
**Verð 2.950 þ.**
Rnr. **125116**

**Komdu og skráðu bílinn þinn frítt inn !!!**
**Einnig óskum við eftir ferðavögnum á skrá mikil eftirspurn**
**Erum á Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina**
**www.hofdabilar.is - hofdabilar@hofdabilar.is - s. 5774747**


Kia Carens er í flokki margnotabíla (Multi Purpose Van, MPV), en slíkir bílar hafa grínaktugt verið kallaðir strumpastrætóar.

# LJÚFUR FJÖLNOTABÍLL

## Kia Carens kemur nú af nýrri kynslóð sem alveg nýr bíll og fullkomnar röð Kia-bíla sem hafa hið einkennandi útlit Peter Schreyer, aðalhönnuðar Kia.

**KIA CARENS**

**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Með tilkomu nýs Kia Carens er Peter Schreyer, aðalhönnuður Kia, búinn að teikna upp á nýtt allar gerðir Kia og ekki er annað hægt að segja en honum hafi tekist afar vel upp. Nýr Kia Carens leysir ekki bara af eldri gerð Carens, heldur einnig Kia Sedona, sem var aðallega beint á Bandaríkjamarkað. Kia Carens er í flokki margnota bíla (Multi Purpose Van, MPV) en slíkir bílar hafa í gríni verið kallaðir strumpastrætóar. Þeir eru yfirleitt með þriðju sætaröðinni og taka flestir sjö farþega. Það á einnig við um þennan bíl. Fjórða kynslóð Kia Carens er nú komin á markað og guð hvað hann hefur fríkkað! Það verður seint sagt um forvera hans að þeir hafi verið fallegir. Þeir voru líklega allir á bilinu ljótir til forljótir. Nú eru breyttir tímar og það hefur tekist sem reynist svo mörgum hönnuðum erfitt: að teikna bíl með MPV-formi sem ekki er ljótur, þótt hann komist ekki nálægt Kia Optima í fegurð.

### Dugandi dísilvél sem hentar bílnum vel

Nýr Kia Carens er alveg nýr bíll, fær nýjan undirvagn og nýjar vélar. Hann er minni er forverinn en samt er hjólhafið lengra. Sá Carens sem seldur er hér á landi er með 1,7 lítra dísilvél, sem einnig má finna í Kia Optima. Þetta er afar vel heppnuð vél og svei mér þá ef hún gerir ekki bara betri hluti í Carens en Optima, annaðhvort vegna þess að Kia hefur bætt hana enn meira, eða vegna þess að Carens er léttari bíll en Optima. Hún gerir a.m.k. meira en að duga þessum bíl, hann er bara ári öflugur og fyrir vikið verður aksturinn ánægjulegri. Það er almennt ekki hægt að gera miklar kröfur um akstурseiginleika í MPV-bílum, en þeir koma þó á óvart í þessum bíl. Þó verður seint hægt að gera slíka bíla sportlega í akstri. Bíllinn undirstýrir aðeins, eins og búast mátti við. Hann er þó ferlega lipur og ljúfur í innanbæjarakstrinum og einn sá besti sem undirritaður hefur prófað af fjölnotabílum og keppir þar á jafnréttisgrundvelli við Ford C-Max. Reynsluakstursbíllinn var beinskiptur með sex gíra og gíraskiptingin reyndist ágæt. Þar sem mjög stutt er á milli gíra er ökumaður alltaf að hræra í gírunum og fyrsti gírinn er örstuttur. Beygjuradíusinn er góður og þar sem Carens er ekki svo stór bíll, þrátt fyrir að vera fjölnotabíll, stendur hann sig vel í borgarumferðinni. Ekki skaðar að hann er með stórar hurðir og aðgengi því gott í aftari raðirnar.

### Sjö manna þótt nettur sé

Að innan er Carens allur breyttur til batnaðar og þó svo hönnunin sé einföld og án íburðar er notagildið gott. Innréttingin er greinilega vel smíðuð en efnisvalið einkennist þó nokkuð af hörðu plasti. Það er kannski ágætt í ljósi þess hvernig svona bílar eru notaðir, mest af fjölmennum fjölskyldum og þannig bílar eiga að standast vægðarlausan umgang smáfólksins. Ágætur snertiskjár setur flottan svip á mælaborðið. Miðjusætaröðin er á sleðum sem er mikill kostur því ef þar eru fullorðnir má færa hana aftur, en ef mikið af smáfólki er í bílnum má auka fótarýmið í öftustu röðinni fyrir meira af smáfólki. Aftasta röðin er niðurfellanleg og hún fellur svo neðarlega að gólfið í flutningsrýminu verður alveg flatt og þá skapast líka heilmikið pláss fyrir farangur, enda skottið þá orðið tæpir 500 lítar. Það var aldeilis reynt í langri ferð út á land og heilt reiðhjól var sett ofan á allan farangur 5 farþega, sem reyndist auðvelt ef hjól þess voru tekin af.

### Sterkur keppinautur í flokki fjölnotabíla

Kia Carens er velkominn í sinn flokk og keppir við bíla eins og Ford C-Max, Toyota Verso, Peugeot 3008 og 5008. Hér er kominn sterkur keppnautur sem vert er að skoða fyrir barnmargar fjölskyldur eða bara hvern þann sem vill hafa þann möguleika að taka marga farþega. Nýr Carens er eyðslugrannur bíll með mjög góðri vél og þar sem hann er greinilega vel smíðaður má búast við ódýrum rekstri hans í heild og ef eitthvað klikkar er gott að vita af því að hann er með sjö ára ábyrgð eins og allir aðrir Kia-bílar.




BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins **Finnur Thorlacius** finnurth@365.is
Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Auglýsingar Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbirgir@365.is Sími 5125432
Hönnun Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is
FORMÚLA 1 Vísir.is



## KIA CARENS

1,7 DÍSILVÉL MEÐ FORÞJÖPPU,
136 HESTÖFL
Framhjóladrif
**Eyðsla:** 5,1 l./100 km í blönduðum akstri
**Mengun:** 132 g/km $CO_2$

**Hröðun:** 10,4 sek.
**Hámarkshraði:** 191 km/klst.
**Verð:** 4.990.777 kr.
**Umboð:** Askja

- Öftustu sæti bara fyrir börn
- Stutt á milli gíra

- Mikið notagildi
- Góð vél
- Vel smíðaður















**GOTT NOTAGILDI**
Að innan er Carens allur breyttur til batnaðar.

**FLUTNINGSRÝMIÐ**
Skottið er tæpir 500 lítrar þegar aftasta röðin er felld niður.



# Nýr Peugeot 308 á að keppa við Golf

Franski bílasmiðurinn Peugeot telur ástæðulaust að láta Volkswagen Golf eftir sviðsljósið og söluna í sínum stærðarflokki og beinir nú nýjum Peugeot 308 beint að sjöundu kynslóð Golfsins. Hann er mjög svipaður að stærð en virðist samt stækkuð útgáfa af nýjum Peugeot 208 sem kom á markað í fyrra. Bíllinn er allur hinn frídasti og um hann leika laglegar línur. Grillið er stórt og LED-framlugtirnar langar og sportlegar. Að innan má segja að bíllinn sé „mínímalískur“, eða sveipaður naumhyggju. Kappkostað hefur verið við að fækka tökkum en í stað þeirra er stór 9,7 tommu aðgerðaskjár þar sem stjórna má flestu í bílnum. Burstað stál og króm er áberandi inni í bílnum.

**Léttist um 140 kíló**

Peugeot er byggður á EMP2-undirvagninum, sem einnig verður notaður í Citroën C4 Picasso, en hann er mjög léttur og sterkbyggður. Hann er gerður úr hástyrktarstáli og magnesíum. Ekki síst þess vegna er Peugeot 308 um 140 kíló en forveri hans, Peugeot 307. Ekki er ljóst hvaða vélar bjóðast í 308. Hann verður fyrst sýndur á bílasýningunni í Frankfurt í september og kemur væntanlega á markað fljótlega eftir það.



Peugeot 308 verður fyrst sýndur á bílasýningunni í Frankfurt í september.



Hjólafólk getur verið í mikilli hættu í umferðinni.

## Montaði sig af því að aka niður hjólreiðamann

Margir ökumenn hata hjólreiðafólk og að sama skapi er mörgum hjólreiðamanninum í nöp við bílstjóra. Sagan af Emmu Way frá Norwich í Englandi er svolítið merkileg. Henni er svo illa við hjólreiðamenn að hún ók einn þeirra niður og montaði sig svo af verknaðinum á samskiptamiðlinum Twitter. Hún áttaði sig hins vegar ekki á því að meira að segja lögreglumenn lesa Twitter. Þeim fannst lýsing hennar ríma óþægilega mikið við kæru sem lögð hafði verið fram gegn óþekktum ökumanni sem hafði ekið niður hjólreiðamann og stungið af. Í Twitter-færslu Emmu sagðist hún alveg örugglega hafa ekið niður einn slíkan á leið heim og bætti því við að hún ætti fullan rétt á því þar sem hann greiddi örugglega ekki bifreiðaskatt eða gatnagerðargjöld. Andskotans hjólreiðamenn!

Í lok færslunnar bætir hún við „bloody cyclists“, eða andskotans hjólreiðamenn. Hjólreiðamaðurinn var einn þátttakenda í 100 mílna hjólreiðakeppni og Emma ók þvert á för hans. Við áreksturinn brotnaði annar baksýnisspegillinn af og hjólreiðamaðurinn endasentist á tré en slapp á ótrúlegan hátt við alvarleg meiðsli. Einhver hefði búist við því að ökumaður sem æki niður hjólreiðamann og sendi út í tré myndi stoppa og gæta að því hversu mikið hann hafi slasast en það gerði Emma ekki, hún fór heim og blótaði honum á Twitter. Sagan af Emmu er þó ekki búin. Ýmsum sem ofbauð færsla Emmu fóru að rannsaka frekar færslur hennar á ýmsum samskiptamiðlum. Þar fundust myndir af henni brjóta hin ýmsu lög og á einni þeirra sést hvar hún ók á 153 kílómetra hraða, sem hvergi er löglegt í Englandi. Þessar færslur voru færðar lögreglunni og það dugði ekki Emmu að eyða öllum færslum sínum á Twitter, hún var of sein. Mál hennar er nú í rannsókn hjá lögreglunni.



Af Twitter-síðu Emmu Way.






„Meindýravarnir eru því í raun hluti af gæðaeftirliti fyrirtækja og þjónustuaðila almennt," segir Jóhannes Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri Meindýravarna Suðurlands. MYND/GUÐMUNDUR KARL

# Meindýravarnir í fremstu röð

Starfsemi Meindýravarna Suðurlands er mjög fjölbreytt. Fyrirtækið rekur verslun á Selfossi og sinnir fjölbreyttri þjónustu á sviði meindýravarna fyrir heimili og fyrirtæki. Þjónusta fyrirtækisins gagnvart fyrirtækjum er stór hluti gæðakerfis þeirra.

Meindýravarnir Suðurlands er rótgróið fyrirtæki sem sinnir fjölbreyttri þjónustu og verslun á sviði meindýravarna. Fyrirtækið hefur starfað í fjórtán ár og þjónustar stórt landsvæði. Verslunin er á Selfossi en starfsmenn fyrirtækisins þjóna Vesturlandi, suðvesturhorni landsins og Suðurlandi, alla leið austur að Kirkjubæjarklaustri. Jóhannes Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir starfsemi þess skiptast í megindráttum í tvo flokka, annars vegar öfluga verslun sem selur fjölbreytt úrval meindýravarna og hins vegar þjónustu við heimili og fyrirtæki landsins. „Verslun okkar selur mikið úrval meindýravarna, bæði forvarnarvörur gegn meindýrum og varnir til þess að nota eftir á. Við seljum til dæmis úrval af gildrum í mörgum stærðum og gerðum sem henta vel einstaklingum, bændum og fyrirtækjum."

Gildrurnar eru aðallega ætlaðar músum enda eru þær að sögn Jóhannesar algengustu meindýrin hérlendis. „Mýsnar eru alltaf erfiðastar viðureignar en auk þeirra má nefna ýmsar gerðir af flugum, hampbjöllur, hveitibjöllur og veggjalýs."

Starfsmenn setja einnig upp eiturstöðvar utandyra til að varna því að mýsnar sæki inn á heimili og fyrirtæki. Einnig er boðið upp á eftirlitskerfi til að fylgjast með því hvort skordýra- eða nagdýravandamál sé innandyra og þá eru settar upp gildrur til að ná þeim ef meindýrin hafa sloppið inn. Einnig er boðið upp á gildrur til að fylgjast með því hvort skordýravandamál sé í uppsiglingu.

## Hluti af gæðakerfi fyrirtækja

Að sögn Jóhannesar skiptir aldur húss eða staðsetning þess engu máli þegar kemur að hættu á meindýrum. „Þessi vandamál eru ekkert meiri í eldri húsum eða gömlum hverfum. Þegar fólk flytur til dæmis í nýtt hús geta uppgötvast silfurskottur þar. Svo þegar maður spyr íbúa hússins meira út í málið voru jú silfurskottur í eldra húsi og hún hefur þá bara flust með íbúum í nýtt húsnæði. Það er nefnilega oft talað um að fólk flytji sál hússins með sér í nýja húsið en það tekur líka oft skordýrin með."

Þegar kemur að þjónustu við fyrirtæki landsins segir Jóhannes starf þeirra vera stóran hluta af gæðakerfi viðkomandi fyrirtækja. „Við vinnum með alls konar fyrirtækjum, stórum og smáum. Þessi málefni eru orðin vaxandi þáttur í rekstri þeirra enda þurfa þessi mál að vera í lagi. Reglubundið eftirlit er því orðið mun meira en áður. Meindýravarnir eru því í raun hluti af gæðaeftirliti fyrirtækja og þjónustuaðila almennt."

## Ný þjónusta í boði

Ein vinsæl nýjung í rekstri Meindýravarna snýr að því að bjóða hótelum og bændagistingum upp á veggjalúsaforvörn sem Jóhannes segir að sé nokkurs konar forvarnareitrun fyrir hótel og gistihús. „Við höfum fengið mjög góð viðbrögð frá ferðaþjónustuaðilum vegna þessarar þjónustu okkar enda skiptir allt hreinlæti gríðarlega miklu máli í þessari atvinnugrein."

Önnur nýjung snýr að veiði kanína en þær munu flokkast sem meindýr innan tíðar enda rosalegur skaðvaldur í íslenskri náttúru að sögn Jóhannesar. „Þeim fjölgar stanslaust. Ef fólk er með einhverja ræktun sem kanínufjölskyldan kemst í étur hún allt upp enda nánast alæta. Egg fugla eru líka í hættu og kanínuholur eru hættulegar hestum, sem geta dottið um holurnar og brotið sig. Kanínan er bara óæskileg í íslenskri náttúru."

Jóhannes og samstarfsfélagi hans, Jón Karl Jónsson, koma báðir úr matvælageiranum. „Sjálfur lærði ég til þjóns en félagi minn er kjötiðnaðarmeistari. Þessi bakgrunnur hefur nýst okkur mjög vel og verið heilmikill plús í starfi okkar undanfarin ár."

Nánari upplýsingar má finna á **www.meindyravarnir.is.**



Vinsælar músagildrur. MYND/ÚR EINKASAFNI



Mýsnar eru erfiðar viðureignar auk kanínunnar að sögn Jóhannesar. MYND/GETTY



Gamla góða músagildran stendur alltaf fyrir sínu. MYND/GUÐMUNDUR KARL



Í versluninni er selt mikið úrval meindýravarna. MYND/GUÐMUNDUR KARL









# Starinn er friðaður fugl

Staranum fylgir fló. Hún er oft kölluð staraфló en er í raun hænsnafló (l. Ceratophyllus gallinae). Flóin getur valdið usla í mannabústöðum og er því óvelkominn gestur. Hins vegar þarf að fara varlega í að eyða flónni enda er hýsill hennar, starinn, friðaður fugl.

Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands, www.ni.is, er að finna upplýsingar um hvernig á að bera sig að. Vandamálið er lítið fyrsta árið sem stari byggir holu og er áfram viðráðanlegt ef starinn kemur aftur næsta ár. Ef hann kemur hins vegar ekki aftur eða aðgangur hans að hreiðrinu er hindraður skapast vandamál. Þá skríða flærnar úr púpum sínum í lok mars og apríl, en hafa enga fugla til að lifa á. Þá fara flærnar á flakk og stökkva á lífverur, oft hunda og ketti, sem oft bera flærnar inn í hús.


Starinn er fallegur fugl en honum fylgir hvimleiður gestur.

Farsælast er að fyrirbyggja að stari nái að þröngva sér inn á heimilin. Ef starinn er mættur er lögð áhersla á að hreinsa burt hreiður hans að varpi loknu. Stari er enda friðaður fugl og því óheimilt, lögum samkvæmt, að eyðileggja varp hans. Best þykir að fjarlægja hreiður á kuldatíma að haust- og vetrarlagi enda hvíla flærnar þá í púpum og eru til friðs. Ef hreiður eru tekin á vorin og sumrin er meiri hætta á að flóin fari á flakk.

Mikilvægt er að hreinsa upp og fjarlægja öll hreiðurefni og helst að verða sér úti um eiturefni til að eitra svæði umhverfis hreiðurstaðinn. Til þess má t.d. nota permasekt sem er efni sem garðeigendur hafa heimild til að nota. Einnig er hægt að leita aðstoðar meindýraeyða.

# Hvimleiðir og þurftafrekir bólfélagar

Veggjalús hefur fylgt manninum frá örófi alda og fundist í byggð í öllum landshlutum á Íslandi. Um síðustu aldamót tók hún að fjölga sér hratt en það helst í hendur við auknar utanlandsferðir landsmanna og mikla fjölgun erlends vinnuafls á síðasta hagvaxtarskeiði.

Á Íslandi vex veggjalús eingöngu í upphituðu, þurru húsnæði. Hún nærist alfarið á blóði sem hún sýgur úr fórnarlömbum sínum og skríður þá úr fylgsnum sínum sem eru oftast í námunda við svefnstaði, t.d. í sprungum í tréverki, niður með rúmdýnum, í fellingum með saumum og hvarvetna þar sem felustaði er að finna. Veggjalús sýgur kröftuglega og getur sjöfaldað þyngd sína af blóði á tíu mínútum. Lúsin getur verpt allt að fimm eggjum á dag, eða á bilinu 200 til 500 eggjum á æviskeiðinu, sem varir frá níu mánuðum upp í eitt og hálft ár. Egg klekjast út á tíu dögum og ungviðið líkist fullorðnu dýrunum. Flestir fá kláða og óþægindi af bitum veggjalúsa og vísbendingar eru um að þær flytji veiru sem veldur lifrarbólgu B á milli manna.

Flókið er að ráða niðurlögum veggjalúsa og nauðsynlegt að kunnáttumaður meti aðstæður vandlega og gangi skipulega til verks. Ein leið sem stundum er sögð hrífa er sú að sá sem gengur til rekkju taki inn góðan skammt af svefnlyfjum. Þá innbyrði veggjalýsnar lyfið og sofni að neyslu lokinni. Að morgni má svo fjarlægja svefndrukknar veggjalýs úr rúmfötunum.

**Heimild:** Náttúrufræðistofnun Íslands.


Veggjalús drekkur stíft og getur sjöfaldað þyngd sína af blóði á tíu mínútum.





## SÆTIR FÍFLAR

Blómstrandi fíflar springa nú út á grænum túnum og áhrifamáttur þeirra er mikill. Fíflar innihalda meðal annars sykur, insúlín og ýmis vítamín og steinefni. Hér áður fyrr var túnfífill talinn með helstu lækningajurtum og rót hans og blöð notuð saman eða í sitt hvoru lagi til lyfjagerðar. Úr blómunum var svo búið til te og andlitsvatn til að hreinsa óhreina húð. Túnfífill nýtur nú vinsælda í matargerð og blöð nýsprottins fífils þykja hnossgæti í salöt. Þurrkaða rótina má mala og nota sem kaffibæti og úr blómkrónunni er hægt að búa til fíflavín og yndislega gott fíflasíróp.

**Fíflasíróp**

**250 g fíflahausar**
**2 appelsínur**
**1 lítri vatn**
**500 g sykur**
**Safi úr einni sítrónu**

Skolið hausa og appelsínur vel. Skerið appelsínur í bita og látið í pott ásamt hausum og vatni. Sjóðið í stálpotti við lágan hita í rúma klukkustund. Síið blóm og bita frá, bætið sykri og sítrónusafa út í og látið malla í klukkustund. Kælið og látið í hreinar krukkur.

**Heimild: www.gardheimar.is**



## STREITAN OG SJÁLFSAGINN

**● GÓÐAR FRÉTTIR**
**Fólk undir álagi er jafn líklegt til að hella sér út í að borða ruslfæði eins og að að borða áfram hollt og gefa sér tíma til þess að fara í ræktina. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar á vegum Kaliforníu-háskóla þar sem viljastyrkur 65 stúdenta í vorprófunum var rannsakaður. Í ljós kom að vansvefta og stressaðir stúdentar sem allajafna aðhylltust fituríkt sjoppufæði borðuðu enn meiri óhollustu á álagstímum en ella. Á óvart kom að stúdentar sem vanalega byrjuðu daginn á hafragraut og stunduðu líkamsrækt af kappi héldu áfram sínu striki í hollu mataræði og enn stífari æfingum. Af þessu leiðir að venjur eru mikilvægari en viljastyrkur og því skynsamlegt að gera heilsusamlegt líferni strax að daglegri rútínu.**

# FARSÍMINN ER ÓMISSANDI

Samkvæmt könnun sem mobilelnsurance.co.uk gerði um notkun farsíma á meðal ungs fólks, 18-30 ára, kom í ljós að 65% sögðust ekki geta lifað án farsímans. Í könnuninni voru þátttakendur spurðir án hvers þeir gætu helst lifað í eina viku. 62% vildu frekar vera án kærasta/kærustu og 45% vildu heldur vera án mats fremur en símans.

Farsíminn virðist vera algjör nauðsyn samkvæmt þessu unga fólki en það sést vel á svörunum.

Eftirfarandi tafla sýnir hvers fólk vill fremur vera án í eina viku en farsímans.

| | |
|---|---|
| **1. Kynlíf** | **94%** |
| **2. Sjónvarp/Kvikmyndir** | **82%** |
| **3. Bíll** | **71%** |
| **4. Kærasti/kærasta** | **62%** |
| **5. Rúm** | **55%** |
| **6. Peningar** | **47%** |
| **7. Venjulegar máltíðir** | **45 %** |
| **8. Heimili** | **32%** |
| **9. Samband við annað fólk** | **23%** |
| **10. Eigin börn** | **9%** |




**NUTRILENK - hollráð við liðkvillum. Náttúrleg bætiefni fyrir liðina**




## Liðheilsan skiptir mig miklu máli

Sem 3ja barna móðir, hlaupari /- þríþrautakona og hársnyrtir verð ég að passa vel upp á líkamann minn. Ég er rétt skriðinn yfir þrítugt, í líkamlega krefjandi vinnu og var farin að finna fyrir stirðleikum í liðum, sérstaklega fingrum og ökkla sem hefði getað komið niður á starfi og íþróttum. Sú tilfinning var óþægileg. En var svo heppin að fá ábendingu frá viðskiptavini um ágæti NutriLenk sem ég hef notað síðan með frábærum árangri.

### Fann árangur fljótt

Ég ákvað að fjárfesta í bæði í Nutrilenk GOLD og ACTIVE og tók inn samkvæmt leiðbeiningum og strax á annarri viku var ég farin að finna gríðarlegan mun. Ökklarnir eru orðnir miklu betri, minni stirðleiki í fingrum, ég er ferskari í líkamanum og get stundað mitt sport án þess að finna fyrir verkjum og stirðleika.

Nutrilenk verður tekið með morgunmatnum mínum um ókomin ár svo ég geti haldið áfram að lifa lífinu verkjalaus, sinnt börnunum mínum, starfinu og bætt mig í sportinu mínu..



*Ebba Særún Brynjarsdóttir*



**NUTRILENK Active og NUTRILENK Gold** eru efni sem geta unnið mjög vel saman fyrir fólk sem þjáist af liðverkjum.

**NUTRILENK Gold**
- Fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum.
- Unnið úr fisk- og hvalbrjóski, hátt hlutfall af kóntrótín súlfat.
- Eitt mest selda fæðubótaefnið fyrir liðina á Íslandi síðastliðinn ár.

**NUTRILENK Active**
- Eykur liðleika og sér til þess að liðirnir séu heilbrigðir og vel smurðir.
- Hjálpar liðunum að jafna sig eftir æfingar og átök.
- Inniheldur vatnsmeðhöndlaðan hanakamb, hátt hlutfall af Hýalúrónsýru.

Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**

Skráðu þig á facebook síðuna
Nutrilenk fyrir liðina
*- því getur fylgt heppni!*

**Nutrilenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna**

PRENTUN.IS

## atvinna

ÁS STYRKTARFÉLAG

### Búseta

Starfsmaður óskast til starfa á heimili á Kleppsvegi í 50-70% starf. Um er að ræða kvöld- og helgarvaktir. Umsækjendur þurfa að vera 22 ára eða eldri. Staðan er laus frá 1. júní.

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða og styðja fólk í daglegu lífi.

Nánari upplýsingar gefur Nína Edda Skúladóttir í síma 414-0500 og 897-2591 virka daga. Einnig veitir starfsmannastjóri upplýsingar í síma 414-0500.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

## uppboð

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

### UPPBOÐ

**Einnig birt á www.naudungarsolur.is.**

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

Sandvík, fnr. 216-6538, 671 Kópaskeri, Norðurþingi, þingl. eig. Hans Alfreð Kristjánsson, gerðarbeiðandi Arion banki hf, mánudaginn 3. júní 2013 kl. 10:30.

Aðalbraut 24, fnr. 216-7216, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Hrafn Magnússon, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sýslumaðurinn á Selfossi og Vörður tryggingar hf, mánudaginn 3. júní 2013 kl. 12:00

Aðalbraut 24, fnr. 216-7217, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Maritza Esther P Ospino, gerðarbeiðandi Vörður tryggingar hf, mánudaginn 3. júní 2013 kl. 12:20.

Ásgata 21, fnr. 216-7102, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Lífsorka,áhugamannafélag, gerðarbeiðandi Norðurþing, mánudaginn 3. júní 2013 kl. 12:40.

Ásgata 17, fnr. 216-7096, íb. 01-0101, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Sigurður Hilmar Ólason, gerðarbeiðendur Lífeyrissjóður starfsmanna rík. og Norðurþing, mánudaginn 3. júní 2013 kl. 13:00.

Ásgata 10, 216-7088, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Einar Árni Sigurjónsson, gerðarbeiðandi Norðurþing, mánudaginn 3. júní 2013 kl. 13:20.

Vallholtsvegur 9, fnr. 215-3489, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Sigmar Ævar Hallsson, gerðarbeiðendur Landsbankinn hf. og Norðurþing, þriðjudaginn 4. júní 2013 kl. 10:00.

Höfðabrekka 29A, fnr. 215-2984, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Unnur Sigurðardóttir og Magnús Ómar Stefánsson, gerðarbeiðandi Arion banki hf., þriðjudaginn 4. júní 2013 kl. 10:40.

Héðinsbraut 9, eh.gþ. 50%, fnr. 215-2912, 01-0101, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Vigfús Þór Leifsson, gerðarbeiðandi Holtavegur 10 ehf, þriðjudaginn 4. júní 2013 kl. 11:20.

Snæbjarnarstaðir, fnr. 229-4193, (Hálshreppur), Þingeyjarsveit, 601 Akureyri, þingl. eig. Konráð Jón Birgisson, gerðarbeiðendur Innheimtustofnun sveitarfélaga og Sýslumaðurinn á Akureyri, þriðjudaginn 4. júní 2013 kl. 15:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
27. 05. 2013

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Fyrir veiðimenn

**FYRIR VEIÐIMENN**
Til sölu nýtýndir laxa og silunga maðkar yfir 30 ára reynsla. Geymið auglýsinguna. Sími: 864 5290.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## útboð

# ÚTBOÐ

**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- **Hverfisgata endurgerð. Klapparstígur - Frakkastígur,** nr. 13045.
- **Sæmundargata 3. áfangi. Gatnagerð og stígar,** nr. 13043

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## fasteignir

BERG FASTEIGNASALA



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is
www.berg.is • GSM 897 0047

**Pétur Pétursson lögg. fasteignasali**
**Petur@berg.is**

**Opið hús**

### Fálkahöfða 5. Mosfellsbæ

**í dag . Kl. 17.30 til 18.00.**



Glæsilegt 119,4 fm. raðhús á einni hæð með innbyggðum 28,6 fm bílskúr alls 148 fm. við Fálkahöfða 5 í Mosfellsbæ. Húsið saman stendur af anddyri, stofu, borðstofu, svefnherbergi, barnaherbergi, baðherbergi, eldhúsi með eldhúskrók og bílskúr með góðri lofthæð og geymsluplássi. Flottur sólpallur með góðum skjólveggjum. Hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. Glæsileg eign í einu vinsælasta hverfi Mofellbæjar.
**Sölumaður Berg fasteignasölu tekur á móti áhugasömum.**

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Íbúð til leigu í miðbæ Kópavogs. Íbúðin er 3ja herb. ca 85 fm í tvíbýli. Leigist í 7-12 mán. Reglusemi áskilin. Verð 170 þús. á mán. m/ hiti . Áhugasamir sendi helst uppl. á netfang: sverrirbj@gmail.com

Til leigu 2ja herbergja 60fm íbúð á 2. hæð við Kirkjuteig. Laus strax Mánaðarleiga 145.000 einn mánuður fyrirfram og bankatrygging fyrir 3ja mánaða leigu. Leigist reyklausu pari eða einstakling. Dýrahald ekki leyft. Ótímabundinn samningur. Sendið upplýsingar um nafn, atvinnu, fjölskyldustærð og símanúmer á 1@4.is

Til leigu 4ra herbergja 100fm ósamþykkt íbúð við Ármúla. Laus 15. júní. Mánaðarleiga 175.000 með rafmagni og hita. Einn mánuður fyrirfram og bankatrygging fyrir 3ja mánaða leigu. Leigist reyklausum. Undanfarið ár hafa 3 háskólastúdentar verið í íbúðinni en hafa lokið námi. Dýrahald ekki leyft. Ótímabundinn samningur. Sendið upplýsingar um nafn, atvinnu, fjölskyldustærð og símanúmer á 1@4.is

Stórt og fallegt einstaklings herbergi til leigu frá 1.júní. Miðsvæðis í reykjavík, Húsgögn fylgja ásamt Einkatölva, sjónvarpi og dvd. Aðgengi að eldhúsi, baði og þvottavél. Aðeins fyrir reglusaman einstakling. 45 þús á mánuð. Allt innifalið. Upplýsingar sendist á kaffikanna11@hotmail.com Meðmæli óskast.

3ja herb., 100 fm íbúð í Vesturbænum til leigu í sumar með húsgögnum. Leiga 150 þús. Uppl. í s. 618 1113

### Húsnæði óskast

Við erum par á miðjum aldri bráðvantar rúmgott herbergi, helst á svæði 101. Þó ekki skilyrði. Reglusöm og skilvísi heitið. Sími: 864 5290.

Vantar góða 3-4ra herb. íbúð á leigu strax(verður að vera á 1. hæð eða lyfta). Helst í 108 eða nágrenni. Erum 3ja manna fjölskylda. Róleg og reglusöm. Skilvísar greiðslur og góð meðmæli. Uppl. í s. 857 8690 eða 892 6912

### Sumarbústaðir




Mikið úrval sumarbústaða til leigu út um allt land. Búngaló - www. bungalo.is

### Atvinnuhúsnæði

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**BAKARI / KAFFIHÚS HELGAVINNA**

Óskar eftir starfskrafti aðrahvora helgi, ekki yngri en 20 ára. Verður að tala íslensku.

**Uppl. sendist á :**
**sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**APARTMENT HOTEL IN 101 RVK,**
seeks applicants for front desk. Both part and full-time positions available. Please send applications to job@apartmentk.is / Íbúðarhótel í miðborg RVK óskar eftir starfsfólki í móttökustörf. Hlutastörf + full störf í boði. Umsóknir sendast á job@ apartmentk.is

### Atvinna óskast

VERKAMENN • SMIÐIR
KRANAMENN • PÍPARAR
MÚRARAR • JÁRNAMENN
UPPSLÁTTARMENN

ERUM MEÐ VANA MENN SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.

HANDAFL EHF
SÍMI 777 2 333

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**RAUDATORGID.IS**
Símastefnumót. Rómantík, skyndikynni, gay karlar. Íslenzkar spjalldömur. Skoða núna.








## Tryggvagata 18 a

- 328,9 fm penthouse auk 150 fm þakgarðs og tveggja stæða í bílageymslu. **Tilboða óskað**
- 60,9 fm íbúð verð kr. **34,9 milljónir**
- 61,1 fm íbúð verð kr. **35,9 milljónir**
- 112,8 fm íbúð verð kr. **69,0 milljónir**

Höfum fengið til sölu íbúðir í einu glæsilegasta fjölbýlishúsi landsins.

Hönnun og efnisval í hæsta gæðaflokki – Sjón er sögu ríkari.

Íbúðirnar eru lausar til afhendingar við kaupsamning.

Vinsamlegast pantið skoðun hjá sölumönnum Mikluborgar



Nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson, sölufulltrúi**
svan@miklaborg.is sími: 697 9300



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

# VORTILBOÐ

**20-50%** afsláttur af öllum heilsurúmum

*Smíðum raf-magnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 30-40% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing***

| Rafmagnsrúm á verði frá **190.049,-** | Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-** |
|---|---|
| 12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732,-** | 12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.497,-** |

* Einungis er greitt 3,5 % lántökugjald.

# VORTILBOÐ

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

**SÍÐUSTU DAGAR**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | 9 | | 5 | | |
| 5 | | | 6 | 8 | | | 9 | |
| | 6 | 9 | | | 1 | 4 | | 8 |
| | 2 | | | | 6 | 1 | 4 | |
| | 3 | 8 | | | 7 | | 2 | 5 |
| | | 7 | | | 2 | | | |
| | | 1 | | | | | 3 | 4 |
| 2 | | | 3 | 1 | | | | |
| | 5 | 3 | | | 9 | | | 6 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 5 | | | 6 | | | 7 |
| 4 | 6 | | | | 8 | | 2 | |
| 3 | | | | 2 | | 1 | 5 | |
| | | | | | 9 | 4 | 8 | |
| | 9 | | | | 7 | 3 | | 5 |
| 6 | | | | 8 | 5 | | | |
| 7 | 4 | | | | | | 1 | 8 |
| | | 2 | | | | | 3 | |
| | | | 6 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 9 | | | 2 | |
| | | | | 3 | | | | |
| 5 | 9 | | 7 | 4 | 8 | | | |
| 7 | | 3 | | | | 5 | | |
| | | 5 | 9 | | | 6 | | |
| | 6 | | 2 | 5 | | | | |
| | | | | | | 4 | 8 | |
| | | 6 | 8 | | 1 | 3 | | |
| | | | | | | | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 1 | 5 | 9 | 2 | 4 | 8 | 3 |
| 9 | 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 |
| 2 | 5 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 4 | 7 | 9 | 6 | 1 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 |
| 1 | 3 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 | 4 |
| 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 3 | 7 | 6 | 5 |
| 5 | 1 | 7 | 2 | 8 | 6 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 4 |
| 1 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 | 2 |
| 4 | 5 | 6 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 | 3 |
| 6 | 1 | 7 | 3 | 2 | 4 | 5 | 8 | 9 |
| 5 | 8 | 4 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 7 |
| 2 | 3 | 9 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 9 | 4 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 3 | 2 | 1 | 9 | 7 | 5 | 4 | 6 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 6 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| 8 | 9 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 |
| 7 | 3 | 4 | 9 | 1 | 8 | 2 | 6 | 5 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 |
| 1 | 8 | 7 | 4 | 6 | 2 | 3 | 5 | 9 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Øverli




## HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




## BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Það er auðvelt að lifa með augun lokuð og misskilja allt sem þú sérð...**

*John Lennon*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** útdeildu, **6.** umhverfis, **8.** blund, **9.** gras, **11.** gjaldmiðill, **12.** deyfa, **14.** einkennis, **16.** vörumerki, **17.** gagn, **18.** skaut, **20.** peninga, **21.** kvísl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** svei, **3.** fisk, **4.** flokkur sýklalyfja, **5.** dýrahljóð, **7.** planta, **10.** fálæti, **13.** of lítið, **15.** baklaf á flík, **16.** forsögn, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** um, **8.** lúr, **9.** sef, **11.** kr, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** ss, **17.** nyt, **18.** pól, **20.** fé, **21.** álma.
**LÓÐRÉTT: 1.** fuss, **3.** ál, **4.** fúkalyf, **5.** urr, **7.** melasól, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** spá, **19.** lm.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Héðinn Steingrímsson er stigahæstur keppenda á Íslandsmótinu í skák sem hefst á föstudag. Á Íslandsmótinu 1990 vann hann Margeir Pétursson, þá aðeins 15 ára. Það er met sem stendur enn.**

**Hvítur á leik**



32. Db5! Þetta hafði Margeir ekki séð. Hvítur hótar 33. Dxe8+. Svartur lék 33...Hd8 en eftir 34. Bxe4! Rg5 34. Bxf5 fékk Héðinn auðunnið tafl.
**www.skak.is** Íslandsmótið í skák hefst á föstudag í Turninum í Borgartúni.


Disney
Lesum meira
FÁÐU ANDRÉS & SYRPU
BEINT
Í BRÉFALÚGUNA!
Drögum í hverri viku um fjölda aukavinninga!
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ DISNEY-iPAD MINI
AUK FJÖLDA ANNARRA GLÆSILEGRA VINNINGA!
Komdu í áskrift!
Til að gerast áskrifandi ferðu inn á www.andrésönd.is og skráir þig. Allir virkir áskrifendur eru sjálfkrafa með í leiknum.
Dregið í hverri viku.
Fjöldi vinninga dreginn út í hverri viku og auk þess drögum við út heppna iPad vinningshafa 2. september 2013.
Nöfn vinningshafa verða birt á www.andrésönd.is
Hvað þarftu að gera!
Til þess að eiga möguleika á vinningi þarftu að vera áskrifandi að Syrpu eða Andrési Önd.
Nánar á www.andrésönd.is
Vinningar
5x Disney iPad Mini*
50x Guffi grillar
10x Mikka iPad töskur
10x Mikka minnislyklar
10x Disney-matreiðslubækur
5x Andésartöskur
500x sportúr
20x Disney-áskriftir
5x iPAD MINI
Öllum finnst gaman að skemmta sér með iPad. Við ætlum að stútfylla iPadinn af Disney-leikjum.*
*Inneign í iTunesstore fyrir 10.000.- fylgir hverjum iPad.
©Disney
Disney SYRPA
Disney Andrés Önd
www.andrésönd.is
Vertu raunsær væni ...
KJAMS!
TUGG!

**Bækur – Lagerhreinsun**

**Hjá Fornbókasölu – second handbooksale þúsundir bóka 300/500/1000 kr. stk.**

**Fyrstir koma fyrstir fá bestu molana**
**Opnum í dag kl. 11**
**Iðnbúð 1 - Garðabæ**

Ó-Ó-R Kaffi, Kökur & Rokk & Ról

MAGNÚS &JÓHANN YLJA

EDRÚHÖLLIN EFSTALEITI 7
ÞRIÐJUDAGURINN 28. MAÍ
HÚS OPNAR KL. 20:00

# MENNING



**VORBLÓTIÐ** Tónlistarflutningurinn var frábær. Hljómsveitin spilaði af miklum krafti, óregluleg hrynjandi var nákvæm og þétt, margbreytileg hljómsveitarröddin litfögur og stílhrein.

## Hrikalegur og ofsafenginn

TÓNLIST ★★★★☆

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
Vorblót og Petrúska eftir Stravinskí í Eldborg, Hörpu
**LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK, 24. MAÍ**

Dans- og hljómsveitarverkið Vorblót eftir Stravinskí markaði tímamót þegar það var frumflutt fyrir hundrað árum. Það vakti hörð viðbrögð vegna framúrstefnulegs tónmáls og óvanalegra danshreyfinga, og hafði gríðarleg áhrif lengi á eftir. Í dag er það oft flutt á tónleikum. Afar sjaldgæft er þó að maður fái að sjá það eins og það var upphaflega hugsað, þ.e. sem dansverk. Sýningin á föstudagskvöldið í Eldborg Hörpu, þar sem dansað var við tónlistina, var því kærkomin tilbreyting.

Dansinn var eftir Láru Stefánsdóttur, Melkorku S. Magnúsdóttur, Filippíu Elísdóttur, Björn B. Guðmundsson og Guðrúnu E. Sigurbjarnadóttur. Íslenski dansflokkurinn dansaði, auk nemenda samtímadansbrautar LHÍ. Dansararnir birtu manni mynd af litlu samfélagi sem telur sig þurfa að fórna til jarðarinnar um vorið svo að jörðin og náttúran verði gjöful. Samfélagið iðkar mismunandi helgisiði sem allir bera að sama brunni, vali á ungri stúlku sem dansar sig til dauða í vorfórninni. Samræmi var á milli danshreyfinganna og tónanna; dansinn var hrikalegur og ofsafenginn, rétt eins og forneskjuleg, óbeisluð tónlistin.

Tónlistarflutningurinn var frábær. Hljómsveitin spilaði af miklum krafti, óregluleg hrynjandi var nákvæm og þétt, margbreytileg hljómsveitarröddin litfögur og stílhrein. Túlkunin var stórbrotin, full af andstæðum og spennu.

Auk Vorblóts var líka Petrúska á dagskránni. Þar dansa þrjár dúkkur sem hafa öðlast líf fyrir tilstilli töfra. Sögusviðið er eins konar kjötkveðjuhátíð á torgi í Sánkti Pétursborg um miðja 19. öld. Tónlistin er óreiðukennd, alveg eins og hátíðahöldin í borginni. Hún er því oft mjög hröð og þannig gríðarlega erfið fyrir hljóðfæraleikarana. Sérstaklega verður að nefna píanóröddina sem er allt að því óspilandi. Anna Guðný Guðmundsdóttir lék á píanóið og gerði það af einstakri glæsimennsku. Hröð áttundahlaup voru óaðfinnanleg, flóknar nótnarunur skýrar og nákvæmar.

Hljómsveitin í heild spilaði líka prýðilega, af nákvæmni og gáska í senn. Blásararnir áttu oftar en ekki frábæra spretti.

Dansinn við Petrúsku var sömuleiðis fallegur og fjölbreytilegur. Hann var eftir Jorma Uotinen. Sviðsmyndin var reyndar dálítið fábrotin, aðeins nokkrir litir. Engu að síður var fallegt litasamræmi á milli búninganna og sviðsmyndarinnar. Og dansinn sjálfur passaði prýðilega við tónlistina. Þetta var skemmtileg stund.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Dansar í Eldborg voru magnaðir, tónlistarflutningurinn frábær, dansinn glæsilegur.



**Vorfundur Mímis-símenntunar**

**Miðvikudaginn 29. maí kl. 14.00 – 16.00**
**Ofanleiti 2. 2. hæð**

**Nám á vinnustað**

**Dagskrá**

- *Fyrirtækin sem námsstaður*
  Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls
- *Framleiðsluskóli Marel*
  Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, mannauðsstjóri Marel
- *Íslenskunám og félagsvinir á vinnustað – Hjúkrunarheimilið Eir*
  Ingibjörg Stefánsdóttir, verkefnastjóri, Mímir-símenntun
  Karen Theódórsdóttir, Rauði Krossinn á Íslandi
- *Matvælaskólinn – Meðferð matvæla á vinnustað*
  Valgerður Ásta Guðmundsdóttir, Rannsóknarþjónustan Sýni

**Opið hús 16.00 – 18.00**

**Eftir að vorfundi lýkur verður opið hús þar sem kynnt verður starfið á haustönn 2013**

MÍMIR símenntun
Ofanleiti 2 • 103 Reykjavík • Sími 580 1800 • **www.mimir.is**



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA · 13-1155

**Taktu daginn frá fyrir Kvennahlaupið 8. júní**

Hreyfum okkur saman í Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ



# SPENNANDI SUMAR

## GRÍPTU KILJU Í FRÍIÐ

„Sláandi kraftmikil.“
DAILY MAIL




NÝ KILJA

„Það er bara einn Jack Reacher.“
STEINÞÓR GUÐBJARTSSON
MORGUNBLAÐIÐ




1. SÆTI
MEST SELDU KILJURNAR
5.–18. MAÍ 2013
BÓKSÖLULISTI

★★★

„... sagan er vel skrifuð, flækjurnar eru úthugsaðar ...“
STEINÞÓR GUÐBJARTSSON
MORGUNBLAÐIÐ




2. SÆTI
MEST SELDU KILJURNAR
5.–18. MAÍ 2013
BÓKSÖLULISTI

★★★★

„... mögnuð, æsispennandi og afar óhugnanleg saga.“
ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ




3. SÆTI
MEST SELDU KILJURNAR
5.–18. MAÍ 2013
BÓKSÖLULISTI

„... óskaplega skemmtileg lesning, undir niðri kraumar sterk réttlætiskennd og útkoman úr þessari blöndu beittrar gagnrýni og hnyttni er býsna góð.“
ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ




4. SÆTI
MEST SELDU KILJURNAR
5.–18. MAÍ 2013
BÓKSÖLULISTI

★★★★

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON
MORGUNBLAÐIÐ

„... hentar vel rómantískum sálum sem vilja spennandi afþreyingu.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

**1 kr.** sendingargjald í takmarkaðan tíma!




*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# Pistillinn sem aldrei varð

BAKÞANKAR
Söru
McMahon



**ÞESSI** pistill átti að fjalla um eitthvað allt annað. Hann átti að taka á samfélagsmeinum á hnyttinn og skemmtilegan hátt. En því miður gleymdi ég umfjöllunarefninu og get ómögulega munað það aftur.

**ÞAÐ ER** nefnilega þannig að ég er orðin frekar gleymin með aldrinum. Skrifi ég hugmyndir ekki niður um leið og þeim lýstur í huga minn eru þær horfnar jafn skjótt og þær komu. Það sama á við dagsverkin; þau þarf að skrá niður, annars gleymi ég að inna þau af hendi. Afmæli og stefnumót þarf ég líka að punkta niður í dagatalið.

**ÞAÐ KEMUR** ítrekað fyrir að ég sitji heima í stofu, standi þá skyndilega upp og rölti fram. Þegar fram er komið man ég ekki lengur hvert erindið var. Ætlaði ég ef til vill að ná í eitthvað? Kannski þurfti að kanna eitthvert hljóð? Á endanum neyðist ég þó til þess að snúa aftur á fyrri stað, einskis vísari um tilgang ferðarinnar.

**UNDANFARIÐ** hef ég líka ítrekað gerst sek um að gleyma að slökkva undir eldavélarhellunum. Slíkt getur auðvitað verið stórhættulegt og veldur mér og sambýlingnum miklum áhyggjum.

**ÞRÁTT FYRIR** ungan aldur pistlahöfunds fer minninu stöðugt hrakandi og suma daga er það svo slæmt að ég man ekki einu sinni eigið símanúmer. Líf mitt snýst um það að skrásetja allt svo engu sé gleymt. Dagatöl eru útkrotuð, handarbökin tvö líka, og síminn minn pípir reglulega með áminningar um yfirvofandi læknisheimsóknir. Hefði ég haft vit á að skrifa niður hina skemmtilegu hugmynd sem ég fékk fyrir nokkru værir þú, lesandi góður, núna að lesa eitthvað allt annað og skemmtilegra. Þess í stað situr þú uppi með þetta pistlaskrípi.

**EN SNÚUM** okkur aftur að kjarna máls míns: gleymskunni. Friedrich Nietzsche sagði eitt sinn: „Kosturinn við slæmt minni er sá að maður nýtur mörgum sinnum sama góða hlutarins sem það væri í fyrsta sinn.“ Ég kýs að taka Nietzsche trúanlegan og í stað þess að gráta minnið ætla ég að einbeita mér að því að njóta alls þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Aftur og aftur og aftur.

# Sokkar eru í góðu lagi

## Sokkar eru ein af tískubólum sumarsins 2013.

Búið er að aflétta sokkabanninu sem gilti um bera leggi og hælaskó. Einn af mörgum tískustraumum sumarsins eru sokkar; litríkir eða hreinlega litlausir hvítir sokkar, sem pilsklæddar stúlkur eiga nú að klæðast við hælaeða strigaskó. Umrædd tískubóla greinir ekki á milli kynja og í sumar geta einnig karlmenn klæst sokkum við stuttubuxur með góðri samvisku. Tískuspekingar sætta sig þó ekki við hvaða sokkapar sem er, því helst á að klæðast fallegum lituðum sokkum og alls ekki íþróttasokkum.



**ALLT Í GÓÐU** Nú má klæðast hvítum sokkum við hælaskó án þess að skammast sín. NORDICPHOTOS/GETTY



**Í TÍSKU** Innkaupastjórinn Tiffany Hsu er með tískustraumana á hreinu.

**SOKKAR OG SKÓR** Julia Sarr-Jamois er á undan tískunni, hún klæddist sokkum við strigaskó í fyrra.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÞRIÐJUDAGUR 28. MAÍ 2013**

### Uppákomur

**17.15** Landvernd afhendir forsætisráðherra og umhverfisráðherra umsagnir um rammaáætlun við Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg. Umsagnirnar eru komnar frá almenningi, stofnunum, sveitarfélögum, samtökum og ýmsum félögum og voru send Alþingi og ráðuneytum á sínum tíma. Allir sem hafa áhuga á að náttúru Íslands verði hlíft eru hvattir til að mæta.

### Leikrit

**20.00** Gestabókin eftir Braga Ólafsson verður sýnt í Sólheimasafni. Miðaverð er kr. 2.000.

### Tónlist

**12.15** Hörður Áskelsson organisti Hallgrímskirkju leikur verk eftir Johann Sebastian Bach á hádegistónleikum í Hafnarfjarðarkirkju. Boðið verður upp á kaffisopa að tónleikum loknum en aðgangur er ókeypis.

**20.30** Magnús og Jóhann og hljómsveitin Ylja koma fram á tónleikaröðinni Kaffi, kökur og rokk&ról í Von, SÁÁ-húsinu í Efstaleiti 7, í kvöld. Miðaverð er aðeins 500 krónur og boðið verður upp á kaffi og kökur.

**20.30** Dagskráin Rósa syngur Monk á jazzkvöldi KEX Hostels, Skúlagötu 28. Nýtt samstarfsverkefni söngkonunnar Rósu Sveinsdóttur og bassaleikarans Sigmars Matthíassonar. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Edgar Smári og hljómsveit skemmta á Café Rosenberg.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.*

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
POWERSÝNING KL. 10
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
FAST & FURIOUS 6
H.K. - Monitor
T.V. - Bíóvefurinn
EIN STÆRSTA SPENNUMYND SUMARSINS
INTO DARKNESS 3D
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR
CROODS
OBLIVION
H.V.A. - FBL

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| FAST & FURIOUS | 5.20, 8, 10(P), 10.40 | 12 |
| STAR TREK 3D | 8, 10.40 | 12 |
| THE CROODS 3D | 5 | L |
| OBLIVION | 5.30, 7 | 12 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is
EIN STÆRSTA SPENNUMYND SUMARSINS
ALL ROADS LEAD TO THIS
„TOPPAR ALLA FORVERA SÍNA Í STÆRÐ, SPRENGINGUM OG HRAÐA.“
T.V. - BÍÓVEFURINN
H.K. - MONITOR
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
FAST & FURIOUS 6
GATSBY
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
AVENGERS
IRON MAN 3
„STÓRFENGLEG“
„FRÁBÆR“
STAR TREK INTO DARKNESS 3D
J.J. ABRAMS ER MÆTTUR MEÐ BESTU HASARMYND ÞESSA ÁRS!
THE PLACE BEYOND THE PINES
NEW YORK OBSERVER
THE PLAYLIST
OLYMPUS HAS FALLEN

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5:10 - 8 - 10:40 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 VIP | KL. 5:10 - 8 - 10:40 | VIP |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5 - 8 - 10:55 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS | KL. 3D: 5:10 - 10:10 2D: 8 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:10 - 10:40 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 8 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 10:55 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:20 | 12 |
| THE CROODS ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:20 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 10:50 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 8 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 | L |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 10:50 | 16 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 10:55 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR

SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
ALL ROADS LEAD TO THIS
EIN STÆRSTA SPENNUMYND SUMARSINS!
LÚXUS
FAST & FURIOUS 6
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
THE PLACE BEYOND THE PINES
INTO DARKNESS
GATSBY
EVIL DEAD

| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK 3D | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK | KL. 8 | 12 |
| THE CALL | KL. 10.45 | 16 |
| EVIL DEAD | KL. 8 - 10.10 | 18 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| FAST & FURIOUS | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 3D ÓTEXTAÐ | KL. 9 | 12 |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 - 9 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 6 - 9 | 12 |
| FALSKUR FUGL | KL. 6 | 14 |

| BORGARBÍÓ (ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ) | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| FAST & THE FURIOUS 6 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAMA | KL. 10.20 | 16 |
| OBLIVION | KL. 8 | 16 |
| NUMBERS STATION | KL. 6 | 12 |

LYFJA
– Lifið heil
Sheer Blonde®
20%
afsláttur af Go Blonder hárvörum frá John Frieda
sheer BLONDE
www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju
Gildir 23. maí – 4. júní
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 64296

SIGHTSEERS
HANNAH ARENDT
ON THE ROAD
JAGTEN
græna ljósið
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!
BÍÓ ★ PARADÍS
EUROPA CINEMAS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 KR MIÐINN

| | | |
|---|---|---|
| SIGHTSEERS | (16) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50 |
| ON THE ROAD | (16) | 22:00 |


FÁÐU Lemon TIL ÞÍN!
MORGUNVERÐUR * DJÚSAR * SAMLOKUR
Pantaðu Lemon Pop-up og tveir djúsarar
mæta á þinn vinnustað með ferskan mat,
góða tónlist og eðal stemningu.
POP-UP@LEMON.IS
Lemon * Suðurlandsbraut 4 * 519-5555
Lemon
POP-UP
www.helgipjetur.com

## Gæti farið í mál við Torsten Jansen



**HANDBOLTI** Króatíski hornamaðurinn Ivan Nincevic, sem var skallaður í leik á dögunum, hefur leikið sinn síðasta leik fyrir lið Dags Sigurðssonar, Füchse Berlin.

Nincevic hefur ákveðið að taka tilboði hvít-rússneska liðsins Dinamo Minsk, en það ætlar sér stóra hluti á næstu árum og hefur sterka bakhjarla. Nincevic sagði að hann hefði ekki getað neitað tilboði félagsins.

Hann er enn að jafna sig eftir að hafa verið skallaður af Torsten Jansen, leikmanni Hamburg, á dögunum og spilar því ekki meira á leiktíðinni.

Nincevic fékk slæman heilahristing sem og fimm sentímetra skurð undir augað. Grannt er fylgst með heilsufari hans og fer hann daglega á spítala í höfuðrannsóknir.

Jansen þarf aðeins að afplána tveggja leikja bann fyrir skallann, sem Nincevic sagði að væri grín.

„Ég og eiginkona mín munum taka ákvörðun um hvort við förum í dómsmál í vikunni," sagði Nincevic.

## Ætlum að halda okkur inni í mótinu

**FÓTBOLTI** „Við erum tilbúnar í þetta og stefnum á að halda okkur inni í mótinu," segir Elín Metta Jensen, framherji Vals. Markahrókurinn verður í eldlínunni í kvöld þegar Stjarnan kemur í heimsókn á Hlíðarenda. Stjarnan situr í toppsætinu með fullt hús stiga og hefur aðeins fengið á sig eitt mark í fjórum leikjum.

„Við erum alls ekkert hræddar við þær. Þær hafa byrjað vel en það hjálpar þeim ekki neitt í þessum leik," segir Elín Metta. Vörn Stjörnunnar stýrir Glódís Perla Viggósdóttir, jafnaldri Elínar Mettu. Þær stöllur þekkjast vel úr yngri landsliðum Íslands en hefur Elín Metta einhver tromp á hendi?

„Er það ekki heyrnaðarleyndamál sem má ekki upplýsa?" segir Elín og hlær. „Hún er auðvitað frábær leikmaður og alltaf krefjandi að mæta henni. En maður hlýtur að geta komist framhjá henni eins og öðrum." - ktd

### LEIKIRNIR Í KVÖLD

18.00 Selfoss - ÍBV
19.15 Valur - Stjarnan - *í beinni á Vísi*
19.15 Afturelding - Breiðablik
19.15 HK/Víkingur - FH



**TAKTAR** Elín Metta hefur skorað sex mörk í fjórum leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Fram 0-1 Stjarnan**
**Laugardalsv.** 933 áhorfendur
**Magnús Þórisson (6)**

**Mörkin:** 0-1 Robert Sandnes (34.).

**Fram (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 6 - Alan Lowing 6, Bjarni Hólm Aðalsteinsson 6, Ólafur Örn Bjarnason 6, Jordan Halsman 5 (46. Daði Guðmundsson 5) - Viktor Bjarki Arnarsson 6, Halldór Hermann Jónsson 5, Samuel Hewson 6 - Hólmbert Aron Friðjónsson 5 (76. Kristinn Ingi Halldórsson -), Almarr Ormarsson 6 (76. Haukur Baldvinsson -), Steven Lennon 7.

**Stjarnan (4-4-2):** *Ingvar Jónsson 7 - Jóhann Laxdal 6, Martin Rauschenberg 6, Daníel Laxdal 6, Hörður Árnason 7 - Ólafur Karl Finsen 4, Robert Sandnes 7 (88. Baldvin Sturluson -), Michael Præst 6, Halldór Orri Björnsson 6 - Veigar Páll Gunnarsson 4 (88. Aron Grétar Jafetsson -), Garðar Jóhannsson 4 (81. Tryggvi Bjarnason -).

**Skot (á mark):** 10-11 (4-5) **Horn**: 2-6

**Varin skot:** Ögmundur 4 - Ingvar 4

**KR 1-1 Breiðablik**
**KR-völlur** 2650 áhorfendur
**Þóroddur Hjaltalín (7)**

**Mörkin:** 0-1 Elfar Árni Aðalsteinsson (41.), 1-1 Atli Sigurjónsson (64.)

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórsson 6 - Aron Bjarki Jósepsson 5, Brynjar Björn Gunnarsson 5, (31., Þorsteinn Már Ragnarsson 6) Grétar Sigfinnur Sigurðsson 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 7 - Bjarni Guðjónsson 5, Jónas Guðni Sævarsson 6, Baldur Sigurðsson 6 - Atli Sigurjónsson 6 (66., Emil Atlason 5), *Óskar Örn Hauksson 7, Gary Martin 4.

**Breiðablik (4-4-2):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Þórður Steinar Hreiðarsson 6, Renee Troost 5, Sverrir Ingi Ingason 7, Kristinn Jónsson 5 - Ellert Hreinsson 4, Finnur Orri Margeirsson 5, Andri Rafn Yeoman 4, Guðjón Pétur Lýðsson 5 (75., Viggó Kristjánsson -) - Elfar Árni Aðalsteinsson 6, Árni Vilhjálmsson 4 (68., Nichlas Rohde 5).

**Skot (á mark):** 9-8 (6-5) **Horn**: 3-2

**Varin skot:** Hannes 2 - Gunnleifur 5

### PEPSI DEILDIN 2013

#### NÆSTU LEIKIR

**Sunnudagur 2. júní**: 17.00 ÍBV - Fylkir.
**Sunnudagur 9. júní**: 18.00 Þór - Valur, 19.15 ÍA - Stjarnan.
**Mánudagur 10. júní**: 19.15 Breiðablik - Víkingur, FH - KR, Keflavík - Fram.

**visir.is**
Allt um leiki gærkvöldsins

# Þarf á þessu að halda

Guðmundur Árni Ólafsson skrifaði í gær undir eins árs samning við danska úrvalsdeildarfélagið Mors-Thy. Hann kemur til félagsins frá stórliðinu Bjerringbro-Silkeborg. Þessi efnilegi strákur stefnir á að vinna sér sæti í íslenska landsliðinu.



**HRESSLEIKI** Guðmundur Árni ásamt liðsfélögum sínum hjá Bjerringbro-Silkeborg Jannick Green (fyrir miðju) og Fredrik Petersen núverandi leikmanni Hamborgar. Þeir halda á áritaðri treyju Guðmundar. MYND/AÐSSEND

**HANDBOLTI** „Ég er búinn að skrifa undir eins árs samning við Mors-Thy. Þar fæ ég að vera hornamaður númer eitt," sagði hinn 22 ára gamli Guðmundur Árni Ólafsson við Fréttablaðið í gær.

Hann hefur undanfarin tvö ár verið í herbúðum Bjerringbro-Silkeborg þar sem hann hefur fengið mikla reynslu enda hefur liðið verið í meistaradeildinni bæði árin hans þar.

„Ég er mjög ánægður með þessa lendingu. Mors-Thy lenti í fjórða sæti í ár og þetta er líka nákvæmlega það sem ég þarf á að halda á þessum tímapunkti. Ég þarf að fá að spila mikið og vera í lykilhlutverki."

Mors-Thy var það lið sem kom mest á óvart í Danmörku í vetur og áttu fáir von á því að liðið næði fjórða sætinu. Það er mikill handboltaáhugi í bænum og þetta góða gengi hefur laðað fleiri styrktaraðila að félaginu.

„Það er mikil handboltahefð þarna og þetta mun henta mér vel. Ég er mjög spenntur fyrir þessu verkefni. Liðið þurfti að draga saman seglin aðeins en það gæti gengið til baka þar sem fleiri styrktaraðilar vilja vera með."

Mors-Thy hefur verið lengi á eftir Guðmundi Árna en hann fékk fyrst tilboð frá félaginu í kringum síðustu áramót. Nýr þjálfari er að taka við liðinu en hann heitir Anders Thomsen.

„Hann er búinn að vera lengi með mig efstan á óskalistanum þannig að það er gott að fara til þjálfara sem hefur trú á manni."

Guðmundur Árni er uppalinn Selfyssingur en gekk í raðir Hauka áður en hann hélt í víking til Danmerkur.

„Ég hef tekið miklum framförum hérna úti. Að spila í meistaradeildinni hefur kennt mér mikið og þá sér maður hvað við eigum langt í bestu lið Evrópu. Ég er farinn að skilja handboltann miklu betur," sagði Guðmundur Árni.

Það hrundi allt hjá Bjerringbro í lok tímabilsins. Þjálfari liðsins þurfti að fara í veikindaleyfi þar sem hann höndlaði ekki álagið sem fylgdi starfinu. Liðið endaði að lokum í sjöunda sæti.

„Það var aðeins byrjað að molna undan þessu áður en hann hætti. Við unnum aðeins einn af síðustu fjórum leikjum okkar. Það voru mikil vonbrigði enda enduðum við í þriðja sæti í deildinni en það fór allt til fjandans í úrslitakeppninni."

Hornamaðurinn örvhenti á sér stóra drauma fyrir framtíðina en leiðin í landsliðið er grýtt enda eru þar fyrir frábærir leikmenn eins og Þórir Ólafsson og Alexander Petersson.

„Ég hef mikinn metnað fyrir því að komast í landsliðið. Ég ætla að sanna mig í dönsku úrvalsdeildinni og vonandi fer það ekki framhjá landsliðsþjálfaranum. Fyrst og fremst ætla ég að spila vel og mikið hjá Mors-Thy," sagði Guðmundur en hann var valinn í B-landsliðið fyrir nokkrum árum.

„Ég veit að það er erfitt að komast inn en það verða einhvern tímann kynslóðaskipti," sagði hornamaðurinn léttur. henry@frettabladid.is

### PEPSI DEILDIN 2013

#### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 5 | 4 | 1 | 0 | 10-2 | 13 |
| FH | 5 | 4 | 1 | 0 | 9-2 | 13 |
| Valur | 5 | 3 | 2 | 0 | 11-4 | 11 |
| Stjarnan | 5 | 3 | 1 | 1 | 7-5 | 10 |
| ÍBV | 5 | 2 | 2 | 1 | 6-4 | 8 |
| Breiðablik | 5 | 2 | 1 | 2 | 10-8 | 6 |
| Þór | 5 | 2 | 0 | 3 | 6-11 | 6 |
| Fram | 5 | 1 | 2 | 2 | 4-6 | 5 |
| Keflavík | 5 | 1 | 1 | 3 | 6-11 | 4 |
| ÍA | 5 | 1 | 0 | 4 | 4-10 | 3 |
| Fylkir | 5 | 0 | 2 | 3 | 5-10 | 2 |
| Víkingur | 5 | 0 | 1 | 4 | 4-9 | 1 |



**STOLT** Helena spennt fyrir setningarathöfnina í gærkvöldi. MYND/HANNES S. JÓNSSON

## Helena bar fána Íslands

**SPORT** Smáþjóðaleikarnir voru settir í 15. skipti á Josy Barthelleikvanginum í Lúxemborg í gærkvöldi. Körfuknattleikskonan Helena Sverrisdóttir varð þess heiðurs aðnjótandi að gegna hlutverki fánabera.

„Það var rosalega gaman að fá að leiða hópinn út á völlinn og stemningin var mjög góð. Maður er vanur því að sundkappar eða frjálsíþróttafólk sjái um þetta. Ég bjóst ekki við því að einhver úr körfuboltanum yrði valinn," segir Helena. Spurð hvort stöngin hafi ekki verið níðþung segist hún vera aum í öxlunum. Hún hlær þó og segist lítið hafa pælt í því á meðan á athöfninni stóð. - ktd


# Hágæða múrefni frá Múrbúðinni



Weber Gróf Múrblanda
Weber Milligróf múrblanda
Weber staurasteypa (stolpebeton)
Weberdur 120 (lp 14) inni & útimúr
Serpo 261 trefjamúr Fyrir múrkerfi
Weber REP 980 þéttimúr grár
Deka Acryl grunnur
Deka Latex
Maxit Steiningarlím Hvítt og grátt

MÚRBÚÐARVERÐ

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið má-fö kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Óseyri 1. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið má-fö kl. 8-18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# iRobot® Roomba



## iRobot ER KOMINN Í HEIMILISTÆKI

## NJÓTTU VORSINS MEÐAN iRobot HREINSAR GÓLFIN



**iRobot Roomba IRO-620**
Sjálfvirkt ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind.

VERÐ
**59.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**iRobot Roomba IRO-650**
Sjálfvirkt ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind og tímastilli. Einn sýndarveggur fylgir svo hægt er að afmarka svæði.

VERÐ
**79.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**iRobot Roomba IRO-760**
Sjálfvirkt ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind, Dual HEPA síu og tímastilli. Einn sýndarveggur fylgir svo hægt er að afmarka svæði.

VERÐ
**89.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**iRobot Scooba IRO-390**
**SKÚRINGARVÉLMENNI**
Sjálfvirk skúringarvél sem hreinsar allt að 50 fermetra á einni vatnsfyllingu.

VERÐ
**84.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500


**LANGPRÁÐ** Phillips vann sigur í fjórðu tilraun á Wembley. NORDICPHOTOS/GETTY

# Minnsta högg gæti brotið bein Rúnars Kára

Hægri skyttan spilar hvorki með Grosswallstadt né íslenska landsliðinu næstu vikurnar.



**HANDBOLTI** Rúnar Kárason spilar hvorki með liði sínu Grosswallstadt né íslenska landsliðinu næstu vikurnar. Hægri skyttan hélt upp á 25 ára afmælið sitt með sex mörkum í mikilvægum sigri Grosswallstadt á Balingen á föstudag. Seint í leiknum meiddist hann á hægri hendi og kom ekki meira við sögu.

Í fyrstu var talið að Rúnar væri með sprungu í handarbakinu en meiðslin eru ekki alveg jafn alvarleg og talið var í fyrstu, en alvarleg þó.

„Þar er rifa í hárvefjunum sem umlykja beinið. Þetta þýðir að ef einhver slær á handarbakið á mér eða rekst illa í mig brotnar bein í handarbakinu,“ segir Rúnar, sem er kominn í gifs. Sársaukinn sé auk þess svo mikill, jafnvel við það eitt að grípa bolta, að hann gæti ekki einu sinni spilað. Það kom berlega í ljós í gær þegar hann, fyrir klaufaskap, rak höndina í borð heima hjá sér í gær.

„Það var rosalega vont jafnvel þótt ég væri kominn í gifs.“

Grosswallstadt á þrjá leiki eftir í þýsku úrvalsdeildinni og þarf helst að vinna sigur í þeim öllum til að eygja möguleika á að halda sæti sínu í deildinni. Hin hægri skytta liðsins er einnig meidd og meiðsli Rúnars koma því á versta tíma.

Rúnar hafði gert sér vonir um að geta náð landsleikjum Íslands gegn Hvíta-Rússlandi og Rúmeníu í júní í undankeppni EM. Eftir að hafa ráðfært sig við Örnólf Valdimarsson, lækni landsliðsins, er sú von úr sögunni.

Rúnar varði stórum hluta síðasta árs í endurhæfingu eftir erfið meiðsli. Hann mætti aftur til leiks í febrúar og hafði spilað vel. Nú er snemmbúið sumarfrí fram undan. - ktd

## Palace upp í úrvalsdeildina

**FÓTBOLTI** Crystal Palace vann dramatískan 1-0 sigur á Watford í 120 milljóna punda leiknum um síðasta lausa sætið í ensku úrvalsdeildinni í gær. Af þeim fjórum liðum sem komust í umspilið þóttu minnstar líkur á því að Lundúnaliðið færi upp, en raunin varð önnur.

Wilfried Zaha, lánsmaður frá Manchester United, var allt í öllu í leik Palace. Segja má að klaufaskapur liðsfélaga hans hafi orðið til þess að fyrsta markið kom ekki fyrr en í framlengingu.

„Draumur minn varð að veruleika. Það er mun auðveldara fyrir mig að yfirgefa Palace vitandi að félagið er komið í ensku úrvalsdeildina,“ sagði hinn tvítugi kantmaðurinn tvítugi. Manchester United festi kaup á Zaha í vetur fyrir 15 milljónir punda, jafnvirði tæplega þriggja milljarða íslenskra króna. Upphæðin væri vafalítið hærri ætlaði United að kaupa hann í dag.

Crystal Palace bættist í hóp Cardiff og Hull, sem leika í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð. Reading, Wigan og QPR féllu úr deildinni. Palace hefur verið utan efstu deildar í átta ár og það fór vel á því að Kevin Phillips skoraði sigurmark gærdagsins. Sóknarmaðurinn, sem verður fertugur í sumar, hafði þrívegis spilað í úrslitaleik umspilsins en aldrei verið í sigurliði fyrr en nú. -ktd


**VONBRIGÐI** Liðsmenn Watford hughreystu hver annan í leikslok. NORDICPHOTOS/GETTY

# Áburðarkóngurinn í Mónakó

Margir knattspyrnuáhugamenn hafa furðað sig á því að franska félagið AS Monaco sé farið að láta hraustlega til sín taka á leikmannamarkaðnum. Peningar virðast ekki skipta neinu máli miðað við síðustu kaup félagsins. Það er moldríkur Rússi sem stendur á bak við liðið en hann efnaðist á því að framleiða áburð.

**FÓTBOLTI** Útlitið var ekki bjart hjá hinu fornfræga félagi AS Monaco í desember árið 2011. Þá blasti við félaginu fall niður í 3. deild franska boltans. Félagið þurfti á kraftaverki að halda og það kom í líki Rússans moldríka Dmitry Rybolovlev.

Hann lofaði í fyrstu að setja 100 milljónir evra, eða 16 milljarða króna, í liðið á fjórum árum. Nú er ansi líklegt að sú upphæð endi í 200 milljónum evra.

Rússinn eyðir nefnilega peningum þessa dagana eins og þeir séu að detta úr tísku. Hann er nýbúinn að eyða 70 milljónum evra í þá Joao Moutinho og James Rodriguez hjá Porto. Hann er einnig að landa Kólumbíumanninum eftirsótta Radamel Falcao, en hann kostar rúmar 50 milljónir evra.

Falcao er svo gott sem kominn til félagsins og Rússinn verður þá búinn að eyða 120 milljónum evra í þrjá leikmenn á innan við viku. Hann er þess utan hvergi nærri hættur.

Þjálfari Monaco í dag er Ítalinn reyndi Claudio Ranieri, en undir hans stjórn komst félagið aftur upp í úrvalsdeild í vetur. Ekki mun nein meðalmennska duga þar heldur ætlar Monaco að veita meisturum PSG hraustlega keppni næsta vetur.

En hver er þessi ríki Rússi sem hefur verið tiltölulega óþekktur hingað til? Hann er ekki eins og flestir nýríkir Rússar sem urðu ríkir á olíu og gasi. Rybolovlev er nefnilega áburðarkóngur og það tók hann langan tíma að verða sterkefnaður. Fimmtán árum eftir að hafa stofnað áburðarfyrirtæki seldi hann það á um fjóra milljarða evra.

Rybolovlev, sem er menntaður lyfjafræðingur, hefur síðan verið að sinna hugðarefnum sínum. Að eiga lið AS Monaco og stýra því er einfaldlega áhugamál hjá honum. Rússinn hefur þess utan gaman af brimbrettum og listum.

Fortíð þessa moldríka manns er þó þyrnum stráð. Í lok síðustu aldar var hann ákærður fyrir morð og mátti dúsa í fangelsi í tæpt ár. Hann var þó á endanum sýknaður.

Lífið í Rússlandi var þó erfitt. Hann fékk stöðugar líflátshótanir og svo alvarlega tók hann þær að skothelt vesti var orðið hluti af hversdagsklæðnaðinum. Á endanum fékk Rybolovlev nóg og flutti til Sviss.

### Í erfiðu skilnaðarmáli

Fyrir þremur árum sótti eiginkona hans frá árinu 1987 um skilnað og fór fram á 4,6 milljarða evra frá Rybolovlev. Að hennar mati var það helmingur þess sem hann hafði grætt síðan þau giftust. Skilnaðarmálið er enn fyrir dómstólum.

Rybolovlev var í 119. sæti á síðasta lista Forbes yfir ríkustu menn heims en eiginkonan, Elena, segir að hann eigi miklu meiri peninga sem hann feli á reikningum víða um heim.

Rússinn hefur látið til sín taka á fasteignamarkaðnum í Bandaríkjunum og hann komst í fréttirnar er hann keypti glæsivillu Donald Trump á Palm Beach.

Listir eru einnig hans ær og kýr og hann er á topp 200 lista yfir helstu listaverkasafnara heims. Safn hans er í dag metið á 780 milljónir evra.

Hann hefur aðeins slakað á málverkakaupunum og er í staðinn farinn að kaupa fokdýra knattspyrnumenn og verður áhugavert að sjá hvernig það safn hans verður á endanum. henry@frettabladid.is


**Í ÞOTULIÐINU** Rybolovlev lætur iðulega sjá sig með fína fólkinu í Mónakó. Hér mætir hann á frumsýningu á myndinni The Great Gatsby. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ríkir Rússar í boltanum



Innreið moldríkra Rússa í knattspyrnuheiminn hefur ekki farið framhjá neinum. Roman Abramovich reið á vaðið er hann keypti Chelsea og byrjaði að ausa peningum í félagið.

Chelsea hefur unnið ellefu titla síðan Abramovich keypti félagið. Hann er í 50. sæti á lista Forbes yfir ríkustu menn heims.

Suleyman Kerimov keypti rússneska liðið Anzhi Makhachkala í janúar árið 2011. Hann var fljótur að kaupa háklassaleikmenn og samdi við þá um laun sem ekki höfðu áður sést í boltanum.

Alisher Usmanov á stærstan hlut í Arsenal en ólíkt kollegum sínum frá Rússlandi fer hann vel með peningana sína og er á stundum sakaður um nísku. Arsenal hefur líka frekar selt góða leikmenn en keypt þá.



HEFST 14. JÚNÍ

## BESTA SVARIÐ

Hinn eini sanni Sverrir Þór Sverrirsson, Sveppi stýrir glænýjum spurninga- og skemmtiþætti í sumar. Þátttakendur reyna að finna besta svarið við afar frumlegum spurningum um þjóðþekkta gesti þáttarins. Meðal gesta Sveppa verða Ilmur Kristjánsdóttir, Gísli Örn Garðarsson, Selma Björnsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason.




2 | 2 BÍÓ | 2 GULL | 2 krakkar | POPP TÍVÍ

Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag

# ÍSLENSK DAGSKRÁ
# Í ALLT SUMAR

BYRJAÐU SUMARIÐ Í FRÁBÆRUM FÉLAGSSKAP Á STÖÐ 2




**FÁÐU MEIRA ÚT ÚR SJÓNVARPINU**

Ert þú með HD sjónvarp? Tryggðu þér aðgang að frábærri dagskrá í bestu mögulegu myndgæðum.

SUNNUDAGSKVÖLD

## TOSSARNIR

Brottfall úr framhaldskólum á Íslandi er eitt það mesta í Evrópu. Í Tossunum fylgir Lóa Pind fimm einstaklingum á ýmsum aldri sem hafa flosnað úr skóla eða eru líklegir til þess. Jón Gnarr, borgarstjóri er meðal þeirra.






MIÐVIKUDAGSKVÖLD

## HIÐ BLÓMLEGA BÚ

Meistarakokkurinn Árni Ólafur lifir af landinu uppi í Borgarfirði, kynnir fyrir okkur íslenska matarmenningu og hefðir með heimaræktuðu hráefni. Nýstárlegur og skemmtilegur matreiðsluþáttur.

FIMMTUDAGSKVÖLD

## GRILLAÐ MEÐ JÓA FEL

Jói Fel er mættur aftur og að þessu sinni ætlar hann að kenna okkur hvernig á að bera sig að við útigrillið í eitt skipti fyrir öll.



FÍTON / SÍA



NÝ ÞÁTTARÖÐ

HEFST 23. JÚNÍ

## PÖNK Í REYKJAVÍK

Þegar Jón Gnarr var pönkari sem hékk á Hlemmi átti hann ekki von á því að verða borgarstjóri einn daginn. Þættirnir eru fjórir talsins og voru gerðir í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna.

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is

2 HD

# DAGSKRÁ

> **Stöð 2 kl. 20.05**

**Modern Family**

Það er komið að bráðskemmtilegum lokaþætti í fjórðu þáttaröð af Modern Family. Núna heldur allt gengið til Flórída eftir að Phil missir móður sína en sorgin er fljót að gleymast þegar þau heyra hinstu ósk hennar.



## Í KVÖLD



**Castle**

**RÚV KL. 21.15** Rithöfundurinn Richard Castle og Kate Beckett, yfirmaður morðdeildar lögreglunnar í New York, halda áfram að vinna saman og reyna að hafa hendur í hári morðingja.

TV.COM 9,0 IMDb 8,2



**Elementary**

**SKJÁR 1 KL. 22.00** Maður lætur lífið úr því er að virðist, hjartaáfalli. Annað kemur þó í ljós og þegar Sebastian Moran, betur þekktur sem M, segir Sherlock að maðurinn sé í raun fórnarlamb Moriarty fer spæjarinn á fullt til að leysa málið.

TV.COM 8,3 IMDb 7,6



**Two and a Half Men**

**STÖÐ 2 KL.20.50** Alan og Walden lenda í hörkurifrildi yfir brauðrist. Í kjölfarið flytur Alan út og sér þann kost vænstan að leita á náðir Herbs og flytur inn til hans, í húsið sem hann bjó eitt sinn í sjálfur með Judith.

TV.COM 8,4 IMDb 7,0

**K 100.5 kl.10.00**

**Einar Ágúst**

Tónlistarmaðurinn sprækri Einar Ágúst spilar vinsæla tónlist og fer yfir það helsta sem er í gangi í samfélaginu á hverjum degi milli klukkan 10 og 14.




FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Norðurbrú 5 – Sjálandi Garðabæ
3ja herb. íbúð á 2. hæð

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00




Falleg 87,1 fm. íbúð á 2. hæð auk 7,9 fm. sér geymslu í kjallara og sér stæðis í bílageymslu í góðu lyftuhúsi í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, opið eldhús með eikarinnréttingum, stofu með útsýni til sjávar, tvö herbergi og flísalagt baðherbergi. Fallegs útsýnis nýtur af svölum til sjávar og að ylströndinni. **Verð 29,9 millj**
**Íbúðin verður til sýnis í dag. Íbúð merkt 0206. Verið velkomin**

FASTEIGNAKAUP
Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is
Erna Valsdóttir löggiltur fast., skipa og fyrirtækjasali – leigumiðlari.

OPIÐ HÚS að Kríunesi 12, Garðabæ, miðvikudaginn 29. maí, kl. 17.00 - 17:30.




Fasteignakaup kynnir: Einstaklega hlýlegt og gott 282,8 fm. einbýlishús auk sérstæðs 45,5 fm. bílskúrs við Kríunes í Garðabæ. Um er að ræða hlýlegt danskt Hospy-hús, viðhaldslítið timbureiningahús með múrsteinsklæðningu. Eignin er á 913 m2 eignarlóð. Lóðin er einkar skjólgóð og garðurinn gróinn. Frábært fjölskylduhús á góðum stað í Garðabæ, húsinu má einfaldlega lýsa sem litlili Danmörk á Arnarnesinu. Fallegt útsýni er fá húsinu. **TILBOÐ**
Erna Valsdóttir lögg.fast. verður á staðnum og tekur á móti áhugasömum.
Sími 892-4717 eða e-mail: erna@fasteignakaup.is

Sími 515 0500 • www.fasteignakaup.is




STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Félag Fasteignasala
vísir


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(11:22)*
**08.30 Ellen** *(154:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(90:175)*
**10.15 Wonder Years** *(6:23)*
**10.40 Gilmore Girls** *(11:22)*
**11.25 Up All Night** *(17:24)*
**11.50 The Amazing Race** *(11:12)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** *(7:37) (8:37)*
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Victorious**
**15.55 Njósnaskólinn** *(12:13)*
**16.25 Ellen** *(155:170)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(11:23)*
**19.40 New Girl** *(8:25)* Önnur þáttaröð.
**20.05 Modern Family** Fjórða þáttaröðin af fjölskyldunum þremur og bráðfyndnum aðstæðum sem þau lenda í hverju sinni.
**20.30 How I Met Your Mother** *(24:24)* Sjöunda þáttaröðin um þau Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.
**20.50 Two and a Half Men** *(18:23)* Tíunda þáttaröðin um feðgana Alan og Jack og milljónamæringinn Walden sem kom óvænt inn í líf þeirra.
**21.15 White Collar** *(10:16)* Þriðja þáttaröðin um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
**22.00 Weeds** *(7:13)* Sjötta þáttaröðin um hina úrræðagóðu Nancy Botwin, sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.
**22.25 The Daily Show: Global Editon**
**22.50 Go On** *(17:22)*
**23.15 Grey's Anatomy** *(24:24)*
**00.00 Lærkevej** *(1:10)*
**00.45 Philanthropist** *(5:8)*
**01.30 If I Had Known I Was a Genius**
**04.45 Numbers** *(11:16)*
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## BÍÓ

**11.50 Einstein & Eddington**
**13.25 Nanny McPhee**
**14.55 The Women**
**16.50 Einstein & Eddington**
**18.25 Nanny McPhee**
**20.05 The Women**
**22.00 Contagion**
**23.45 The Edge**
**01.40 The Terminator**
**03.25 Contagion**

## GULL

**20.00 Hamingjan sanna** *(5:8)*
**20.40 Cold Feet** *(4:7)*
**21.35 Footballers Wives** *(3:9)*
**22.25 Breaking Bad** *(1:7) (2:7)*
**00.15 Hamingjan sanna** *(5:8)*
**00.50 Cold Feet** *(4:7)*
**01.45 Footballers Wives** *(3:9)*
**02.35 Tónlistarmyndbönd**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin 2013**
**15.00 KR - Breiðablik**
**16.50 Pepsi mörkin 2013**
**18.10 Þýskaland: Neuhausen - RN Löwen**
**19.50 Vesturdeildin: Memphis - San Antonio, leikur 3**
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Dortmund - Bayern**
**23.40 2013 Augusta Masters samantekt**
**00.30 Austurdeildin: Indiana - Miami - leikur 4** BEINT

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Crystal Palace - Watford**
**17.55 Crystal Palace - Watford**
**19.55 Fulham - Reading**
**21.35 PL Classic Matches: Tottenham - Everton, 2002**
**22.05 Goals of the Season**
**23.00 Football League Show**
**23.30 Premier League World**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.10** Skógardýrið Húgó **07.35** Refurinn Pablo **07.40** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.00** Svampur Sveinsson **08.25** Könnuðurinn Dóra 08.50 UKI **08.55** Waybuloo **09.15** Strumparnir **09.40** Áfram Diego, áfram! **10.05** Histeria! **10.25** Skógardýrið Húgó **10.50** Brunabílarnir **11.15** Doddi litli og Eyrnastór **11.25** Njósnaskólinn **11.50** Sorry I've Got No Head **12.20** Ofuröndin **12.40** iCarly **13.05** Victorious **13.25** Big Time Rush **13.50** Lalli **14.05** Refurinn Pablo **14.10** UKI **14.25** Strumparnir **14.50** Waybuloo **15.10** Svampur Sveinsson **15.35** Könnuðurinn Dóra **15.55** Áfram Diego, áfram! **16.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.40** Histeria! **17.05** Skógardýrið Húgó **17.25** Brunabílarnir **17.50** Doddi litli og Eyrnastór **18.00** Kalli kanína og félagar **18.20** Njósnaskólinn **18.40** Ofuröndin **19.00** iCarly **19.20** Victorious **19.40** Big Time Rush

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(1:22)*
**17.20 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Pretty Little Liars** *(17:22)* Dramatískir spennuþættir um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að varðveita skelfilegt leyndarmál.
**19.00 Friends**
**19.25 Two and a Half Men** *(20:24)* Jake sekkur sér í tónlistina þar sem hann spilar aftur og aftur sama lagið súr á svip.
**19.45 Simpson-fjölskyldan**
**20.05 Crusoe** *(7:13)* Ævintýralegir spennuþættir sem byggðir eru á klassískri sögu Daníels Defoe um mann að nafni Robinson Crusoe.
**20.50 FM 95BLÖ**
**21.10 Smallville** *(22:22)* Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum.
**21.55 Hellcats** *(18:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í keppnisfullan heim klappstýra.
**22.40 The Vampire Diaries** *(1:22) (2:22)*
**00.10 Crusoe** *(7:13)*
**00.55 FM 95BLÖ**
**01.20 Smallville** *(22:22)*
**02.05 Hellcats** *(18:22)*
**02.50 The Vampire Diaries** *(1:22) (2:22)*
**04.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## RÚV

**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Þýsk þáttaröð um ástir og afbrýði eigenda og starfsfólks á Hótel Fürstenhof í Bæjaralandi.
**17.20 Teitur**
**17.30 Sæfarar**
**17.41 Leonardo**
**18.09 Teiknum dýrin**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Magnus og Petski** *(3:12) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Í garðinum með Gurrý** *(4:6) (Ávaxtatré og kryddjurtir)* Garðyrkjuþáttaröð í umsjón Guðríðar Helgadóttur.
**20.40 Golfið** *(1:12)* Golfþættir fyrir alla fjölskylduna þar sem fjallað er um almennings- og keppnisgolf og leitast við að fræða áhorfandann um íþróttina.
**21.15 Castle** *(8:24)* Bandarísk þáttaröð.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Skylduverk** *(5:5) (Line of Duty)* Breskur sakamálamyndaflokkur um ungan lögreglumann sem ásamt starfssystur sinni er falið að rannsaka spillingu innan lögreglunnar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Spilaborg** *(5:13) (e)*
**00.15 Kastljós** *(e)*
**00.45 Fréttir**
**00.55 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos**
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(6:25)*
**08.15 Cheers** *(11:22)*
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 The Ricky Gervais Show** *(5:13)*
**17.15 Family Guy** *(5:22)*
**17.40 Dr. Phil**
**18.20 Parenthood** *(8:18)*
**19.35 Everybody Loves Raymond** *(7:25)*
**19.55 Cheers** *(12:22)* Endursýningar frá upphafi á þessum vinsælu þáttum.
**20.20 Design Star** *(9:10)* Skemmtilegir þættir þar sem hönnuðir fá erfið verkefni og sá sem færastur er stendur uppi sem sigurvegari.
**21.10 The Mob Doctor** *(3:13)* Hörkuspennandi þáttur sem fjallar um skurðlækninn Grace sem skuldar mafíuforingja greiða.
**22.00 Elementary** *(21:24)* Vinsælir bandarískir þættir sem fjalla um besta einkaspæjara veraldar, sjálfan Sherlock Holmes.
**22.45 Hawaii Five-O** *(14:24)* Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Hawaii.
**23.35 CSI** *(21:22)* CSI eru einir vinsælustu þættir frá upphafi á SkjáEinum.
**00.25 Beauty and the Beast** *(15:22)*
**01.10 Excused**
**01.35 The Mob Doctor** *(3:13)*
**02.25 Elementary** *(21:24)*
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** Crowne Plaza Invitational **2013** *(2:4)* **11.00** Golfing World **11.50** Golfing World **12.40** BMW PGA Championship *(1:2)* **16.40** LPGA Highlights *(6:20)* **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights *(21:45)* **19.45** BMW PGA Championship *(2:2)* **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film **1986 23**.45 ESPN America

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

TILBOÐSVERÐ TIL MAÍLOKA

# ELDHÚSDAGAR í ORMSSON




**20% afsláttur** ***af öllum HTH innréttingum í maí!***

## ELDHÚSIÐ ER HJARTA HEIMILISINS

**HTH** er metnaðarfullt danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á innréttingum í eldhús og baðherbergi – auk fataskápa.

**HTH** er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun og danskt handverk eftirsótt og mikils metið um heim allan.

Komdu og upplifðu af eigin raun þá snilld, þegar saman fer listræn sýn hönnuða, nákvæmar og framúrstefnulegar lausnir, framleiðsla sem stenst fyllilega allan samanburð og uppfyllir ströngustu gæða- og umhverfisstaðla.

***Velkomin í ORMSSON LÁGMÚLA 8*** og kynnist því nýjasta og flottasta í eldhúsinnréttingum frá **HTH** – og því heitasta í **AEG** eldhústækjum. Við hönnum án skuldbindinga fyrir þig tillögur að nýja draumaeldhúsinu þínu og gerum þér ***frábært verðtilboð***.

**20%** afsláttur af hágæða **AEG** eldhústækjum*

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

*með kaupum á HTH eldhúsinnréttingum

ORMSSON

***Opið:***
Mánudaga–föstudaga frá kl. 10-18, lokað laugardaga.

ORMSSON **AKUREYRI** / Furuvöllum 5 · Sími 461-5000

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · 2. HÆÐ · SÍMI: 530-2819 & 530-2821

## SUMARFRÍIÐ



**„Ég á ekkert sumarfrí svo ég tek alltaf haustfrí í staðinn. Ég fer líklega í frí í október og ætla þá að halda suður á bóginn þar sem enn er sæmilega hlýtt. Ég er ekki alveg búinn að ákveða hvert ég ætla í ár, en jafnvel til Sikileyjar að taka myndir og leika mér.“**

Ari Sigvaldason, myndasmiður.

# Má ekki kalla sig Íslandsmeistara

Spánverjinn Jorge Fonseca vann Íslandsmótið í kotru annað árið í röð en má ekki titla sig Íslandsmeistara.

„Það er allt í lagi þótt ég fái ekki bikarinn. Það er bara gaman að spila með,“ segir Spánverjinn Jorge Fonseca.

Hann bar sigur úr býtum á Íslandsmótinu í kotru í Þjóðmenningarhúsinu á sunnudaginn. Þrátt fyrir það getur hann ekki titlað sig sem Íslandsmeistara vegna þess að hann er spænskur ríkisborgari. Í staðinn er Fjalarr Páll Mánason Íslandsmeistari þrátt fyrir að hafa beðið lægri hlut fyrir Jorge í úrslitunum.

Jorge flutti til Íslands fyrir sex árum og starfar sem forritari. „Ég hef alltaf haft áhuga á spilum. Kotra er eins konar blanda af skák og póker. Um leið og ég byrjaði að læra þetta fannst mér þetta skemmtilegt spil.“

Jorge vann Íslandsmótið einnig í fyrra og í hitteðfyrra deildi hann efsta sætinu með öðrum spilara. Fyrsta árið sem hann tók þátt, 2010, tapaði hann úrslitaleiknum.

Mótshaldarinn Stefán Freyr Guðmundsson segir Jorge mjög góðan. „Það er töluvert stór heppnis-„faktor“ í þessu spili og það er mjög auðvelt að misstíga sig, sem gerir þetta enn merkilegra,“ segir hann um árangur Spánverjans.

**84** kotruspilarar eru á stigalista Kotrusambands Íslands og hafa tekið þátt í mótum sambandsins.

Sjálfur vonast Jorge til að fá íslenskan ríkisborgararétt á næsta ári. Þá á hann loksins möguleika á að hampa Íslandsmeistarabikarnum. **- fb**



**SIGURVEGARI** Jorge Fonseca hefur unnið Íslandsmótið í kotru tvö ár í röð.




# Mikil pressa í náminu

Lilja Rúriksdóttir er fyrsti íslenski dansarinn til að útskrifast úr hinum virta listaskóla Juilliard. Hún lauk fjögurra ára ballettnámi við skólann fyrir helgi og segir það hafa verið strembið enda mikil samkeppni í skólanum.

„Það er skrýtið að vera búin með þetta nám en þetta hafa verið skemmtileg ár,“ segir ballettdansarinn Lilja Rúriksdóttir, sem útskrifaðist sem Bachelor of Fine Arts frá dansbraut listaskólans Juilliard í New York fyrir helgi.

Lilja er fyrsti íslenski dansarinn til að útskrifast frá Juilliard, sem er einn virtasti listaháskóli í heimi. Hún segir námið hafa verið strembið og mjög miklar kröfur verið gerðar til nemenda af kennurum skólans. „Það var aldrei í boði að eiga slæman dag. Þeir vildu aðeins það besta frá okkur á hverjum degi. Álagið var extra mikið núna á lokaönninni og maður var eiginlega ekki viss hvort maður hefði þetta af,“ segir Lilja, sem viðurkennir að vegna þessa komi nemendur mjög færir út úr skólanum. „Við vorum 21 dansari saman í bekk. Mjög samheldinn hópur enda búin að eyða hverjum degi saman síðustu fjögur árin. Auðvitað var líka mikil samkeppni eins og gengur.“

**9** tímar fóru í æfingar á dag hjá Lilju á meðan á náminu stóð.

Lilja fær nú eins árs atvinnuleyfi í Bandaríkjunum og stefnir því á að dvelja þar í landi næsta árið. Hún hefur fengið tilboð frá danshöfundi í New York um að taka þátt í verkefnum á hans vegum og auk þess stefnir hún á að frumsýna dansverk úr eigin smiðju í október. „Ég ætla að nýta mér atvinnuleyfið og prófa mig áfram í bransanum hérna úti, en námið opnar ýmsar dyr fyrir mann í þeim efnum.“

Nú er hins vegar komið að kærkomnu fríi fyrir Lilju, sem heldur til Flórída á miðvikudaginn ásamt fjölskyldu sinni sem að sjálfsögðu var viðstödd útskriftina á föstudaginn. „Nú ætla ég bara að njóta þess að þessum áfanga sé lokið.“

alfrun@frettabladid.is



**STREMBIÐ NÁM AÐ BAKI** Lilja Rúriksdóttir ætlar í frí til Flórída til fagna útskrift sinni frá hinum virta listaskóla Juilliard síðastliðinn föstudag, en hún er fyrsti íslenski dansarinn til að útskrifast frá skólanum.

## Einn sá virtasti í heimi

- ➜ Stofnaður árið 1905 og kennir um 800 nemendum dans, leiklist og tónlist.
- ➜ Strangt inntökuferli. Árið 2007 sóttu 2.138 nemendur um pláss í skólanum en 162 voru teknir inn.
- ➜ Kelsey Grammer, Val Kilmer og Robin Williams eru meðal þeirra leikara sem hafa útskrifast úr skólanum.
- ➜ Þorvaldur Davíð Kristjánsson útskrifaðist af leiklistarbraut skólans árið 2011.



**Á ÆFINGU** Hér má sjá Lilju ásamt bekknum sínum á æfingu í Juilliard.




# Leita að rokkaðasta húðflúrinu

Íslenski rokkbarinn í Hafnarfirði blæs til keppni í rokkuðum húðflúrum.

„Flestallir rokkarar eru með mikið af tattúum þannig að okkur fannst sniðugt að halda smá keppni,“ segir Magnús Þór Magnússon, einn af eigendum Íslenska rokkbarsins í Hafnarfirði.

Barinn, sem var opnaður í Dalshrauni fyrir fjórum mánuðum, er að leita að rokkaðasta húðflúri landsins í samstarfi við Bleksmiðjuna. Skráning kostar eitt þúsund krónur og senda þarf póst með mynd af flúrunum. Hinn 15. júní fer svo keppni fram á barnum þar sem barist verður um þrjú verðlaunasæti. Þrír dómarar frá húðflúrstofu annast dómgæsluna.

„Eftir allan þennan sársauka sem menn og konur eru búin að leggja á sig hlýtur að vera gaman að fá verðlaun fyrir flottasta tattúið,“ segir Magnús Þór.

Þeir sem vilja taka þátt í keppninni skulu leggja 1.000 krónur inn á reikninginn 701-26-6922, kt. 500310-1030. Þeir senda svo tölvupóst á Islrokkbarinn@live.com til staðfestingar með fullu nafni og mynd af flúrunum. **- fb**



**LEITA AÐ ROKKUÐUM HÚÐFLÚRUM** Magnús Þór og Kristrún Elíasdóttir hjá Íslenska rokkbarnum leita að rokkuðum húðflúrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


ÞRIÐUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og laufléttan botn.
VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
FÍTON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

9 771670 387005

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Í Spinal Tap-martröð

Einleikurinn Laddi lengir lífið hefur flakkað á milli þriggja sala í Hörpu vegna þess að bregðast þurfti við mikilli aðsókn með því að færa hann í stærri sal. Búningsherbergi **Ladda** er þó alltaf á sama stað og það gerðist nú um helgina að þegar hann var kallaður á svið skundaði hann í átt að þeim sal sem hann taldi sýninguna eiga að fara fram það kvöldið. Í staðinn gekk hann inn í tóman sal. Áhorfendur biðu hans þó annars staðar í húsinu og töfin varð því lítil. „Mér leið eins og ég væri staddur í Spinal Tap-martröð þarna, gekk gangana endilanga að leita að sviðinu. Þetta er allt pínu ruglingslegt þarna á bakvið en ég rataði nú sem betur fer á endanum,“ segir Laddi hress. Einleikurinn fer í frí í sumar en snýr aftur í haust. *- fb*



### Heiða og Berglind ferðast um landið

Tónlistarkonurnar **Heiða Eiríks** og Berglind Ágústsdóttir hafa snúið bökum saman og ætla í tónleikaferð um landið í næstu viku. Þær spila báðar frumsamda tónlist en á mjög ólíkan hátt. Synir þeirra, sem eru ellefu og þrettán ára, fara með í tónleikaferðina um Ísland, sem ráðgert er að taki eina viku. Stöllurnar fengu ferðastyrk frá tónlistarsjóðnum Kraumi og verður ókeypis inn á alla tónleikana. Þær munu byrja ferðalagið í Langaholti á Snæfellsnesi á mánudagskvöld. Þaðan fara þær á Strandir, til Akureyrar, á Seyðisfjörð og í Neskaupstað. *- þeb*



## Mest lesið vísir

1. Blæs risasköflum burt eftir minni af Mjóafjarðarheiði
2. Neyddust til þess að skila bronsverðlaununum
3. Vill einhver elska 49 ára gamla konu?
4. Vitni í morðmálinu: „Við höfðum það notalegt allt kvöldið“
5. Formaður Landverndar: „Við skulum bara vona að þetta hafi verið byrjendamistök“





FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM - FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM - FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

# Gerðu gæða- og verðsamanburð




Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!

- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.

**Frábær hönnun**

- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.

- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun

**Frábært tilboð**
fyrir þá sem bíða eftir næstu sendingu

REVERIE 7S Supreme 2 x 90x200 cm
Verð áður kr. 569.900.-
**Verð nú kr. 499.900.-**

REVERIE 3E Essential 2 x 90x200 cm
**Verð kr. 399.900.-**

Kíktu á www.reverie.com



## Saga / Freyja
Millistíf dýna Stíf dýna

**Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður lágbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.**

| Stærð | Með PU leðurbotni stgr. |
| --- | --- |
| 153x203 | 144.900 kr. |
| 160x200 | 149.900 kr. |
| 180x200 | 169.900 kr. |
| 180x210 | 179.900 kr. |

## IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
**Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning.**
**Einnig úrval af heilsukoddum**

*3.5% lántökugjald

12 mán. vaxtalausar greiðslur*







Svefn & heilsa ★★★★★

**Fimm stjörnu verslun**
**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
**www.svefn.is**

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum